



Ársskýrsla UMSK 2025
102. héraðsþing 26. mars 2026





Ávarp formanns	5
Stjórn	6
Fjöldi þingfulltrúa	7
Aðildarfélög UMSK	8
Úr starfi UMSK	10
101. héraðsþing UMSK 2024	13
Fjöldatölur á starfssvæði UMSK	14
Úthlutað úr sjóðum UMSK	16
Íslensk getsþá og Íslenskar getraunir.....	17
Úthlutun Lottó, aukaarðgreiðslna ÍSÍ/UMFÍ og aukagreiðslu UMSK	18
Fréttapunktur ÍSÍ	21
Fréttapunktur UMFÍ	24
Frá félögunum	27
Ársreikningur UMSK.....	44

Skýrslan

Skýrsla 2025, lögð fram á 102. héraðsþingi Ungmennasambands Kjalarnesþings var unnin á skrifstofu UMSK af Victori Inga Olsen í mars 2026.

Umbrot og hönnun: Magnús Óskarsson

Höfundar efnis: Victor Ingi Olsen • Jón Aðalsteinn Bergsveinsson • Guðmundur Sigurbergsson

Aðildarfélög UMSK

Ljósmyndir: Úr safni UMSK, UMFÍ, ÍSÍ og frá aðildarfélögum.

Prentun: Svansprent





Kæru félagar

Nú tekur daginn að lengjast og veturinn sem við höldum að kæmi ekki í þetta skiptið hefur minnt á að hann er ekki dauður úr öllum æðum.

En með aukinni birtu, hækkandi sól og gróðurinn tekur við sér mætti ætla að íþróttalífið tæki líka við sér. En nú eru flestar íþróttagreinar orðnar heilsársport og kraftmiklir og metnaðarfullir íþróttamenn láta árstíðirnar ekki segja sér fyrir verkum enda sjáum við árangur þeirra batna ár frá ári. Vissulega er það svo að aðstaða til íþróttaiðkunar hefur batnað mikið og eiga margir íþróttamenn þess nú kost að æfa inni yfir myrkasta og kaldasta tíma ársins. Þá eru einnig ótaldir þeir afreksmenn og konur sem æfa erlendis og leggja mikið undir til að ná sem bestum árangri.

Nýstofnuð afreksmiðstöð Íslands mun án efa efla okkar fremsta íþróttafólk enn frekar og skila okkur Íslendingum árangri á heims-mælikvarða innan ekki svo langs tíma.

Innan vébanda UMSK var árið að venju fengsælt. Framúrskarandi árangur náðist innanlands og utan. Met voru slegin og titlar unnust. Við vonum öll að svo verði áfram.

Engu að síður er það svo að við stöndum frammi fyrir ýmsum áskorunum sem leiða þarf til lykta. Ein þeirra eru skattmál íþróttahreyfingarinnar. Flestum er kunnugt um bréfaskriftir skatt-yfirvalda til íþróttafélaga þar sem minnt var á að allir starfsmenn íþróttafélaga skyldu vera launþegar og jafnframt ítrekað það álit skatt-yfirvalda að verktakasamband ætti ekki við í þjálfun eins og verið hefur uppistaðan í greiðslu fyrir þjálfun. Við forsvarsmenn

íþróttahéraða á höfuðborgarsvæðinu höfum bent á að verði þessari túlkun fylgt eftir af fullum þunga muni það leiða til verulegs kostnaðarauka fyrir félögin. Sá kostnaður mun óhjákvæmlega færað yfir á iðkendur og fjölskyldur þeirra í formi hærri æfingagjalda, sem getur dregið úr þátttöku barna og ungmenna í íþróttum.

Ef ekki verður brugðist við með skynsamlegum hætti er hætt á að þessi breyting grafi undan rekstrargrundvelli íþróttafélaga og veiki þar með eina mikilvægustu stoð lýðheilsu og uppeldisstarfs í landinu.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að fjölgreinafélögin á höfuðborgarsvæðinu eru stór fyrirtæki á íslenskan mælikvarða hvort heldur sem lítið er til veltu eða starfsmannafjölda. Ég á ekki von á öðru en það komi mörgum á óvart að stærsta fjölgreinafélagið innan UMSK greiðir á fimmta hundrað manns laun um hver mánaðamót. Það gefur augaleið að eigi gera alla að launþegum þarf að bæta við starfsmönnum í launaumsýslu með tilheyrandi kostnaðarauka. Fjármál félaganna eru almennt með þeim hætti að þau geta ekki borið þennan kostnaðarauka að óbreyttu.

Það er því brýnt að stjórnvöld taki tillit til sérstöðu íþróttahreyfingarinnar og vinni með henni að lausn sem er bæði lögmæt og raunhæf í framkvæmd.

Skipting Lottótekna hefur um langa tíð verið bitbein innan íþróttahreyfingarinnar. Því var það fagnaðarefni þegar samstaða náðist meðal allra íþróttahéraða um breytta skiptingu þessara fjármuna. Nýjar reglugerðir voru samþykktar samhliða á þingum ÍSÍ og UMFÍ fyrir tveimur árum í kjölfar ítarlegra kynninga þar sem áhrif breytinganna voru reiknuð á hvert hérað

Þó hlutdeild UMSK hafi dregist eilítið saman við breytingarnar þá eru reglurnar núna einfaldar, samræmdar og byggja á sanngjörnum opinberum mælikvörðum.

Það kom því nokkuð á óvart á Sambandsþingi UMFÍ nú í haust þegar lögð var fyrir þingið ný tillaga um breytta skiptingu lottótekna með vísan í skertan hlut nokkurra héraða ef lítið væri fram hjá framlagi vegna svæðisstöðva. Skv. lögum UMFÍ hefði tillagan þurft samþykki aukins meirihluta atkvæða sem hún hafði ekki og úr var að hún var dregin til baka. Undir umræðum um hana var þó lagt til að útbúa sérstakan „Björgunarpakka“ þar sem stjórn UMFÍ yrði falið að deila út samtals 60 milljónum króna úr sameiginlegum sjóðum sambandsins til þeirra sambandsaðila sem hlutu skertan hlut við áður nefnda breytingu á lottóskiptingu. Við ákveðna ringulreið sem skapaðist undir lok þings var að lokum

samþykkt að gera breytingu á fjárhagsáætlun UMFÍ þar sem stjórn var gert heimilt að deila út þessum fjármunum.

Þetta kom mörgum okkar spáskt fyrir sjónir. Ekki síst fyrir þær sakir að útreikningar í þeim kynningum sem gerðar voru í undirbúningi breytinganna fyrir 2 árum og raunveruleg skipting tekna innan hreyfingarinnar eftir breytingarnar var í algjörum takti og því ekkert sem ætti að koma á sérstaklega á óvart.

Niðurstaðan úr vinnu stjórnar UMFÍ hvað varðar útdelingu þessa fjármuna var svo sú að öll íþróttahéruð sem hlutu skerðingu á beinum greiðslum til sín við breytingarnar fengu viðbótarfjármagn, að einu héraðsambandi undanskildu, UMSK.

Nú eru það svo sem ekki nýjar fréttir að UMSK sé skert þegar kemur að úthlutun lottótekna. Það sem er hins vegar alvarlegra að mínu mati er að á þinginu í Stykkishólmi var opnað fyrir þann möguleika að einfaldur meirihluti þingfulltrúa geti skammtað sér fé úr sjóðum UMFÍ með breytingartillögu við fjárhagsáætlun. Slík framkvæmd veikir fyrirsjáanleika í fjármögnun íþróttahéraða og getur grafið undan trausti til kerfisins í heild. Ef þessi leið verður farin áfram er hætt á að fjárhagslegar undirstöður UMFÍ veikist til lengri tíma, þar sem ákvarðanir um úthlutun fjármuna færað frá málefnalegum og gagnsæjum reglum yfir í tímabundnar pólitískar niðurstöður hverju sinni.

Það er alveg ljóst að á komandi þingi, eftir tæp tvö ár, mun staðan ekki hafa breyst. Þörfin verður áfram að sumra mati knýjandi á nýjum „Björgunarpakka“ og sökum þess hvernig leyst var úr málum á þinginu í Stykkishólmi er vandséð hvernig snúið verður til baka af þeirri braut.

Það er hins vegar þannig að faglegt íþróttastarf er kostnaðarsamt og það ekki bara á landsbyggðinni. Reglulega heyrir maður það samt á máli sumra landsbyggðarfulltrúa að á höfuðborgarsvæðinu drjúpi smjör af hverju strái og því sé þörfin þar á lottótekjum lítil. Ég á þó ekki von á öðru en íþróttahéruðin á höfuðborgarsvæðinu muni styðja UMSK í andstöðu sinni við fleiri „björgunarpakka“. Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra að tryggja stöðugleika, sanngirni og gagnsæi í ráðstöfun fjármuna innan hreyfingarinnar.

Að lokum vil ég þakka aðildarfélögunum og forsvarsmönnum þeirra, stjórn UMSK og framkvæmdastjóra sambandsins fyrir gott og farsælt samstarf á árinu og óska þeim öllum góðs gengis og farsældar á nýju starfsári

Guðmundur G. Sigurbergsson, formaður UMSK



Formaður
Guðmundur Sigurbergsson.



Varaformaður
Lárus B. Lárusson.



Gjaldkeri
Þorsteinn Þorbergsson.



Ritari
Margrét Dögg Halldórsdóttir



Meðstjórnandi
Geirarður Long



Varastjórn
Matthildur Bára Stefánsdóttir



Varastjórn
Rakel Másdóttir



Varastjórn
Sigurjón Sigurðsson



Framkvæmdastjóri
Victor Ingi Olsen
umsk@umsk.is
sími 5144090 / 6189300

Dagskrá 102. héraðsþingi UMSK

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosning þingforseta.
- 3 Kosning þingritara.
- 4 Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- 5 Skýrsla stjórnar lögð fram.
- 6 Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
- 7 Ávörp gesta.
- 8 Álit kjörbréfanefndar.
- 9 Staðfesting á aðild nýrra félaga.
- 10 Umræður um skýrslu stjórnar.
- 11 Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
- 12 Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
- 13 Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
- 14 Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
- 15 Aðrar tillögur lagðar fram.
- 16 Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
- 17 Afgreiðsla á álit nefnda.
- 18 Önnur mál.
- 19 Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
- 20 Kosning formanns.
- 21 Kosning tveggja stjórnarmanna.
- 22 Kosning þriggja manna í varastjórn.
- 23 Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
- 24 Kosning annarra embætta ef þurfa þykir
- 25 Þingslit.

Fjöldi þingfulltrúa á 102. héraðsþingi UMSK 2025

Félag Fjöldi fulltrúa

Augnablik	3
Bogfímifélagið Boginn	3
Borðtennisfélag Mosfellsbæjar	1
Dansfélagið Hvönn	5
Dansíþróttafélag Kópavogs	6
Fótboltafélagið Einherjar	1
Golfklúbbur Álfтанess	4
Golfklúbbur Kópav. og Garðab.	9
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	9
Golfklúbbur Ness	8
Golfklúbburinn Oddur	9
Handknattleiksfélag Kópavogs	9
Hestaíþróttafélagið Hörður	5
Hestamannafélagið Adam	1
Hestamannafélagið Sóti	1
Hestamannafélagið Sprettur	9
Hnefaleikafélag Auðbrekku	1
Hnefaleikafélag Kópavogs	4
Hnefaleikafélagið Haförn	1
Hvíti riddarinn	1
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	1
Íþróttafélagið Gerpla	9
Íþróttafélagið Glóð	1
Íþróttafélagið Gróttu	9
Íþróttafélagið Þorlákur	1
Júðófélag Garðabæjar	1
Karatefélag Garðabæjar	1
Knattspyrnufélag Bjarnastaða	1

Félag Fjöldi fulltrúa

Knattspyrnufélag Garðabæjar	1
Knattspyrnufélag Kópavogs	1
Knattspyrnufélagið Álafoss	1
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	1
Knattspyrnufélagið Kría	1
Knattspyrnufélagið Miðbær	1
Knattspyrnufélagið Smári	1
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	1
Krikketklúbbur Garðabæjar	1
Krikketklúbbur Kópavogs	1
Krummar BMX	1
Lyftingafélag Kópavogs	1
Pílufélag Garðabæjar	1
Pílufélag Kópavogs	1
Rugbyfélagið Stormur	1
Siglingafélagið Ýmir	3
Siglingarklúbburinn Vogur	1
Skotíþróttafélag Kópavogs	6
Skylmingafél. Seltjarnarness	1
Stál-úlfur	1
Taekwondofélag Kópavogs	1
Tennisfélag Garðabæjar	3
Tennisfélag Kópavogs	9
Umf. Afturelding	7
Umf. Álfтанess	2
Umf. Stjarnan	9
Umf. Breiðablik	9
Vélhjólaiþróttakl. Mosfellsb.	3

Samtals

184



Aðildarfélag UMSK



Augnablik

Félagið stofnað: 1981
Formaður: Sigmar Ingi Sigurðarson
Iðkanir: 51
Félagsmenn: 285



Bogfímifélagið Bogninn

Félagið stofnað: 10. júlí 2012
Formaður: Oliver Ormar Ingvarson
Iðkanir: 650
Félagsmenn: 650

Borðtennisfélag Mosfellsbæjar

Félagið stofnað: 6. september 2023
Formaður: Júlíus Finnbogason
Iðkanir: 11
Félagsmenn: 11



Dansfélagið Hvönn

Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hildur Ýr Arnarsdóttir
Iðkanir: 910
Félagsmenn: 910



Dansípróttafélag Kópavogs

Félagið stofnað: 01.12.2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir
Iðkanir: 611
Félagsmenn: 1.081



Einherjar

Félagið stofnað: 2009
Formaður: Gabríel Andri Hafþórsson
Iðkanir: 80
Félagsmenn: 80



Krikketklúbbur Garðabæjar

Félagið stofnað: 2021
Formaður: Jegadeesh Subramaniam
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1



Golfklúbbur Álftaness

Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Einar Georgsson
Iðkanir: 441
Félagsmenn: 441



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar

Félagið stofnað: 24. mars 1994
Formaður: Jón Júlíusson
Iðkanir: 2973
Félagsmenn: 2973



Golfklúbbur Mosfellsbæjar

Félagið stofnað: Desember 2014
Formaður: Kári Tryggvason
Iðkanir: 2914
Félagsmenn: 2914



Golfklúbbur Ness

Félagið stofnað: 1964
Formaður: Þorsteinn Guðjónsson
Iðkanir: 1367
Félagsmenn: 1367



Golfklúbburinn Oddur

Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Kári Haraldur Sölmundarson
Iðkanir: 1977
Félagsmenn: 1977




Handknattleiksfélag Kópavogs

Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Arnína Steinunn Kristjánsdóttir
Iðkanir: 3380
Félagsmenn: 3076



Hestaípróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ

Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Jón Geir Sigurbjörnsson
Iðkanir: 642
Félagsmenn: 658



Hestamannafélagið Adam Kjós

Félagið stofnað 8. febrúar 2007
Formaður: Sigurður Guðmundsson
Iðkanir: 56
Félagsmenn: 56



Hestamannafélagið Sóti

Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Jörundur Jökulsson
Iðkanir: 149
Félagsmenn: 149



Hestamannafélagið Sprettur

Félagið stofnað: 29. júní 2012
Formaður: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir
Iðkanir: 1866
Félagsmenn: 1866



Hnefaleikafélag Auðbrekku

Félagið stofnað: 2022
Formaður: Þórður Bjarkar Árelíusson
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1



Hnefaleikafélag Kópavogs

Félagið stofnað: 21. febrúar 2013
Formaður: Rúnar Svavarsson
Iðkanir: 518
Félagsmenn: 510



Hnefaleikafélagið Haförn

Félagið stofnað: 2021
Formaður: Maksims Orlovs
Iðkanir: 20
Félagsmenn: 20



Hvíti Riddarinn

Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Guðbjörn Smári Birgisson
Iðkanir: 80
Félagsmenn: 80



Ípróttafélag aldraðra í Kópavogi

Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: María Ragnarsdóttir
Iðkanir: 79
Félagsmenn: 79



Ípróttafélagið Gerpla

Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir
Iðkanir: 3204
Félagsmenn: 5762



Ípróttafélagið Glóð, Kópavogi

Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Margrét Björnsdóttir
Iðkanir: 65
Félagsmenn: 65



Ípróttafélagið Gróttta

Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Karítas Kjartansdóttir
Iðkanir: 2603
Félagsmenn: 18020



Ípróttafélagið Þorlákur

Félagið stofnað: 2022
Formaður: Sigurður Tómas Hjartarson
Iðkanir: 47
Félagsmenn: 47



Júðófélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 27. maí 2010
Formaður: Gísli Fannar Egilsson
Iðkanir: 44
Félagsmenn: 44



Karatefélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 2021
Formaður: Gísli Júlíus Sigurðsson
Iðkanir: 81
Félagsmenn: 82



Knattspyrnufélag Bjarnastaða

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Stefán Arinbjarnarson
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1



Knattspyrnufélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 12. mars 2008
Formaður: Sindri Rósenkranz Sævarsson
Iðkanir: 84
Félagsmenn: 84



Knattspyrnufélag Kópavogs

Félagið stofnað: 22. september 2012
Formaður: Kristinn Pálsson
Iðkanir: 41
Félagsmenn: 41



Knattspyrnufélagið Álafoss

Félagið stofnað: 2017
Formaður: Ísak Orri Leifsson Schjetne
Iðkanir: 61
Félagsmenn: 61

Aðildarfélag UMSK



Knattspyrnufélagið Ísbjörninn

Félagið stofnað: 17. mars 2008
Formaður: Hafþór Karlsson
Íðkanir: 26
Félagsmenn: 26



Knattspyrnufélagið Kría

Félagið stofnað: 15. janúar 2014
Formaður: Bjarni Rögnvaldsson
Íðkanir: 45
Félagsmenn: 45



Knattspyrnufélag Miðbæjar

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Joaquín Linares Cordoba
Íðkanir: 70
Félagsmenn: 70



Knattspyrnufélagið Smári

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Sæþór Atli Harðarson
Íðkanir: 127
Félagsmenn: 127

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar

Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason
Íðkanir: 92
Félagsmenn: 90

Kraftlyftingafélag Seltjarnarness

Félagið stofnað: 2011
Formaður: Grétar Dór Sigurðsson
Íðkanir: 0
Félagsmenn: 0



Kriketklúbbur Kópavogs

Félagið stofnað: 2021
Formaður: Mickhael Viney
Íðkanir: 18
Félagsmenn: 18

Krummar BMX Racing

Félagið stofnað: 2022
Formaður: Helgi Berg Friðþjófsson
Íðkanir: 20
Félagsmenn: 20



Lyftingafélag Kópavogs

Félagið stofnað: 2013
Formaður: Jens Andri Fylkisson
Íðkanir:
Félagsmenn: 1

Pilufélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 22. ágúst 2022
Formaður: Guðni Þorsteinn Guðjónsson
Íðkanir:
Félagsmenn: 1



Pilufélag Kópavogs

Félagið stofnað: 2021
Formaður: Ásgrímur Harðarson
Íðkanir: 109
Félagsmenn: 109



Rugbyfélagið Stormur

Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Kristján Conway Wales
Íðkanir: 57
Félagsmenn: 57



Siglingafélagið Vogur

Stofnað 1975
Formaður: Erlendur Kári Kristjánsson
Íðkanir: 9
Félagsmenn: 9



Siglingafélagið Ýmir

Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Helga Rakel Guðrúnardóttir
Íðkanir: 525
Félagsmenn: 525



Skotíþróttafélag Kópavogs

Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Bjarki Þór Kjartansson
Íðkanir: 636
Félagsmenn: 636



Skyllingafélag Seltjarnarness

Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Guðrún Jóhannsdóttir
Íðkanir: 50
Félagsmenn: 56



Íþróttafélagið Stálúlfur

Félagið stofnað 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas
Íðkanir: 144
Félagsmenn: 142

Taekwondofélag Kópavogs

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Sigursteinn Snorrason
Íðkanir: 223
Félagsmenn: 223



Tennisfélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Kári Pálsson
Íðkanir: 312
Félagsmenn: 312



Tennisfélag Kópavogs

Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Rut Steinsen
Íðkanir: 1821
Félagsmenn: 1803



Umf. Afturelding

Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Ásgeir Jónsson
Íðkanir: 4088
Félagsmenn: 2947



Umf. Álftanes

Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson
Íðkanir: 552
Félagsmenn: 458



Umf. Breiðablik

Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Jóhann Ásgeir Baldurs
Íðkanir: 6327
Félagsmenn: 17364



Umf. Stjarnan

Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Sigurður Guðmundsson
Íðkanir: 6503
Félagsmenn: 9544



Vélhjólaklúbbur Mosfellsbæjar (Motomos)

Formaður: Sveinbjörn B. Nikulásen
Íðkanir: 286
Félagsmenn: 286



Stjórn UMSK

Stjórn sambandsins fundaði formlega 10 sinnum á árinu ásamt því að þorri stjórnarmanna sótti 77. Íþróttaping ÍSÍ og 54. sambandsþing UMFÍ. Í lok maí sagði Sigurjón Sigurðsson sig úr stjórn sambandsins í kjölfar þess að hann hafði verið kjörinn í stjórn ÍSÍ og er honum þakkað fyrir sitt framlag til sambandsins.



Fundur um skattamál íþróttafélaga

Í janúar boðuðu UMSK, ÍBR og ÍBH sameiginlega til fundar um skattamál í íþróttahreyfingunni með fulltrúum aðildarfélaganna sinna. Tilfnið var bréf sem barst frá Skattinum til félaga í efstu deildum í stóru boltagreinunum sem þar sem boðaðar voru verulegar áherslubreytingar af hálfu stjórnvalda, sem gætu haft stórkostleg áhrif á rekstrargrundvöll íþróttastarfs hér á landi.

Kári Steinn Reynisson, rekstrarstjóri ÍSÍ mætti á fundinn og fór yfir þau samskipti sem ÍSÍ höfðu þegar átt sér stað við stjórnvöld. Í ágúst 2025 var formlega skipaður starfshópur með fulltrúum stjórnvalda og íþróttahreyfingarinnar sem falið var að vinna greiningu á helstu reglum sem gilda um skattaleg réttindi og skyldur þeirra aðila sem hafa með höndum íþróttastarfsemi á Íslandi. Miðað er við að hópurinn skili þessari greiningu og eftir atvikum tillögum eigi síðar en 30. apríl 2026.

Fundurinn var liður í aukinni samvinnu milli íþróttahéraðanna á höfuðborgarsvæðinu en um 100 manns sóttu fundinn.



77. Íþróttaping ÍSÍ

Í maí fór fram Íþróttaping ÍSÍ þar sem UMSK átti 16 fulltrúa. Á þinginu var Willum Þór Þórsson var kjörin nýr forseti ÍSÍ.

UMSK nýtti tímamótin í hreyfingunni og veitti Guðmundur Sigurbergsson, Lárusi Blöndal fráfarandi forseta ÍSÍ heiðursviðurkenningu UMSK fyrir ómetanlegt framlag sitt til íþróttastarfs á Íslandi. Lárus hefur setið í stjórn sambandsins í 23 ár, þar af 12 ár sem forseti. Lárus hafði þar áður verið formaður aðalstjórnar Stjórnunnar á árunum 1994-2001.

Fjöldi tillagna sem fela í sér framfaraskref innan hreyfingarinnar fengu brautargengi á þinginu en UMSK hafði haft beina eða óbeina aðkomu að þó nokkrum þeirra á fyrri stigum.



54. Sambandsþing UMFÍ

Í október fór fram Sambandsþing UMFÍ þar sem UMSK átti 11 þingfulltrúa.

Á þinginu var hart tekist á um tillögu sem 7 af fámennari héraðs-samböndunum landsins stóðu sameiginlega að sem fól í sér að 20% lottótekna yrði skipt jafnt óháð stærð héraða. Slíkt hefði falið í sér umtalsverða skerðingu lottótekna stærri sambandsaðila á borð við UMSK til framtíðar, en aukin hlut fámennari héraða. Forsendurnar voru þær að mæta þyrfti lækkun á beinum greiðslum sem sum héruð urðu fyrir við gildistöku nýrrar reglugerðar um skiptingu Lottótekna. Þar er þó horft fram hjá þeim 15% hlut lottótekna sem nú þegar er jafnskipt og renna til svæðisstöðva m.a. í þeirra heimabyggð.

Aukið samstarf ÍBR, ÍBH og UMSK kom að góðu gagni en ásamt okkar af höfuðborgarsvæðinu stóðu nokkur önnur héruð saman gegn tillögunni svo úr varð að hún var dregin til baka en aukin meirihluta atkvæða hefði þurft til svo tillagan fengi fram að ganga.

Athygli vakti þó hinn verulegi lýðræðishalli sem orðið hefur innan UMFÍ. Íþróttahéruðin á höfuðborgarsvæðinu þar sem um 64% landsmanna búa fara samtals einungis með 26% atkvæða á þingum sambandsins. Fulltrúar héraða þar sem um 36% landsmanna búa geta því í raun myndað aukin meirihluta í atkvæða-greiðslum þingsins.

Fræðslumál

Áfram var megináhersla í fræðslumálum á að félögin sjálf meti hvað hentar þeim best hverju sinni og aðildarfélög séu studd beint til námskeiðahalds á eigin vegum í gegnum fræðslu og verkefnasjóð. Í ágúst var fjölmennustu félögum sambandsins boðið að senda fulltrúa á erindi Michael Cooper, fimmfalds NBA meistara og Hall Of Fame leikmanns sem var með hvatningarupplifun í Salnum Kópavogi.

Hausfundur

Í nóvember boðaði UMSK til fundar með formönnum og framkvæmdastjórum aðildarfélaganna sambandsins. Fundurinn var vel sóttur en markmið hans var annars vegar að miðla upplýsingum til aðildarfélaganna og hins vegar að skapa vettvang fyrir forsvarsmenn félaganna til að efla tengsl sín á milli og ræða sameiginleg málefni félaganna og sambandsins.

Á dagskrá voru þrjú erindi. Stefán Gunnarsson fjallaði um samninga við styrktaraðila og sagði frá þeirri vegferð sem KSÍ fór í þegar það skapaði nýtt vörumerki fyrir landsliðin sín. Bolli Hugason hjá Aton ræddi um almannatengsl íþróttafélaga. Hann fór yfir sumar að þeim áskorunum sem félög geta þurft að takast á við í kjölfar þess að einhverjar uppákomur hafa átt sér stað í starfsemi þeirra ásamt ásamt nokkrum heilræðum sem hafa ber í huga þegar félög eiga í samskiptum við samfélagið eða fjölmiðla. Að lokum lokaði grínistinn Dóri DNA kvöldinu með uppi-standi eins og honum einum er lagið.

Á fundinum sköpuðust líflegar umræður milli þátttakenda sem vonandi hafa ýtt undir frekari samskipti milli hagaðila innan sambandsins.



Rekstur svæðisstöðva

Undir lok árs gerðu UMSK, ÍBR og ÍBH samning við ÍSÍ og UMFÍ um að héruðin tækju sameiginlega að sér rekstur svæðisskrifstofu Höfuðborgarsvæðisins. Svæðisstöðin hefur glímt við ýmsar áskoranir sem hafa gert það að verkum að verkefnið hefur ekki gengið í takt við þær væntingar sem gerðar voru til þess. Vonir eru bundnar við að með breyttu rekstrarfyrirkomulagi takist betur að nýta bæði fjármagn og þá innviði sem þegar eru til staðar innan héraðssambandanna á höfuðborgarsvæðinu.

Aukagreiðsla til aðildarfélaga

Stjórn sambandsins ákvað að ráðstafa 10 milljónum króna í sérstaka aukagreiðslu til aðildarfélaga vegna jákvæðrar afkomu af rekstri UMSK á árinu 2025. Fjárhæðinni var skipt milli félaga sbr. Lottó-reglugerð sambandsins og úthlutað til aðildarfélaga undir lok árs en hún kom til greiðslu í mars 2026.

Afreksstyrkir

Þriðja árið í röð auglýsti stjórn Afrekssjóðs UMSK eftir umsóknnum um svokallaða „afreksstyrki“ frá sjóðnum til aðgreiningar frá hefðbundnum ferðastyrkjum sem sjóðurinn hefur veitt árum saman. Fjöldi glæsilegra umsókna bárust sjóðnum. Umsóknirnar voru greindar með tilliti til þess hvort þær uppfylltu tiltekin lágmarksskilyrði sem sett höfðu verið en í ljós kom að hátt hlutfall þeirra gerði það. Það er því ljóst að glæsilegt starf á sér stað í fjölmörgum aðildarfélögum UMSK og innan þeirra raða er stór hópur afrekssólks sem keppir um eða stefna að efsta stigs árangri í sinni íþrótt.

Eftirtaldir afreksmenn eða hópar hlutu afreksstyrk árið 2025;

Dagur Kári Ólafsson Fimleikar, Gerpla

Gunnlaugur Árni Sveinsson – Golf, GKG

Hildur Maja Guðmundsdóttir – Fimleikar, Gerpla

Jón Þór Sigurðsson – Skotfimi, Skotíþróttafélag Kópavogs

Snævar Örn Kristmannsson – Sund, Breiðablik

Guðfinnur Snær Magnússon – Kraftlyftingar, Breiðablik

Kvennalið Stjörnunnar í hópíþróttum – Fimleikar, Stjarnan

Lucie Martinsdóttir Stefaníková – Kraftlyftingar, Stjarnan

Thelma Aðalsteinsdóttir – Fimleikar, Gerpla

Þórður Jökull Henrysson – Karate, Afturelding



102. héraðsþing UMSK



101. héraðsþing UMSK var haldið í veislusal HK þann 22.mars og var það vel sótt. Guðmundur G. Sigurbergsson var endurkjörinn formaður sambandsins til næstu tveggja ára. Þeir Geirarður Long og Þorsteinn Þorbergsson voru endurkjörnir í stjórn sambandsins en þau Sigurjón Sigurðsson, Matthildur Bára Stefánsdóttir og Rakel Másdóttir voru endurkjörin í varastjórn til eins árs. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ ávörpuðu þingið að venju og nýttu tækifærið til að heiðra einstaklinga sem reynst hafa íþróttahreyfingunni ómetanlegir á undanförunum árum.

Á þinginu veitti UMSK eftirfarandi verðlaun.

Starfsmerki UMFÍ hlutu;

Ásgeir Baldurs frá Breiðabliki,
Niels Einarsson frá HK,
Blikinn Pétur Hrafn Sigurðsson og
Ragnheiður M. Ólafsdóttir frá Gerplu.

Silfurmerki ÍSÍ hlutu:

Flosi Eiríksson og Viktoría Gísladóttir frá Breiðabliki, þau Gunnþór Hermannsson og Valdís Árnadóttir frá HK.

Gullmerki ÍSÍ hlutu:

Pétur Ómar Ágústsson frá Breiðabliki
og Ragnar Gíslason frá HK.

Þá hlaut Þórður Guðmundsson frá
Breiðabliki Heiðurskross ÍSÍ.



Íþróttakona ársins 2024
Thelma Aðalsteinsdóttir



Íþróttakarlar ársins 2024
Ægir Þór Steinarsson



Lið ársins 2024 Stjarnan
mfl. kvk hópímleikum



Félagsmálaskjöldur UMSK 2025
Sigurður Viðarsson, HK



Hvatningarverðlaun UMSK 2025
Körfuknattleiksdeild Aftureldinga



Hvatningarverðlaun UMSK 2025
Dansdeild HK



Hvatningarverðlaun UMSK 2025
Knattspyrnufélag Garðabæjar

Allar viðurkenningar UMSK er að finna á
heimasíðu sambandsins www.umsk.is
Þær má einnig nálgast með því að skanna
QR kóðana.



Viðurkenningar



Myndabanki UMSK

Fjöldatölur innan UMSK

Aðildarfélögum UMSK raðað eftir fjölda iðkana

	Iðkanir	Iðkendur	Félagsmenn
Umf. Stjarnan	6.503	4.163	9.544
Umf. Breiðablik	6.327	4.662	17.364
Umf. Afturelding	4.088	2.947	2.947
Handknattleiksfélag Kópavogs	3.380	3.076	3.076
Íþróttafélagið Gerpla	3.204	3.184	5.762
Golfklúbbur Kópav. og Garðabæjar	2.973	2.973	2.973
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	2.914	2.914	2.914
Íþróttafélagið Gróttu	2.603	2.088	18.020
Golfklúbburinn Oddur	1.977	1.977	1.977
Hestamannafélagið Sprettur	1.866	1.866	1.866
Tennisfélag Kópavogs	1.821	1.803	1.803
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	1.367	1.367	1.367
Dansfélagið Hvönn	910	910	910
Bogfímifélagið Boginn	650	650	650
Hestaíþróttafélagið Hörður	642	642	658
Skotíþróttafélag Kópavogs	636	636	636
Dansíþróttafélag Kópavogs	611	611	1.081
Umf. Álftaness	552	458	458
Siglingafélagið Ýmir	525	525	525
Hnefaleikafélag Kópavogs	518	510	510
Golfklúbbur Álftaness	441	441	441
Tennisfélag Garðabæjar	312	312	312
Vélhjólaiþróttakl. Mosfellsbæjar	286	286	286
Taekwondofélag Kópavogs	223	223	223
Hestamannafélagið Sóti	149	149	149
Stál-úlfur	144	142	142
Knattspyrnufélagið Smári	127	127	131
Pílufélag Kópavogs	109	109	109
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	92	90	90

	Iðkanir	Iðkendur	Félagsmenn
Knattspyrnufélag Garðabæjar	84	84	84
Karatefélag Garðabæjar	81	81	82
Fótboltafélagið Einherjar	80	80	80
Hvítu riddarinn	80	80	80
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	79	79	79
Knattspyrnufélagið Miðbær	70	70	70
Íþróttafélagið Glóð	65	65	65
Knattspyrnufélagið Álafoss	61	61	61
Rugbyfélagið Stormur	57	57	57
Hestamannafélagið Adam	56	56	56
Augnablik	51	51	285
Skylmingafélag Seltjarnarness	50	50	56
Íþróttafélagið Þorlákur	47	47	47
Knattspyrnufélagið Kría	45	45	45
Júðofélag Garðabæjar	44	44	44
Knattspyrnufélag Kópavogs	41	41	41
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	26	26	26
Hnefaleikafélagið Haförn	20	20	20
Krummar BMX	20	20	20
Kricketklúbbur Kópavogs	18	18	18
Borðtennisfélag Mosfellsbæjar	11	11	11
Siglingarklúbburinn Vogur	9	10	115
Hnefaleikafélag Auðbrekku			1*
Pílufélag Garðabæjar			1*
Garðabær Jökla kricketklúbbur			1*
Lyftingafélag Kópavogs			1
Knattspyrnufélag Bjarnastaða			1*
	47.045	40.937	78.366

Fjöldi iðkenda eftir íþróttagreinum

Íþróttagreinir	Fjöldi	Fjöldun milli ára
Golf	9.672	5,0%
Knattspyrna	7.646	10,4%
Fimleikar	6.953	9,7%
Almenningsíþróttir	3.667	91,1%
Hestaíþróttir	2.713	-5,6%
Handknattleikur	2.655	1,7%
Körfuknattleikur	1.864	10,9%
Dans	1.797	8,0%
Tennis	1.784	13,8%
Sund	1.272	85,4%
Blak	816	15,1%
Bogfimi	650	-6,3%
Skotíþróttir	636	-15,3%
Siglingar	534	30,9%
Taekwondo	406	-21,8%
Padel	349	
Hjólreiðar	329	2,2%
Frjálsíþróttir	321	27,9%
Hnefaleikar	311	6,1%
Karate	297	22,7%
Mótorhj.og snj.sl.íþr.	286	0,7%
Kraftlyftingar	246	-56,5%
Lyftingar	240	-54,3%
Glíma	227	39,3%
Bandý	165	13,8%
Badminton	142	21,4%
Þrípraut	127	-11,8%
Íþróttir fatlaðra	112	34,9%
Pílukast	109	101,9%
Borðtennis	80	-12,1%
Rugby	57	470,0%
Skylmingar	50	2,0%
Júdo	44	-6,4%
Skíðaíþróttir	29	-6,5%
Kricket	18	

Fjöldatölur innan UMSK

Fjölmennustu félög landsins m.v. iðkanir

	Félög	Iðkanir	Íþróttahérað
1	Umf. Stjarnan	6.503	UMSK
2	Umf. Breiðablik	6.327	UMSK
3	Umf. Afturelding	4.126	UMSK
4	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	4.026	ÍBH
5	Keflavík íþrótta- og ungmennafélag	3.974	ÍRB
6	Ungmennafélagið Fjölnir	3.783	ÍBR
7	Golfklúbbur Reykjavíkur	3.610	ÍBR
8	Handknattleiksfélag Kópavogs	3.380	UMSK
9	Íþróttafélagið Gerpla	3.204	UMSK
10	Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur	3.051	ÍBR
11	Knattspyrnufélag Reykjavíkur	2.993	ÍBR
12	Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	2.973	UMSK
13	Golfklúbbur Mosfellsbæjar	2.914	UMSK
14	Umf. Selfoss	2.895	HSK
15	Knattspyrnufélag Akureyrar	2.869	ÍBA

Fjölmennustu félög landsins m.v. iðkendur

	Félög	Iðkendur	Íþróttahérað
1	Umf. Breiðablik	4.662	UMSK
2	Umf. Stjarnan	4.163	UMSK
3	Golfklúbbur Reykjavíkur	3.610	ÍBR
4	Keflavík íþrótta- og ungmennafélag	3.383	ÍRB
5	Íþróttafélagið Gerpla	3.184	UMSK
6	Ungmennafélagið Fjölnir	3.127	ÍBR
7	Handknattleiksfélag Kópavogs	3.076	UMSK
8	Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur	3.051	ÍBR
9	Umf. Afturelding	2.982	UMSK
10	Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	2.973	UMSK
11	Golfklúbbur Mosfellsbæjar	2.914	UMSK
12	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	2.726	ÍBH
13	Glimufélagið Ármann	2.553	ÍBR
14	Knattspyrnufélag Reykjavíkur	2.536	ÍBR
15	Klifurfélag Reykjavíkur	2.450	ÍBR

Iðkun (iðkanir): Iðkun segir til um fjölda iðkana í hverju félagi, íþróttagrein eða innan íþróttahéraðs. Hver einstaklingur getur verið iðkandi í mörgum greinum.

Iðkandi (iðkendur): Hver einstaklingur getur aðeins einu sinni verið talinn sem iðkandi innan hvers mengis (félags/héraðs/íþróttagreinar). Þó svo að viðkomandi einstaklingur geti verið skráður fyrir fleiri en einni iðkun þá telur hann þannig eingöngu sem einn iðkandi.

Ath. fjöldi iðkenda og félagsmanna aðildarfélaga byggir á starfsskýrsluskilum frá 2025 vegna ársins 2024.

Fjöldi íbúa á starfssvæði UMSK 2025

	Íbúar	% af UMSK	% af Íslandi
Kópavogsbær	40.040	50,8%	10,3%
Garðabær	20.116	25,5%	5,2%
Mosfellsbær	13.715	17,4%	3,5%
Seltjarnarnesbær	4.585	5,8%	1,2%
Kjósarhreppur	301	0,4%	0,1%
	78.757	100%	20,2%



Úthlutanir úr sjóðum sambandsins á árinu 2025

Fræðslu- og verkefnasjóður

Markmið sjóðsins er m.a. að styðja við fræðslu iðkenda, starfsmanna aðildarféлага og forráðamanna iðkenda í viðum skilningi ásamt því að styrkja við verkefni sem efla innra starf félaga eða einstakra deilda þeirra. Þá skal sjóðurinn styðja við nýsköpun á sviði íþróttar og aukna útbreiðslu íþróttar meðal allra aldurshópa.

Stjórn UMSK ákveður áherslur hvers árs ásamt því að setja nánari vinnureglur um afgreiðslu styrkumsókna umfram þær sem koma fram í reglugerð sjóðsins. Sjóðurinn er fjármagnaður af rekstrartekjum UMSK en stjórn sambandsins ákveður framlag til hans á hverju ári. Á árinu 2025 voru 5 milljónir króna lagðar í sjóðinn en veittir voru styrkir úr honum að fjárhæð 5.184.98 kr. Eigið fé Fræðslu- og verkefnasjóðs við lok árs var 2.952.221 kr.

Afrekssjóður UMSK

Afrekssjóði er ætlað að styrkja afrekssólk aðildarféлага UMSK. Sjóðurinn fær úthlutað fjármagn skv. lottóreglugerð UMSK en hlutdeild sjóðsins er 7% í lottótekjum sambandsins. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni en hlutverk hennar er meðal annars að ákvarða styrkuppþæð hvers ár og hámarks fjölda styrkja til hvers einstaklings. Á árinu 2025 var styrkuppþæð svokallaðs „ferðastyrks“ frá afrekssjóði 30.000 kr. en 358 slíkir styrkir voru veittir á árinu.

Í þriðja sinn auglýsti stjórn afrekssjóðs eftir umsóknum um svokallaða afrekssstyrki frá sjóðnum en markmið þeirra er að styrkja fjárhagslega afreksíþróttafólk og afrekshópa innan aðildarféлага UMSK sem náð hafa afburðararangri og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni ásamt því að hvetja til frekari afreka. Að þessu sinni samþykkti stjórn sjóðsins umsóknir frá 10 einstaklingum eða hópum sem hlutu afrekssstyrki frá sjóðnum, samtals að fjárhæð 2.750.000 kr.

Á árinu 2025 greiddi sjóðurinn út styrki samtals að fjárhæð 14.060.000 kr. en tekjur hans á sama tímabili voru 15.269.255 kr. Eigið fé sjóðsins við árslok nam 26.634.888 kr.

Aðrir sjóðir sem félögin hafa tök á að sækja í Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar er nýr sjóður á vegum Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) með stuðningi Mennta- og barnamálaráðuneytis. Sjóðurinn tengist stofnun átta svæðisstöðva íþróttahéraða og markmiðum um eflingu íþróttastarfs á landsvísu. Sjóðurinn styrkir verkefni sem miða að útbreiðslu íþróttar og aukinni þátttöku barna í íþróttum með áherslu á þátttöku barna með fötlun, af tekju-lægri heimilum og með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.

Íþróttasjóður ríkisins

Íþróttar- og ungmennafélög og fyrir þá sem starfa að útbreiðslu- og fræðsluverkefnum á sviði íþróttar. Einnig þá sem starfa að rannsóknum á sviði íþróttar.

Styrkirnir eru ætlaðir íþróttar- og ungmennafélögum á landinu til að bæta aðstöðu til íþróttar-



iðkana. Einnig eru styrkir til útbreiðslu- og fræðsluverkefna, þá eru veittir styrkir til að stunda rannsóknir á ýmsum þáttum íþróttastarfsemi í landinu. Umsóknarfrestur: Byrjun október ár hvert Síðasta úthlutun (sótt um ágúst. 2025). 70 verkefni fengu úthlutun frá sjóðnum, samtals að fjárhæð 24.100.000 kr.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþróttar- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands. Íþróttar- og

Ólympíusambandi Íslands var falin umsjón á útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum. Umsóknarfrestur um styrk vegna keppnisferða innanlands á fyrirfram ákveðin styrkhæf mót er í byrjun janúar ár hvert.

Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagsshreyfingarinnar m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagsshreyfingunni í heild. Úthlutað er tvisvar á ári úr sjóðnum með umsóknarfresti 1. maí og 1. nóvember.

Á árinu 2025 hlutu aðildarfélag UMSK styrki úr sjóðnum fyrir samtals 8.562.987 kr.



Rekstur Íslenskrar Getspár gekk vel á árinu. Félagið greiddi eigendum sínum samtals um 2,8 milljarða króna með reglulegum greiðslum yfir árið en í nóvember tók stjórn félagsins ákvörðun um að bæta í og greiða úr 600 milljón kr. aukaarðgreiðslu.

Eigendur Getspár eru þrír; Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands á 46,67% hlut, Ungmennafélag Íslands á 13,33% hlut og Öryrkjabandalag Íslands á 40% hlut. Það voru því rúmir 2 milljarðar sem runnu frá félaginu til íþróttahreyfingarinnar á árinu en meginstarfsemi þess er rekstur Lottó.

Líklega eru fáir sem gera sér almennilega grein fyrir því hversu stór þessi tekjustofn er orðinn fyrir íþróttahreyfinguna og hve miklu máli það skiptir að fólk taki þátt og spili með í Lottó!

Þessir fjármunirnir dreifast svo innan íþróttahreyfingarinnar eftir sérstökum reglum sem hreyfingin setur sér sjálf. Innan UMSK gilda eftirfarandi reglur:

14% Renna til reksturs sambandsins

7% Renna til Afrekssjóðs UMSK


79% Renna til aðildarfélaganna samkvæmt eftirfarandi:

Þeim 79% sem koma í hlut félaganna verði fyrst skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaganna m.v. upplýsingar skilakerfi íþróttahreyfingarinnar.

Iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6-12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13 – 18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19 – 24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).

Ný aðildarfélög þurfa að hafa starfað í 2 ár áður en þau eiga rétt á Lottótekjum en það á þó ekki við þegar um er að ræða sameiningu félaga innan sambandsins.

Úthlutun Lottó og aukagreiðslu milli sveitarfélaga



Kópavogur	82.365.842 kr.	50.84%
Garðabær	41.380.402 kr.	25.54%
Mosfellsbær	28.212.975 kr.	17.41%
Seltjarnarnes	9.431.753 kr.	5.82%
Kjós	619.184 kr.	0.38%
Samtals	162.010.156 kr	100.00%

Áheit frá íslenskum getraunum

Heiti félags	Útborguð áheit 2025
Umf. Breiðablik	812.507 kr.
Umf. Afturelding	542.491 kr.
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	188.330 kr.
Umf. Stjarnan	180.659 kr.
Handknattleiksfélag Kópavogs	60.997 kr.



www.getraunir.is

Íslenskar getraunir er fyrirtæki sem er í eigu íþróttahreyfingarinnar og er markmið þess að afla íþróttahreyfingunni fjár með ábyrgum og sjálfbærum hætti. Rekstur Getrauna hefur gengið vel og hefur fyrirtækið skilað íþróttahreyfingunni hundruðum milljóna ár hvert

Á sama markaði eru starfandi fjöldi erlendra veðmálafyrirtækja sem eru í samkeppni við Íslenskar getraunir, en þurfa ekki að lúta þeim lögum og reglum sem gilda á Íslandi.

En er einhver munur á starfsemi Íslenskra getrauna og erlendu veðmálafyrirtækjanna, annar en sá að Getraunir skila arðinum til íþróttahreyfingarinnar og erlendu veðmálafyrirtækin skila arðinum til sinna eigenda?

Svarið má sjá í meðfylgjandi töflu þar sem Getraunir eru bornar saman við erlendu veðmálafyrirtækin.

Ólöglegar erlendar veðmálasíður

Bónusar
VIP stofa (eyða meira=betri þjónusta)
Hundruðir leikja „live“ á hverjum degi
Hundruðir leikja „live“ á hverri nóttu
Hundrað evrur „gefins“
Unglingaleikir
Engin hámarksupphæð
Ekkert hámark á tapi
Ekkert hámark á inneign á spilareikning
Allskonar veðmál, Eurovision, pólitik o.fl.
Neikvæð veðmál
Markaðssett fyrir ungt fólk
Spilviti

Marktæk tengt við spilavanda og spillatíki

Lengjan

Engir bónusar
Engin VIP stofa
Lengjan beint frá 08 – 23 virka daga
12 – 20 leikir í dag – max 700 á mán.
Lengjan beint – engir næturleikir
2 – 3 næturleikir um helgar.
Engar peningagjafir
Engir unglingaleikir
Hámarksupphæð pr. dag, viku, mánuð
Hámark á tapi
Hámarksupphæð á spilareikning
Aðeins íþróttir
Engin neikvæð veðmál
Ekki markaðssetning fyrir ungt fólk
Ekki spilaviti

Engin tengt við spilavanda og spillatíki

Samkvæmt íslenskum lögum hafa Íslenskar getraunir einkarétt á að bjóða upp á íþróttaveðmál á Íslandi. Hvorki stjórnvöld né laganna verðir hafa haft áhuga á að fara eftir lögum landsins og koma í veg fyrir starfsemi erlendra veðmálafyrirtækja. Úrræðin eru fyrir hendi og nýtt í öllum öðrum löndum Evrópu. Við óbreytt ástand munu Íslenskar getraunir eiga undir högg að sækja en vonandi eru breytingar framundan sem tryggja áframhaldandi tekjustreymi frá Getraunum til íþróttahreyfingarinnar.

Pétur Hrafn Sigurðsson, sviðsstjóri

Úthlutun Lottó, aukaarðgreiðslna ÍSÍ/UMFÍ og aukagreiðslu UMSK til aðildarfélaga 2025



	Úthl. jan-des	Aukaarðgr. ÍSÍ & UMFÍ	Aukagreiðsla UMSK	Samtals
Augnablik	201.338 kr.	35.589 kr.	15.554 kr.	252.480 kr.
Bogfímifélagið Boginn	2.262.435 kr.	399.908 kr.	174.777 kr.	2.837.120 kr.
Dansfélagið Hvönn	2.658.129 kr.	469.851 kr.	205.345 kr.	3.333.324 kr.
Dansíþróttafélag Kópavogs	1.248.762 kr.	220.731 kr.	96.469 kr.	1.565.962 kr.
Fótboltafélagið Einherjar	430.608 kr.	76.114 kr.	33.265 kr.	539.987 kr.
Golfklúbbur Álftaness	760.883 kr.	134.494 kr.	59.841 kr.	955.218 kr.
Golfkl. Kópavogs og Garðabæjar	6.227.705 kr.	1.100.809 kr.	484.059 kr.	7.812.573 kr.
Golfklúbbur Mosfellsbæjar	5.923.908 kr.	1.047.110 kr.	454.989 kr.	7.426.007 kr.
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	2.213.602 kr.	391.276 kr.	170.200 kr.	2.775.078 kr.
Golfklúbburinn Oddur	3.538.746 kr.	625.509 kr.	278.313 kr.	4.442.568 kr.
Handknattleiksfélag Kópavogs	11.207.433 kr.	1.981.026 kr.	865.794 kr.	14.054.253 kr.
Hestaíþróttafélagið Hörður	1.533.848 kr.	271.123 kr.	117.808 kr.	1.922.779 kr.
Hestamannafélagið Adam	493.699 kr.	87.266 kr.	40.020 kr.	620.985 kr.
Hestamannafélagið Sóti	362.381 kr.	64.054 kr.	28.500 kr.	454.935 kr.
Hestamannafélagið Sprettur	5.853.973 kr.	1.034.748 kr.	455.010 kr.	7.343.731 kr.
Hnefaleikafélag Kópavogs	1.566.480 kr.	276.891 kr.	121.013 kr.	1.964.385 kr.
Hnefaleikafélagið Haförn	32.626 kr.	5.767 kr.	2.566 kr.	40.959 kr.
Hvíti riddarinn	195.217 kr.	34.507 kr.	14.994 kr.	244.717 kr.
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	91.941 kr.	16.251 kr.	7.103 kr.	115.294 kr.
Íþróttafélagið Gerpla	9.585.090 kr.	1.694.260 kr.	740.465 kr.	12.019.816 kr.
Íþróttafélagið Glóð	75.647 kr.	13.371 kr.	5.844 kr.	94.863 kr.
Íþróttafélagið Gróttá	5.174.993 kr.	914.732 kr.	397.895 kr.	6.487.620 kr.
Íþróttafélagið Þorlákur	126.855 kr.	22.423 kr.	9.800 kr.	159.077 kr.
Júðófélag Garðabæjar	160.799 kr.	28.423 kr.	12.646 kr.	201.868 kr.
Karatefélag Garðabæjar	280.816 kr.	49.637 kr.	22.085 kr.	352.538 kr.
Knattspyrnufélag Garðabæjar	184.103 kr.	32.542 kr.	14.479 kr.	231.125 kr.

Úthlutun Lottó, aukaarðgreiðslna ÍSÍ/UMFÍ og aukagreiðslu UMSK til aðildarfélaga 2025

	Úthl. jan-des	Aukaarðgr. ÍSÍ & UMFÍ	Aukagreiðsla UMSK	Samtals
Knattspyrnufélag Kópavogs	91.941 kr.	16.251 kr.	0 kr.	108.192 kr.
Knattspyrnufélagið Álafoss	152.223 kr.	26.907 kr.	11.692 kr.	190.821 kr.
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	32.587 kr.	5.760 kr.	2.517 kr.	40.864 kr.
Knattspyrnufélagið Kría	61.758 kr.	10.916 kr.	4.748 kr.	77.422 kr.
Knattspyrnufélagið Miðbær	130.346 kr.	23.040 kr.	10.069 kr.	163.455 kr.
Knattspyrnufélagið Smári	427.116 kr.	75.497 kr.	32.995 kr.	535.609 kr.
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	223.105 kr.	39.436 kr.	17.136 kr.	279.677 kr.
Kricketklúbbur Kópavogs	23.276 kr.	4.114 kr.	1.798 kr.	29.188 kr.
Krummar BMX	55.930 kr.	9.886 kr.	4.399 kr.	70.215 kr.
Pílufélag Kópavogs	308.408 kr.	54.514 kr.	23.825 kr.	386.747 kr.
Rugbyfélag Kópavogs	94.268 kr.	16.663 kr.	0 kr.	110.931 kr.
Siglingafélagið Ýmir	1.341.866 kr.	237.188 kr.	103.661 kr.	1.682.716 kr.
Siglingaklúbburinn Vogur	26.800 kr.	4.737 kr.	2.108 kr.	33.645 kr.
Skotíþróttafélag Kópavogs	910.095 kr.	160.868 kr.	70.306 kr.	1.141.270 kr.
Skylmingafélag Seltjarnarness	69.942 kr.	12.363 kr.	5.378 kr.	87.683 kr.
Stálúlfur	174.571 kr.	30.857 kr.	13.486 kr.	218.914 kr.
Taekwondofélag Kópavogs	783.240 kr.	138.446 kr.	60.507 kr.	982.192 kr.
Tennisfélag Garðabæjar	608.240 kr.	107.513 kr.	47.836 kr.	763.589 kr.
Tennisfélag Kópavogs	4.467.844 kr.	789.736 kr.	345.149 kr.	5.602.729 kr.
Umf. Afturelding	13.983.582 kr.	2.471.738 kr.	1.074.017 kr.	17.529.338 kr.
Umf. Álftaness	1.848.025 kr.	326.657 kr.	145.342 kr.	2.320.024 kr.
Umf. Breiðablik	19.394.795 kr.	3.428.224 kr.	1.498.282 kr.	24.321.300 kr.
Umf. Stjarnan	21.091.488 kr.	3.728.131 kr.	1.658.787 kr.	26.478.406 kr.
Vélhjólaíþr.kl.Mosfellsb.(Mótomos)	483.395 kr.	85.445 kr.	37.128 kr.	605.967 kr.
	129.176.856 kr.	22.833.300 kr.	10.000.000 kr.	162.010.156 kr.



* 10 milljón kr. aukagreiðsla UMSK var úthlutað til aðildarfélaga á árinu 2025 en greidd í mars 2026



Fréttapunktur frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands 2025

Árið 2025 var þingár hjá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands. Íþróttaping ÍSÍ fór fram dagana 16. og 17. maí 2025 og þar kaus Íþróttahreyfingin sér nýja forystu.



Willum Þór Þórsson var kjörinn nýr forseti ÍSÍ til næstu fjögurra ára. Einnig urðu allnokkrar breytingar á stjórn sambandsins. Lárus L. Blöndal, fráfarandi forseti, var kjörinn Heiðursforseti ÍSÍ. Samþykktir Íþróttapingsins voru fjölmargar og hafa stjórn og starfsfólk unnið að þeim málefnum í kjölfar þingsins.

Stjórnsýslan

Stjórnsýslusvið ÍSÍ annast öll mál er varða lög og reglur í hreyfingunni og er tengiliður við dómstóla ÍSÍ. Verkefni sviðsins eru víðfem enda regluverk hreyfingarinnar flókið og lagskipt. Unnið er að uppfærslum á regluverki hreyfingarinnar og eftirlit með einum eða öðrum hætti og veitir sambandsaðilum stuðning og leiðbeiningar er varða lög og reglur. Sviðið hefur umsjón með gæðaverkefnum ÍSÍ, Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Stjórnsýslulegum verkefnum fjölgar jafnt og þétt með auknum kröfum á Íþróttahreyfinguna og sibreytileika starfsumhverfis Íþrótta.

Formannafundur ÍSÍ og stefnumótun

Formannafundur ÍSÍ fór fram á Akranesi 21. nóvember. Þar voru tekin fyrstu skref í sameiginlegri stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ en um verður að ræða gagnadrifna grasrótar stefnumótun, en stefnt er að því að leggja fram nýja stefnu á Íþróttapingi ÍSÍ árið 2027. Leitað verður eftir sem viðtækustu samtali við hagaðila í Íþróttahreyfingunni og samfélaginu.



Afreksmálefni

Afreksmiðstöð Íslands festi sig í sessi á árinu og hefur miðstöðin nú sérfræðinga á sínum snærum, til þjónustu fyrir allt helsta afreksíþróttafólk landsins, eftir þörfum.

ÍSÍ fékk á Fjárlögum Alþingis vegna ársins 2025 framlag að upphæð 637 milljónir króna til innleiðingar á nýju fyrirkomulagi afreksstarfs. Tæpum 300 milljónum af þeim fjármunum var úthlutað í febrúar 2025 til afreksstarfs sérsambanda, til að styðja við almennt landsliðs- og afreksstarf þeirra sem og þátttöku í stórmótum á árinu 2025.

Settur var á stofn launasjóður fyrir afreksíþróttafólk og afreksþjálfara og hófust greiðslur til valinna einstaklinga síðla árs 2025. Auk þess hóf ÍSÍ endurgreiðslur til einstaklinga í gegnum sér samböndin vegna kostnaðar ungmenna sem taka þátt í landsliðsverkefnum sérsambanda.

Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði samtals tæpum 520 milljónum króna til afreksstarfs sérsambanda vegna ársins 2025.

ÍSÍ sendi keppendur til Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar, bæði vetrarhátíð í Bakuriani, Georgíu 9. til 16. febrúar, og sumarhátíð í Skopje, Norður Makedóníu 20. til 26. júlí 2025. Hátíðirnar eru fyrir evrópsk ungmenni á aldrinum 14 til 18 ára. Eins fór fjölmennur hópur á vegum ÍSÍ á Smáþjóðaleikana í Andorra í maí-mánuði 2025.

Fræðslu- og almenningsíþróttaverkefni

ÍSÍ stendur fyrir fjölmörgum fræðsluviðburðum á hverju ári, oft í samstarfi við UMFÍ og fleiri hagaðila. Einnig er þjálfaramenntun ÍSÍ sívinsæl en áhersla hefur verið á fjarnám undanfarin ár.

Íþróttahreyfingin sinnir stórum verkefnum árlega, sem hafa það að markmiði að bæta lýðheilsu þjóðarinnar. Má þar nefna Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna, Hjólað í skólann, Göngum í skólann, Íþróttaviku Evrópu, Ólympíuhlaupið, Ólympíudaginn og Syndum. Frábær þátttaka var í verkefnum ÍSÍ á árinu. Unnið er að samþættingu verkefna á sviði almenningsíþróttar, einföldun skráninga og uppfærslu kerfa.



Bjartur lífsstíll er samstarfsverkefni ÍSÍ og Landssambands eldri borgara (LEB), með fjárstuðningi frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti. Megináhersla er lögð á að skipulögð hreyfing og tómstundastarf standi öllu fólki 60 ára og eldra til boða. Athygli er vakin á lendingarsíðunni Hreyfing í boði, á Ísland.is, sem sýnir fjölbreytt úrval af hreyfingu og tómstundastarfi fyrir eldra fólk víðs vegar um landið.

Eins má nefna verkefnið Allir með sem samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og Íþróttasambands fatlaðra, sem er liður í að ná markmiðum 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og auka þátttöku fatlaðra í íþróttastarfi.

Ferðasjóður

Árlega er úthlutað úr Ferðasjóði Íþróttafélaga. Fjárframlag í sjóðinn kemur alfarið frá ríkinu en ÍSÍ hefur umsjón með sjóðnum, þ.e. umsóknarferli, úrvinnslu og úthlutun.

Síðastliðin ár hefur verið úthlutað árlega 123,9 milljónum til Íþróttafélaga um allt land, byggt á umsóknum. Framlag í sjóðinn vegna ársins 2026 hækkar um 100 m. króna, samkvæmt samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið.

Svæðisstöðvar íþróttahéraða

Svæðisstöðvar íþróttahéraða er sameiginlegt verkefni ÍSÍ og UMFÍ með fjárframlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu og er markmiðið með því að efla íþróttahéruð með sameiginlegum starfsstöðvum sem þjónusta íþróttahéruðin og íþróttafélögin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Á heimasíðu svæðanna, www.siu.is má finna verkfærakistu með gagnlegum skjölum er varða m.a. rekstur íþróttafélaga.

Hvatasjóður, á vegum ÍSÍ og UMFÍ og með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytis, stuðlar að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.







Mikið var um að vera í starfi UMFÍ árið 2025. Áfram er unnið að því að auka samstarf í íþróttahreyfingunni, mikilvægar ákvarðanir voru teknar á þingi og stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ var ýtt úr vör. Árið 2025 er árið sem öll íþróttahéruð urðu aðilar að UMFÍ þegar ÍBV bættist í hópinn og eru nú því öll 25 íþróttahéruð og þar með talin öll aðildarfélag aðilar að UMFÍ.

Árið í hnotskurn

Sambandsþing • Öll íþróttahéruð í UMFÍ

- fjölgun sambandsaðila

Björgunarpakkinn • Lottógreiðslur • Mót og viðburðir

Skólabúðir • Stefnumótun UMFÍ og ÍSÍ • Svæðisfulltrúar

Styrkir (Hvatasjóður,

Fræðslu- og verkefnasjóður og fleira)



Sambandsþing UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ fór fram dagana 10. - 11. október 2025. Sambandsþingið er æðsta vald í málefnum UMFÍ hverju sinni. Fjölmenni var á þinginu frá fleiri þingfulltrúum en nokkru sinni. Á þingið mættu í fyrsta sinn fulltrúar Íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) en bandalagið hafði fengið aðild að UMFÍ um vorið. Til marks um tímamótin komu fulltrúar allra íþróttahéraða á Suðurlandi á þingið saman í lítilli rútu á vegum Guðmundar Tyrfingssonar. Aldrei áður hafa fulltrúar allra íþróttahéraða landsins setið sambandsþing UMFÍ.



Á fundinum voru afhent fern Hvátningarverðlaun UMFÍ. Þau hlutu Ungmennafélagið Vísir í Suðursveit, Ungmennafélag Reykdæla, Íþróttafélagið Undri í Dalabyggð og heilbrigðisteymi Skautafélags Akureyrar.

Ný stjórn UMFÍ

Á Sambandsþingi UMFÍ urðu töluverðar breytingar á stjórn UMFÍ. Af ellefu einstaklingum í stjórn komu sjö nýir inn.

Eftir stóðu fjórir af fyrri stjórn. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, var sjálfkjörinn áfram.

Ný inn í stjórnina komu eftirfarandi (í stafrófsröð):

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Halla Margrét Jónsdóttir, Helgi Sigurður Haraldsson, Margrét Sif Hafsteinsdóttir og Skúli Bragi Geirdal voru kosin í aðalstjórn. Birgir Már Bragason og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson voru kosnir í varastjórn.

Þau sem hlutu endurkjör voru:

Sigurður Óskar Jónsson, sem kosinn var í aðalstjórn og Gunnar Þór Gestsson og Ragnheiður Högnadóttir, sem voru kosin í varastjórn með Sigurði Eyjólf.

Öll íþróttahéruð í UMFÍ

Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV) varð sambandsaðili UMFÍ í maí árið 2025. Þar með lauk vegferð sem hófst fyrir rúmum 25 árum þegar Íþróttabandalög landsins sóttu fyrst um aðild að UMFÍ. Þau fengu lengi vel neitun. Fyrstu íþróttabandalögin fengu umsókn um aðild að UMFÍ samþykkt árið 2019 og hefur þeim fjölgað síðan þá. Með aðild ÍBV voru öll íþróttafélög landsins orðin aðildarfélög UMFÍ.

„UMFÍ er búið að ná því að vera þessi landssamtök sem það stendur fyrir. Allt landið undir og þar með víðfeðmara og meiri kraftur“ sagði Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, í telefni af þessum áfanga.

Björgunarpakkinn

Samþykkt var á Sambandsþingi UMFÍ í október 2025 að greiða tilteknum íþróttahéruðum samtals 60 milljónir króna næstu tvö árin. Þetta er tímabundin fjárhagsaðstoð sem veitt er annars vegar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ og hins vegar með því að ganga á eigið fé UMFÍ. Aðgerðin var talin nauðsynleg til að dempa höggið sem sumir sambandsaðilar urðu fyrir vegna breytinga á útgreiðslu lottófjár sem samþykktar voru á sínum tíma.

Eftir Sambandsþingið var vinnuhópur settur á laggirnar sem vann tillögurnar áfram. Í nóvember sama ár voru tillögurnar og útfærslan á björgunarpakkanum kynnt sambandsaðilum UMFÍ. Enn hélt vinna áfram við útfærsluna og sviðsmyndagreiningar. Uppfærðar tillögur voru lagðar fram á fundi stjórnar UMFÍ 12. desember 2025.

Niðurstaðan var sú að 19 íþróttahéruð af 20 sem sóttu um björgunarpakkann uppfylltu skilyrði og fengu greiðslur úr björgunarpakkanum. Tekið var fram við útgreiðsluna að um var að ræða einskiptisaðgerð sem ekki er hægt að gera ráð fyrir til framtíðar.

Lottó

UMFÍ greiddi sambandsaðilum 361,5 milljón krónur á síðasta ári. Hluti af upphæðinni er 63,2 milljóna króna aukagreiðsla sem greidd var eignaraðilum Íslenskrar getspár vegna góðrar afkomu



á árinu. Af heildarupphæðini, 361,5 milljónum króna, fóru 63,7 milljónir, eða sem nemur 15% til svæðisstöðva íþróttahéraðanna. Til samanburðar nam heildargreiðslan 293 milljónum króna árið 2024, þar af nam aukagreiðsla vegna góðrar afkomu Íslenskrar getsþár, 44 milljónum króna.

Mótahald og viðburðir

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 27. - 29. júní árið 2025 í Fjallabyggð. Keppt var í þrettán greinum bæði á Siglufirði og á Ólafsfirði. Þetta var í þrettánda sinn sem mótið var haldið og fyrsta skiptið sem það var haldið í Fjallabyggð. Mikill áhugi var á mótinu í Fjallabyggð og voru þátttakendur 350 talsins. Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, og Björn Skúlason, maður hennar, voru viðstödd setningu mótsins og sagði Halla þátttökuna sýna að aldur er engin fyrirstaða.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður í Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit og dreifist keppnisvæðið nokkuð. Mótið er haldið í samstarfi við Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE) og sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit.

Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2025. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmenna- og íþróttasamband Austurlandi (UÍA) og sveitarfélagið Múlaþing. Þátttakendur voru 1.082 talsins á aldrinum 11-18 ára og voru skráningar 5.588 talsins, sem er met. Boðið var upp á 21 íþróttagrein og fjölda opinna viðburða fyrir þátttakendur og mótsgesti.

Héraðssamband Þingeyinga (HSP) hlaut Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ.

Unglingalandsmót UMFÍ fer næst fram á Sauðarkróki um verslunarmannahelgina 2026 í samstarfi við Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörð.

Breytt fyrirkomulag

Úthlutun Unglingalandsmóta hefur verið breytt. Nú er horft til þess að mótið færist reglulega á milli nokkurra sambandsaðila.



Drulluhlaup Krónunnar

Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Krónunnar. Það var haldið í fjórða sinn í Mosfellsbæ 16. ágúst 2025. Þátttakendum hefur fjölgað jafnt og þétt og voru þeir annað árið í röð yfir eitt þúsund. Það er um þreföldun frá fyrsta hlaupi. Hlaupaleiðin er jafn löng og áður og með fjölda hindrana, sem var breytt að stórum hluta árið 2025.

Skólabúðir á Reykjum

UMFÍ tók við rekstri Skólabúðanna á Reykjum í Hrótafirði haustið 2022. Reksturinn er nú orðið að umfangsmesta verkefni UMFÍ með 8 manns í föstu starfi og nokkrum í hlutastarfi. Árlega koma þangað um 3.200–3.600 nemendur í 7. bekk og umsjónarfólk af öllu landinu og dvelur hver hópur í fjóra daga. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogaþæfni og sjálfsmynd og þroska styrkleika sína.

Húsnæði Skólabúðanna á Reykjum henta afar vel fyrir vinnustofur, fundi og ráðstefnur. Þar er gisting fyrir 120 manns og rými til funda í þremur stórum húsum, íþróttahús, sundlaug og gott útivistarsvæði. UMFÍ hvetur aðildarfélög sín til þess að nýta húsnæðið fyrir hópefli eða aðra viðburði á sínum vegum.

Stefnumótun UMFÍ

Árið 2021 kom út stefna UMFÍ sem bar yfirskriftina Horft til framtíðar. Samhliða henni kom út starfsáætlun til þriggja ára.

Á sambandsráðsfundi UMFÍ í október 2024 var samþykkt að láta stefnu UMFÍ gilda til sambandsþings UMFÍ 2025. Á þingi UMFÍvar svo samþykkt að fara í sameiginlega stefnumótun með ÍSí. Sú vinna hófst með formlegum hætti á formannafundi ÍSí á Akranesi strax í nóvember. Í framhaldinu var fundað með fulltrúum íþróttafélaga, sveitarfélaga og mörgum fleirum um heildstæða stefnumótun. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, ráðgjafi hjá fyrirtækinu Expectus ráðgjöf hefur stýrt fundunum frá upphafi. Unnið hefur verið að því að heyra sem raddir flestra. Í kjölfarið hafa verið skipulagðir fundir víða um land með forsvarsfólki íþróttahéraða og sveitarfélaga þar sem einblínt er á stefnumótun íþróttahreyfingarinnar.

Ertu á almannaheillaskrá?

Það getur borgað sig að skrá íþrótt- og ungmennafélagið sem félag til almannaheilla og á almannaheillaskrá Skattsins. Félag á skránni fá endurgreiddan fjármagnstekjuskatt og getur það munað heilmiklu fyrir félög hvort sem þau eru stjórn eða lítil. Skráning á almannaheillaskrá Skattsins eykur líkur á að fólk og fyrirtæki leggi félagi sínu til stuðning ef fyrir liggur að viðkomandi fær endurgjöf í formi skattafrádráttar.

Fræðsla og forvarnir

Ungt fólk og lýðheilsa

Um 100 ungmenni á aldrinum 15 – 25 ára af öllu landinu tók þátt í ráðstefnu ungmennaráðs UMFÍ; Ungt fólk og lýðheilsa, sem fram fór í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum í Hrótafirði í september 2025. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar voru félagslegir tófrar og þau ósýnilegu gildi sem verða til í samskiptum



og samveru fólks. Þeir móta hugmyndir, hegðun og sjálfsmynd fólks. Draga fólk hvert að öðru, gerir hóp að liði og samfélag að samfélagi. Ráðstefnan hefur það markmið að hvetja ungt fólk til þátttöku í félagsstarfi íþrótta- og ungmennafélags-hreyfingarinnar á nýjan hátt, ekki aðeins með því að mæta á hefðbundar íþróttaæfingar. Félagsfræðingurinn Viðar Halldórs-son flutti erindi um félagslega töfra og stýrði vinnustofum.

Markmið ráðstefnunnar er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til þess að koma saman og koma með tillögur að bættri lýðheilsu í samfélaginu. Þátttakendur sem hafa áður komið á ráðstefnuna sögðu áhrif hennar afar góða. Ungmennaráð UMFÍ stóð að öllum undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa er haldin um svip- að leyti á hverju ári. Ráðstefnan 2025 verður haldin í húsnæði Skólalúðanna í september 2026.

Miðlun og samskipti

Starfsskýrsluskil

Fyrstu skil í nýtt starfsskýrslukerfi sambandsaðila og aðildarféлага UMFÍ og ÍSÍ fóru fram vorið 2023. Eins og á við um alla hluti er ævinlega unnið að því að bæta kerfið og gera það not- endavænna.

Það er á ábyrgð hvers félags að yfirfara eigin upplýsingar og staðfesta þær við skil þeirra í kerfin.

Skilafrestur er til 15. apríl ár hvert. Þrátt fyrir það trassa nokkur félög skilin þegar lokadagurinn rennur upp. UMFÍ hvetur íþróttahéruð til þess að bregðast við sé skýrslum ekki skilað hjá aðildarfélagum sínum.



Útgáfa og kynningamáli

Þrjú tölublöð af Skinfaxi komu út árið 2025, Göngubók og tvö mótablöð í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglinga- landsmót UMFÍ. Auk þess gefur UMFÍ líka út mjög reglulega fréttabréf með upplýsingum úr hreyfingunni og gagnlegum upp- lýsingum fyrir sambandsaðila. UMFÍ sinnir jafnframt lýðræðis- legu hlutverki og sendir nefndum Alþingis umsagnir um tug- mála á hverju ári.

Samstarf

UMFÍ leggur áherslu á samvinnu og tekur í samræmi við það þátt í fjölmörgum verkefnum og viðburðum með öðrum samtökum. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og UMFÍ vinna náið saman að fjölmörgum verkefnum.

Stærsta sameiginlega verkefnið eru svæðisstöðvar íþrótta- héraðanna auk skilakerfis íþróttahreyfingarinnar og ýmsum við- burðum eins og ráðstefnan Konur og íþróttir, sem haldin hefur verið ár hvert upp á síðkastið í tilefni af Alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Nú síðast var viðburðurinn haldinn föstudaginn 6. mars 2025 þar sem m.a. voru kynnt rúmlega 40 fræðsluvídeó. Um 80 þátttakendur mættu á viðburðinn sem fram fór í Íþrótta- miðstöðinni í Laugardal.

Margir fleiri viðburðir eru unnið saman, þar á meðal stefnumótun íþróttahreyfingarinnar og fleiri minni verkefni.

Ekki má gleyma viðburðum á Degi sjálfbærðar lífshæðis 5. desember ár hvert, sálfélagslegri þjálfun sem byggir á aðferðafræði 5C, verkefninu Vertu með, sem hefur það að markmiði að auka þátt- töku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi - og mörg fleiru.

UMFÍ vinnur líka með ÍSÍ að ýmsum öðrum verkefni, svo sem í slagtogu við Íþróttasamband fatlaðra að verkefninu Allir með, ráðstefnu á Reykjavíkurleikunum með Íþróttabandalagi Reykja- víkur, Forvarnardeginum, sem haldinn er í grunn- og framhalds- skólum landsins einu sinni á ári með Embætti landlæknis, for- setaembættinu og fleirum. Á meðal annarra verkefna má nefna Æskulýðsvettvanginn, sem UMFÍ starfrækir með Bandalagi íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Undir merkjum Æskulýðsvettvangsins og í sam- starfi við m.a. samskiptaráðgjafa í íþrótta- og æskulýðsstarfi hefur verið unnin samræmd viðbragðsáætlun fyrir íþrótta- og æskulýðsfélög, síðareglur og ýmislegt fleira.

Þá er ótalin Leiðtogabjálfun, sem var ýtt úr vör í byrjun árs 2026 og er samstarfsverkefni UMFÍ, KSÍ og UEFA (evrópska knatt- spyrnusambandsins). Fyrirtækið KVAN vinnu í samstarfi við íþróttafélagið Fram og Dalsskóla, Ingunnarskóla og Sæmundar- skóla. Verkefnið byggir á þeirri hugmynd að öll sem vilja geti til- einkað sér leiðtogahæfni og þess háttar hegðun og geti unnið gegn neikvæðri hegðun.

Svæðisfulltrúar

Sextán svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna hófu störf um allt land um mitt ár 2024. Á þeim tíma hafa þeir unnið að fjölda verk- efna sem snúa að aukinni þátttöku barna í íþróttum, bættu að- gengi og samvinnu hagsmunaaðila. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð geti tekist á við núverandi og fyrirséð verkefni, styrki stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvisu.

Ásamt því að hver svæðisfulltrúi vinni á sínu svæði, þá vinna þeir saman í vinnuhópum þvert á svæðin. Málefnið sem hóparnir

vinna að hverju sinni eru ákveðin í takt við það sem ákall er um í hreyfingunni.

Á meðal fjölmargra verkefna sem svæðisfulltrúarnir hafa komið að með einum eða öðrum hætti eru eftirfarandi:

Ferðakostnaður barna á landsbyggðinni.

Aukið framboð á íþróttagreinum og ný úrræði fyrir börn með fötlun.

Sambætting íþrótta- og skólastarfs.

Aukin þátttaka barna af erlendum uppruna, m.a. með móttöku- aðgerðum og kynningarbakklungum á fjölda tungumála.

Aðgerðaráætlanir fyrir sitt landssvæði.

Málþing og ráðstefnur í samstarfi við íþróttahérað.

Samvinna við sveitarfélag um að koma á frístundastyrk í sveitar- félagi.

Samningar íþróttahéraða og aðildarféлага við sveitarfélög

Stuðningur á æfingum við börn með fatlanir eða aðrar áskoranir.

Íþróttaskóli - sambætting frístundar og íþróttastarfs sem miðar að því að allir hafi tækifæri til að stunda íþróttir.

Vefsvæði svæðisstöðva íþróttahéraðanna er www.siu.is.

Rekstur

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar:

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar er nýr sjóður á vegum ÍSÍ og UMFÍ með stuðningi Mennta- og barnamálaráðuneytis. Sjóður- inn styrkir verkefni sem miða að útbreiðslu íþrótta og aukinni þátt- töku barna í íþróttum í samræmi við sérstaka áhersluflokka.

Opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn í byrjun árs 2025 og voru veittir 154 styrkir upp á samtals 87 milljónir króna í þau þrjú skipti sem opnað var fyrir umsóknir.

58 styrkir voru veittir til eflingar þátttöku barna með fötlun, 20 styrkir veittir til að efla þátttöku barna frá tekjulægri heimilum og 22 styrkir voru veittir til að efla þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Til viðbótar voru 54 styrkir veittir til útbreiðslu og þátttöku barna í íþróttum.

Fræðslu- og verkefnasjóður

Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ er stærstur sjóðanna en hann styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Umsóknarfrestir eru tveir á ári, að vori og að hausti. Árið 2025 bárust sjóðnum 242 umsóknir um styrki. Styrkir voru veittir til 195 verkefna upp á rúmar 53,5 milljónir króna. Til samanburðar hlutu 177 verkefni styrki upp á rétt rúmar 39,2 milljónir króna árið 2024 og 144 verkefni hlutu styrk upp á rúmar 20 milljónir árið 2023.

Umhverfissjóður UMFÍ

UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóði. Árið 2025 voru veittir styrkir til fimmtán verkefna upp á 6,2 milljónir króna. Til samanburðar voru verkefnið sex árið 2025 upp á 3,4 milljónir.

Frá aðildarfélagunum



Ungmennafélagið Álftanes

Aðalfundur UMFÁ var haldinn 23. apríl 2025 í félagsaðstöðu félagsins við Breiðamýri.

Eftirfarandi einstaklingar voru kjörnir í stjórn:

Guðjón Þorsteinsson, formaður,
Kristján Jón Jónatansson gjaldkeri,
Brjánn Guðjónsson meðstjórnandi,
Óskar Alfreðsson meðstjórnandi,
Andri Janusson meðstjórnandi.

Ungmennafélag Álftaness er með 5 deildir starfræktar, þ.e. knattspyrnu-, körfuknattleiks-, blak-, soobahkdo- og almenningssíþróttadeild.

Knattspyrnudeildin er sem fyrr stærsta deildin. Meistaraflokkur karla spilaði í 4.deild síðasta sumar eftir að hafa sigrað 5 deildina árið áður. Mfl karla hélt sæti sínu í 4. deildinni og stefnir hærra upp á næstu árum.

Meistaraflokkur kvenna spilar í 2.deildinni og hefur verið í samstarfi við Stjórnuna með að manna mfl kvk en eftir síðasta tímabil var ákveðið að slíta því samstarfi og tefla fram liði sem eingöngu yrði frá Álftanesi án styrkingar frá Stjórnunni. Þetta verkefni hefur byrjað vel og hafa stelpurnar verið að spila vel í sínum leikjum sem búið er að spila í vetur.

Yngri flokkar hafa eingöngu verið upp í 5 flokk en í ár verður telt fram 4 flokki hjá drengjunum og vonir standa til að geta verið með 4 flokk hjá stúlkunum á næsta ári.

Mikil fjölgun hefur verið í yngsta flokknum, 8 flokki, en þar eru að jafnaði um 50 iðkendur á hverri æfingu en þau æfa 2x í viku í íþróttahúsinu. Æfingarnar hafa vakið mikla lukku og hafa þjálfarar náð að fjölga jafnt og þétt í hópnum með góðum og skemmtilegum æfingum.

Körfuknattleikurinn heldur áfram að vaxa og átti meistaraflokkur karla sitt besta tímabil frá upphafi er liðið náði þeim frábæra árangri að komast í undanúrslit og datt þar út gegn Tindastóli í hörku viðureign. Yngri flokkar hafa vaxið og dafnað og eru nokkrir flokkar farnir að spila í A riðlunum og á síðasta tímabili kom fyrsti Íslandsmeistarititill deildarinnar í hús er mb. 10 ára drengja varð Íslandsmeistari í A riðli.

Þetta er einungis annar Íslandsmeistarititill félagsins í hópíþróttum, en sá fyrsti kom er 5 flokkur stúlkna varð Íslandsmeistari í fótbolta árið 2022.

Blakdeildin hefur þurft að draga aðeins saman seglin þar sem ekki náðist nógu mikill fjöldi til að halda úti yngri flokka starfsemi og einnig var ákveðið að vera ekki með lið í efstu deildinni, heldur að tefla fram liði í 1. deild kvenna. Á þær æfingar hafa verið að mæta um 25 iðkendur og hefur það gengið vel. Shoobahkdo deildin hefur haldið sínum iðkendum og hefur æft í 3x í viku og er með æfingar fyrir börn, unglinga og eldri hópa og hefur verið ágætis aðsókn í þessar æfingar.

Almenningssíþróttadeildin heldur áfram að stækka og er þar hlaupahópurinn fjölmennastur, þar sem þau æfa 2-3 sinnum í viku auk styrktaræfinga.

Auk þess er sumarstarf fyrir yngri iðkendur þar sem boðið er upp á æfingar í fótbolta og körfubolta. Íþróttaskólinn heldur áfram að vekja mikla lukku og eru æfingar alla miðvikudaga yfir veturinn og hafa verið þar að jafnaði milli 50-60 ungir upprennandi iðkendur ungmennafélagsins á fullu.

Í vor er komin sú hefð í bæjarfélaginu að vera með bæjarhátíðina Forsetabíkarinn og eru sú hátíð orðin mjög vinsæl í bæjarfélaginu og langt út fyrir bæjarmörk. Hátíðin er haldin í lok maí þar sem farið er í leiki og alls konar afþreying er í boði.



Boginn

Árið 2025 var enn eitt viðburðaríka og spennandi ári fyrir Bogfímifélagið Bogann. Keppendur félagsins náðu frábærum árangri á mótum, jafnt innanlands sem erlendis. Ungmennastarfið er enn sterkt og þjálfun hefur dafnað vel.

Boginn fjárfesti í utandyraskotmörkum á árinu og hélt Íslands-



mót Ungmenna í Fagralundi í Kópavogi í ágúst við frábær veðurskilyrði, viljum við þakka Kópavogsbæ og starfsfólki Fagralundar fyrir góðar móttökur og hjálpinu við mótið.

Árið byrjaði á síðustu bikarmótunum á 2024-25 tímabilinu innandyr þar sem Valgerður Hjaltedest varð bikarmeistari í sveigboga og Ragnar Smári Jónasson í trissuboga. Eftir því fóru fram Íslandsmeistarabátar innandyr og tók góður fjöldi þátttakenda frá Boganum þátt, en það voru Ragnar og Þórdís Unnur Bjarkadóttir í trissubogaflokki sem urðu Íslandsmeistarar. Í sveigbogaflokki voru það Marín Aníta Hilmaradóttir, Valgerður og Ragnar Þór Hafsteinsson sem voru Íslandsmeistarar. BF Boginn varð einnig Íslandsmeistari liða í sveigboga. Gott gengi keppenda Bogans hélt áfram á Íslandsmóti langboga og berboga, Sveinn Sveinbjörnsson varð Íslandsmeistari í langbogaflokki, bæði karla og óháð kyni (unisex) flokkum. Sölvi Óskarsson varð svo Íslandsmeistari í berboga karla í fyrsta sinn.

Utandyr þá voru það Marín og Valgerður sem urðu Íslandsmeistarar, skiptust á kvenna og óháð kyni titlum. Þórdís varð svo Íslandsmeistari í trissuboga kvenna flokki í brjáluðu veðri í Þorlákshöfn. Guðmundur Örn Guðjónsson sigraði í langboga. Lið BF Bogans urðu Íslandsmeistarar í berboga, sveigboga og trissuboga. Bikarmótaröð BFSÍ var einnig haldið í ár utandyr í Þorlákshöfn, og var það Marín úr Boganum sem varð bikarmeistari 2025.

Keppendur Bogans því mikið hrós fyrir góð gengi mótum innanlands. Baldur Freyr Árnason og Þórdís Unnur Bjarkadóttir voru svo valin íþróttafólk ársins 2025 fyrir gengið sitt á árinu.

Auk afreka innanlands þá tóku keppendur Bogans þátt á mótum víða í heiminu í ár og unnu til fjölda verðlauna. Fyrsta stóra mótið var Evrópumeistaramót innandyr í Tyrklandi í febrúar, þar sem fjölmargir keppendur frá Boganum kepptu. En þar vann Baldur Freyr Árnason til silfurverðlauna í U21 berboga karla, og Heba Róbertsdóttir í U21 berboga kvenna, sem er besti árangur Íslendinga á þessu móti til þessa.



Breiðablik

Árið 2025 var öflugt og viðburðaríkt hjá Breiðabliki. Aðalfundur félagsins fór fram 14. maí í Smáranum þar sem Ásgeir Baldurs var endurkjörinn formaður og Pétur Hrafn Sigurðsson endurkjörinn í stjórn. Ný í stjórn komu Elma Björk Bjartmarsdóttir og Ingvi Þór Georgsson.

Íþróttastarf aðalstjórnar hélt áfram með góðum árangri. Íþróttaskólinn var vel sóttur með yfir 100 börn á aldrinum 2–5 ára sem sækja æfingar á laugardagsmorgnum í Smáranum og sumarnámskeið fyrir 6–10 ára börn gengu einnig vel. Eldri borgara leikfimi hélt áfram starfsemi sinni í breyttu formi í samstarfi við verkefnið Virkni og vellíðan.

Frjálsíþróttadeild átti afar gott ár með 51 Íslandsmeistaratitil og sex Íslandsmet. Fjöldi iðkenda var einnig valinn í æfingahóp ungliðsliðs FRÍ og nokkrir tóku þátt í landsliðsverkefnum. Í karate voru merki um nýja kynslóð efnilegra iðkenda. Aron Páll varð meðal annars bikarmeistari Karatesambands Íslands og Arna Kristín vann til gullverðlauna bæði á RIG og Íslandsmeistararamótinu í kata. Una Borg varði Íslandsmeistaratitil sinn og náði meðal annars bronsverðlaunum á Norðurlandamóti. Á árinu lést Magnús Kristinn Eyjólfsson, sem hafði um árabíl lagt deildinni mikið lið sem þjálfari, stjórnarmaður og landsliðsþjálfari.

Kraftlyftingadeildin hélt fjögur stór meistaramót í Digranesi og iðkendur náðu góðum árangri bæði innanlands og á alþjóðlegum mótum. Fjöldi Íslandsmeta og meistaratitla vannst og Guðfinnur Snær Magnússon var meðal annars valinn kraftlyftingamaður ársins hjá Kraftlyftingasambandi Íslands.

Hlaupahópur Breiðabliks var virkur á árinu og tók þátt í fjölda hlaupa, meðal annars í Vestmannaeyjum, Reykjavíkumaraþoni og fjallahlaupum í Þórsmörk.

Sunddeildin lagði sérstaka áherslu á yngri iðkendur og sundskólann sem hefur stækkað verulega. Snævar Örn Kristmannsson setti eitt heimsmet og þrjú Evrópumet í sínum flokki og sundfólk félagsins vann til fjölda verðlauna á Íslandsmeistaramótum. Einnig átti félagið fulltrúa í landsliðs- og framtíðarhópum Sundsambands Íslands.

Þríbrautardeildin átti gott ár þar sem Sigurður Örn Ragnarsson var valinn þríbrautarmaður ársins eftir að hafa unnið öll mót sem hann tók þátt í og orðið Íslandsmeistari í ólympískri þríbraut. Iðkendur deildarinnar tóku þátt í fjölmörgum mótum innanlands og erlendis, þar á meðal Ironman-keppnum. Deildin skipulagði einnig Kópavogsprautina sem er fyrsta þríbrautarkeppni ársins og var vel sótt.

Hjólreiðadeildin hélt fjögur hjólreiðamót á árinu og Blikar náðu góðum árangri á innlendum og alþjóðlegum mótum. Ingvar Ómarsson vann fjölda Íslandsmeistaratitla og Björg Hákonardóttir varð Íslandsmeistari í cyclocross. Iðkendur félagsins tóku einnig þátt í Smáþjóðaleikunum og heimsmeistaramóti í malarhjólreiðum.

Körfuknattleiksdeildin hélt áfram að vaxa og í lok árs voru um 490 iðkendur skráðir í deildina. Árangur yngri flokka var góður og áfram er lögð áhersla á að byggja meistaraflokk karla að stórum hluta á uppöldum leikmönnum félagsins.

Knattspyrnadeildin er fjölmennasta deild Breiðabliks með um 1700 iðkendur og yfir 1300 leiki á árinu. Meistaraflokkur karla endaði í fjórða sæti Íslandsmótsins og lék í riðlakeppni Sambandsdeildar UEFA. Meistaraflokkur kvenna átti frábært ár og varð bæði Íslands- og bikarmeistari auk þess sem liðið komst í átta liða úrslit Evrópukeppni. Barna- og unglíngastarfið er áfram öflugt og Síamót Breiðabliks, eitt stærsta íþróttamót landsins fyrir stúlkur, var haldið með um 3000 þátttakendum.

Starf Breiðabliks byggir á öflugu samstarfi starfsfólks, sjálfboda-liða, iðkenda og stuðningsfólks. Áfram er lögð áhersla á að efla íþróttastarf félagsins og skapa gott umhverfi fyrir iðkendur á öllum aldri.

Taekwondodeild Breiðabliks starfaði af krafti á árinu 2025 með reglulegum æfingum og virkri þátttöku í mótum. Að jafnaði eru sex æfingar á viku hjá deildinni en æfingum er fylgjað á álags-tímum, til dæmis fyrir Íslandsmeistaramót og svartabeltispróf. Tvö beltapróf voru haldin á árinu auk sérstaks svartabeltisprófs og sérstakur keppnishópur var stofnaður til að efla afreksstarf deildarinnar. Iðkendur tóku þátt í bikarmótum og Íslandsmeistararamóti Taekwondosambands Íslands með góðum árangri, meðal annars með gull- og silfurverðlaunum á Íslandsmeistaramóti í bardaga. Þrír iðkendur eru í undirbúningi fyrir svartabeltispróf árið 2026 og yfirþjálfari sótti æfingabúðir erlendis. Stefnt er

að áframhaldandi uppbyggingu og aukinni menntun þjálfara til að tryggja faglegt og öflugt starf til framtíðar.



Gerpla

Starfsárið 2025 var afar viðburðaríkt og árangursríkt hjá Íþróttafélaginu Gerplu. Félagið hélt áfram að vaxa og dafna, bæði hvað varðar fjölda iðkenda og gæði starfs, og var starfsemin fjöl-

breytt á öllum sviðum fimleika. Mikil aðsókn var í allar deildir félagsins, allt frá kríla- og bangsahópum upp í afreks- og landsliðshópa, auk almennrar deildar, parkour og Special Olympics. Starfsmannahópurinn var stór og öflugur, með yfir 120 þjálfara auk starfsfólks í afgreiðslu og stjórnun.

Á aðalfundi Íþróttafélagsins Gerplu árið 2025 urðu breytingar á stjórn félagsins. Ragnheiður M. Ólafsdóttir lét þá af störfum sem formaður eftir farsælt starf undanfarin ár. Marta Kristín Sigurjónsdóttir, sem áður gegndi hlutverki varaformanns, tók við sem formaður félagsins og Davíð Stefán Guðmundsson tók við embætti varaformanns. Þá gekk Vikar Máni Þórsson nýr inn í stjórn félagsins. Stjórn og starfsfólk Gerplu þakkar Ragnheiði M. Ólafsdóttur innilega fyrir hennar mikla og óeigingjarna framlag til félagsins öll þessi ár, þar sem hún leiddi starf Gerplu af festu og metnaði með skýra framtíðarsýn á mikilvægu uppbyggingartímabili.

Á árinu var lögð rík áhersla á að bæta aðstöðu og búnað. Í janúar 2025 var nýtt áhaldagólf sett upp í Versölum, sem markaði mikil tímamót og bætti æfingaaðstöðu verulega þar sem gamla gólfið var komið til ára sinna. Þá var einnig ráðist í endurbætur á eldhúsi og sameign á annarri hæð félagsins, sem bætti aðstöðuna verulega sem og umgjörð í kringum viðburði á annarri hæð. Keppnisárangur félagsins var með allra besta móti. Iðkendur Gerplu unnu til fjölda Íslands-, bikar- og Norðurlandameistaratitla í áhaldafimleikum, hóp fimleikum og stökkfimi. Sérstaklega

bar á sögulegum árangri á alþjóðavettvangi, þar sem Gerpluiðk-
endur náðu framúrskarandi árangri á Norðurlandamótum, Evr-
ópumótum og heimsbikarmótum.

Á árinu var einnig skrifuð ný síða í sögu íslenskra fimleika þegar
Dagur Kári Ólafsson varð fyrstur Íslendinga til að tryggja sér sæti
í fjölþrautarúrslitum á heimsmeistaramóti í áhaldafimleikum,
sem fram fór í Jakarta í Indónesíu haustið 2025. Þessi árangur
markaði mikil tímamót fyrir íslenska fimleika og staðfesti stöðu
Gerplu sem leiðandi fimleikafélags á landsvísu. Eins náði Hildur
Maja Guðmundsdóttir sögulegum áfanga á alþjóðavettvangi
þegar hún vann til silfurverðlauna fyrir gólfæfingar í úrslitum á
heimsbikarmóti í áhaldafimleikum í Tashkent í Úsbekistan sum-
arið 2025, fyrst íslenskra kvenna.

Hópfimleikadeildir félagsins héldu áfram að vera sterkar, með
fjölmeiri lið í öllum aldursflokkum og góðan árangur bæði innan-
lands og erlendis. Þá var Special Olympics starf Gerplu í miklum
blóma, með þátttöku á innlendum mótum með glæsilegum ár-
angri iðkenda.

Félagslíf var öflugt á árinu, með fjölmeiri viðburðum á borð
við Vörðsýningu Gerplu, uppskeruhátíð, mótahald og öflugt sjálf-
boðaliðastarf. Samstarf við önnur íþróttafélög, leikskóla og skóla
hélt áfram að styrkjast, auk farsæls samstarfs við Kópavogsbæ.
Sumarstarfið var mjög kröftugt árið 2025 og voru haldin fjöldinn
allur af sumarnámskeiðum með metaðsókn. Heilsdags sumar-
námskeiðin voru haldin í Versölum en hálfsgangs – parkournáms-
keið voru haldin í Vatnsenda.

Heildarniðurstaða starfsársins 2025 er afar jákvæð. Gerpla
stendur sterkari en áður, með metnaðarfullt starf, öflugan mann-
auð og skýra framtíðarsýn um áframhaldandi uppbyggingu, ár-
angur og velferð iðkenda á öllum stigum.

Félagsskveðja

Olga Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri



Golfklúbbur Mosfellsbæjar

Rekstur GM

Rekstur GM gekk vel á árinu líkt og undan-
farin ár. Niðurstæða ársins er hagnaður upp á
rúmlega 20 milljónir króna. Með styrk frá Mos-
fellsbæ vegna nýframkvæmda á Hlíðavelli er
heildarafkoma ársins jákvæð um tæpar 26 milljónir króna. Við
höfum undanfarin ár fjárfest mikið í innviðum og er sú upphæð
að nálgast 300 milljónir króna. Það höfum við gert með eigin fé
að langmestu leyti fyrir utan vélalán upp á rúmar 40 milljónir sem
við erum langt komin með að greiða niður.

Vallarsvæðin

Það má segja að sumarið hafi verið alveg stórkostlegt, vorið var



okkur gott og við opnuðum inn á vallarsvæðin snemma, Hlíða-
völl 28. apríl og Bakkakot þann 1. maí. Það er óhætt að fullyrða
að bæði vallarsvæðin hafi verið mjög góð þegar við opnuðum og
verið í topp standi í allt sumar. Það er ekki sjálfgefið að gæðin séu
svona mikil og getum við verið virkilega stolt af því. GM er með
virkilega öflugt og flott lið vallarstarfsmanna sem vinna undir
öruggri handleiðslu Bjarna yfirvallastjóra
Það voru spilaðir rúmlega 86.000 hringir á báðum vallarsvæð-
um í sumar sem er aukning upp á rétt tæplega 16.000 hringi frá
því í fyrra. Veðrið var ótrúlega gott og því mikið um golf auk þess
sem opið var í talsvert fleiri daga en sumarið 2024.

Við leggjum mikinn metnað í báða okkar velli þegar kemur að
viðhaldi og við sjáum það í viðhorfskönnunni sem við sendum
út árlega að félagsmenn eru virkilega ánægðir með bæði vallar-
svæðin. Það er gaman að sjá þá aukningu á spili sem heldur
áfram að aukast í Bakkakoti. Nýju brautirnar eru flott viðbót sem
gerir mikið fyrir svæðið.

Félags og íþróttastarf

Félagsstarfið heldur áfram að blómstra, það er aukning í öllum
flokkum og þátttaka í meistaramóti aldrei verið meiri og er það
til marks um þann góða anda sem hér ríkir. Það er frábær þátt-
taka í kvennastarfinu, 65+ starfið heldur áfram að stækka og er
það starf til mikillar fyrirmyndir sem eftir er tekið. Stjórn vill þakka
öllum sjálfboðaliðum sem fara fyrir þessu starfi kærlega fyrir
þeirra óeigingjörnu vinnu.

Íþrótt og afreksstarfið hefur gengið virkilega vel og í ár eignuð-
umst við fjóra Íslandsmeistara. Við erum virkilega stolt af okkar
fólki sem halda merkjum GM á lofti. Í skýrslu íþróttastjóra sem
kemur hér á eftir er farið yfir helstu sigra og árangur í sumar. Það
hefur einnig orðið mikil aukning í fjölda kylfinga sem æfa hjá
GM og í ár er sá fjöldi að nálgast 200 sem stunda skipulagðar
æfingar.

Félagafjöldi

Félögum í GM fjölgaði á árinu og taldi í lok sumars 2.480 meðlimi.

Aukning er um rúmlega 200 kylfinga frá því í fyrra og teljum við
okkur vera á réttum stað hvað varðar fjölda meðlima. Þessi
aukning skýrist nánast að öllu leyti af auknum fjölda kylfinga
undir 18 ára aldri sem og aukinni aðsókn að aðild í Bakkakoti.
Það er mikilvægt að aðgengi að rástímum sé gott og kom það
bersýnilega fram í viðhorfskönnunni að meðlimir GM eru heilt yfir
ánægðir með aðgengi að rástímum.

Hlíðavöllur og Bakkakot – framtíðarhorfur

Síðastliðið sumar (2024) náðist samkomulag við Mosfellsbæ
um aukið landsvæði inn Leiruvoginn og var Edwin Roald golf-
vallar arkitekt fenginn til liðs við okkur til þess að klára öll skipu-
lagsmál sem og að hanna nýjar brautir. Þetta hefur verið langt og
strangt ferli sem við sjáum núna fyrir endan á. Er það okkar von
að við getum hafist handa við framkvæmdir á vormánuðum. Við
höfum einnig átt í góðu samtali við Landey eiganda Blikastaða-
landsins um samvinnu við efnisflutninga. Við horfum til þess að
það samkomulag tryggi uppbyggingu eldri hluta vallarins.

Framkvæmdir við breytingar á Bakkakoti héldu áfram í sumar
og við opnuðum undir lok sumars inn á nýjar brautir. Það er
óhætt að fullyrða að þær breytingar hafi tekist virkilega vel og
það var gaman að fá þessi ótrúlega jákvæðu og góðu viðbrögð
okkar félaga við þessum breytingum. Næsta sumar munum við
einbeita okkur að því að fullklára og snyrta í kringum þessar nýju
brautir ásamt því að fylla í grunninn þar sem ný 8. flöt verður. Það
er mikilvægt að fá efni þar inn í vor til þess að láta það standa í
góðan tíma áður en hafist verður handa við uppbyggingu flatar-
innar. Einnig munum við fara í teigagerð á 7. og 8. braut.

Æfingasvæði Golfklúbbs Mosfellsbæjar

Það kemur bersýnilega í ljós í viðhorfskönnunum að félögum í
GM er farið að lengja eftir yfirbyggðu æfingasvæði á Hlíðavelli.
Það hefur alltaf verið og er ennþá stefna stjórnar að fara í slíka
uppbyggingu. Við þurfum að forgangsraða þeim verkefnum
sem við förum í og það er okkar skilda að fara vel með fjármuni
klúbbsins. Nú erum við komin á góðan stað hvað varðar véla-
flotann sem og að Klettur er fullkláraður og stendur fyrir sínu. Við
höfum því farið af stað í undirbúning á því að byggja glæsilegt æf-
ingahúsnæði sem mun sóma sér vel á þeim stað sem æfinga-
svæðið okkar er á í dag. Þar erum við að horfa til þess að hafa
glæsilega heilsárs aðstöðu með bæði Trackman golfhermum
sem og Trackman range. Ásamt því munum við þá fá Hlíðavöll
inn í Trackman sem er mikið fagnaðarefni. En þetta er stórt og
mikið verkefni og vinnan á frumstigi, en við bindum vonir við að
geta sagt ykkur meira frá þessu fljótlega.

Einnig viljum við enduropna æfingasvæðið í Bakkakoti en í ann-
arri mynd en áður. Þar sjáum við fyrir okkur glæsilegt stutta spils
æfingasvæði þar sem hægt verður að æfa golfhögg allt upp í 100
metra þar sem slegið er inn á glæsilega flöt.



Golfklúbbur Ness

Aðalfundur Golfklúbbs Ness – Nesklúbbsins fyrir starfsárið 2025 var haldinn 27. nóvember síðastliðinn. Lögum félagsins samkvæmt var þar lögð var fram skýrsla stjórnar sem og reikningar sem voru samþykktir samhljóða.

Engin breyting varð á stjórn klúbbsins sem er þannig skipuð fyrir árið 2026:

Formaður: Þorsteinn Guðjónsson

Varaformaður, Elsa Nielsen

Ritari, Árni Vilhjálmsson

Ásgeir Bjarnason

Guðrún Valdimarsdóttir

Jóhann Karl Þórisson

Þórkatla Aðalsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri er: Haukur Óskarsson

Starfsárið 2025 var viðburðaríkt og eftirminnlegt í sögu Nesklúbbsins. Árið hófst með miklum áskorunum þegar aftaka-veður gekk yfir landið í lok febrúar og olli verulegum skemmdum á Nesvellinum. Grjót og sandur bárust yfir stór svæði vallarins og ljóst var að umfangsmikil vinna þyrfti til að koma honum aftur í gott ástand. Viðbrögð félagsmanna létu þó ekki á sér standa og á nokkrum dögum mættu á þriðja hundrað sjálfbóaliðar til að taka til hendinni. Með sameiginlegu átaki var fjarlæggt mikið magn grjóts og sands og með stuðningi Seltjarnarnesbæjar og vinnu starfsfólks klúbbsins tókst að koma vellið aftur í gott hof þegar tímabilið hófst. Þegar leið á sumarið hafði völlurinn náð sér með miklum sóma og var í mjög góðu ástandi þegar stærstu mót sumarsins fóru fram.

Árið var einnig farsælt hvað varðar þróun og rekstur klúbbsins. Unnið hefur verið markvisst að því að bæta innviði og aðstöðu og hefur golfskálinn verið endurnýjaður að stórum hluta á undanförunum árum. Klúbburinn býr nú yfir góðri æfingaaðstöðu bæði inni og úti, öflugum starfsfólki og traustum rekstri. Fjöldi leikinna hringja jókst umtalsvert á árinu og á tímabilinu júní til septem-

ber voru leiknir tæplega 29 þúsund hringir, sem er aukning um tæp 13% frá fyrra ári. Nýjar reglur um rástímabókanir og aukin eftirspurn eftir golfi hafa stuðlað að betri nýtingu vallarins. Í Nesklúbbsnum eru nú 800 fullgildir meðlimir og á biðlista eftir félagsaðild eru rúmlega 2000 einstaklingar.

Barna- og unglingastarf Nesklúbbsins hélt áfram að vaxa og dafna á árinu og hefur aldrei verið öflugra. Um 140 börn sóttu reglulegar æfingar hjá klúbbsnum og alls komu 257 börn á golfleikjanámskeið sumarsins. Þegar allt er tekið saman hafa yfir 350 börn og unglingar tekið þátt í starfi klúbbsins á árinu. Áhugi ungs fólks á golfi er því mikill og ljóst að aðstaðan er farin að nálgast þolmörk sín. Árangur ungmenna klúbbsins var einnig eftirtektarverður. U14 stúlkna sveit klúbbsins varð Íslandsmeistari og 15–16 ára drengjasveit vann silfurverðlaun á Íslandsmóti golfklúbba. Einnig náðu einstaklingar úr röðum klúbbsins mjög góðum árangri í bæði innlendum og alþjóðlegum mótum. Félagsstarf klúbbsins var öflugt og fjölbreytt á árinu. Mótahald var með svipuðu sniði og áður og þátttaka góð. Meistaramót klúbbsins var sem jafnan hápunktur tímabilsins og tóku 232 félagsmenn þátt í mótinu í 19 flokkum. Í meistaraflokki karla stóð Heiðar Steinn Gíslason uppi sem sigurvegari eftir spennandi umspil en Karlotta Einarsdóttir sigraði í meistaraflokki kvenna. Góðgerðarmótið Einvígið á Nesinu var haldið í 29. sinn við mikinn fjölda áhorfenda og safnaðist ein milljón króna til góðgerðarmála.

Kvennastarf klúbbsins var einnig blómlegt og fjölbreytt dagskrá í boði fyrir félagskonur yfir árið. Þátttaka í viðburðum og mótum var góð og markmið kvennanefndar um að efla félagsstarf og þátttöku kvenna í golfi hefur tekist vel. Inniaðstaða klúbbsins, Nesvellir, hefur einnig haft mikil áhrif á starfsemi klúbbsins og sérstaklega barna- og unglingastarfið. Þar æfa yfir veturinn vel á annað hundrað krakkar og aðstaðan hefur orðið mikilvægur þáttur í þjálfun og þróun kylfinga.

Heilt yfir var starfsárið því farsælt þrátt fyrir erfiðar aðstæður í upphafi árs. Samheldni félagsmanna, öflugt sjálfbóaliðastarf og metnaður starfsfólks og stjórnar gerðu það að verkum að takast tókst á við áskoranir ársins og halda áfram að þróa starf klúbbsins til framtíðar.



Hestaíþróttafélagið Hörður

Stjórn og starfsmenn

Formaður félagsins er Jón Geir Sigurbjörnsson. Í stjórn sitja einnig Anna Lísu Guðmundsdóttir, Brynjar Már Valdimarsson, Gylfi Freyr Albertsson, Margrét Dögg Halldórsdóttir, Hermann Jónsson, Lára Ösp Óliversdóttir, Ragnhildur B. Traustadóttir og Ragnheiður Þorvaldsdóttir.



Starfsmenn félagsins á árinu voru Rúnar Geir Sigurpálsson framkvæmdastjóri, Sonja Noack á skrifstofu, Thelma Rut Davíðsdóttir yfirreiðkennari og Guðrún Magnúsdóttir sem sinnir útleigu Harðarból.

Starfssemi félagsins

Vetrarstarfið var öflugt og hófust námskeið fyrir áramót og héldu áfram yfir veturinn fyrir fólk á öllum aldri. Vetrarmót félagsins voru haldin með hefðbundnu sniði og áfram var haldið með svokölluð tölumót þar sem knapar fá skriflega umsögn dómara í stað úrslita.

Félagslífið var líflegt á árinu. Kótílettukvöld og árshátíð voru vel sótt og á gamlársgang var riðið í Varmadal líkt og venja er. Nefndir félagsins stóðu fyrir fjölbreyttum viðburðum, meðal annars reiðtúrum, kynbótaferð og sameiginlegum félagsreiðum.

Ferðanefnd skipulagði meðal annars vel heppnaða fjögurra daga Kjósareið sem naut mikilla vinsælda. Hreinsunardagur var haldinn í vor með góðri þátttöku félagsmanna.

75 ára afmæli félagsins

Félagið fagnaði 75 ára afmæli sínu þann 14. desember með hátíðardagskrá í reiðhöll Harðar. Afmælinu var fagnað með sýningu félagsmanna þar sem ungir og aldnir sýndu hesta, reiðmennsku og kynntu starf félagsins. Að sýningu lokinni var teymt undir börnum og boðið upp á kaffi, vöffur og drykki. Viðburðurinn var vel heppnaður og vel sóttur.

Við þetta tækifæri voru féluginu færðar góðar gjafir og ber þar sérstaklega að nefna útskorið ræðupúlt frá UMSK sem er bæði vegleg og eftirminnleg gjöf á þessum tímamótum.

Rekstur og mannvirkir

Rekstur reiðhallarinnar gekk vel og var hún mikið nýtt til kennslu, námskeiða og viðburða.

Um 70 fullorðnir og rúmlega 50 börn og unglingar sóttu námskeið á árinu.

Á haustmánuðum var ráðist í endurnýjun á gólfi reiðhallarinnar sem hefur bætt aðstöðu til þjálfunar og loftgæði í höllinni til muna.

Reiðhöllin var einnig vettvangur móta á vegum Meistaradeildar æskunnar og Meistaradeildar ungmenna. Þau mót eru stór og tókust vel, en þessa deildir fá aðstöðuna sér að kostnaðarlausu sem styrk Harðar til æskulýðsstarfs á landsvísi. Harðarbol var áfram í reglulegri útleigu fyrir viðburði og unnið var að endurbótum á hljóðvist í húsinu.

Reiðleiðir og umhverfi

Unnið var að kortlagningu og forgangsröðun reiðleiða í Mosfellsbæ í samstarfi við bæinn.

Í hæsta forgangi eru reiðleiðir næst hesthúsahverfinu, svo sem Tungubakka hringur og leiðir í átt að Blikastaðanesi.

Fyrsti áfangi lýsingar á Tungubakkahringnum var tekinn í notkun á árinu sem er mikilvægt öryggismál fyrir reiðmenn. Hafist var handa við annan áfanga í lok árs og vonir standa til að þeim þriðja og síðasta verði lokið í haust. Einnig var unnið að lagfæringum á ýmsum reiðleiðum og nýr kafla lagður af Vegagerðinni milli Hafra- vatnsveggar og Óskotsveggar sem eykur öryggi reiðmanna þar umtalsvert.

Beit var úthlutað með svipuðu sniði og áður og um 90 aðilar voru með beitarhólf á vegum félagsins.

Íþróttarárangur

Harðarfólk náði góðum árangri á keppnisvellinum á árinu og tók þátt í fjölmörgum mótum bæði innanfélags og á stærri mótum hestamanna um allt land.

Íþróttakona Harðar 2025 var Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir, sem varð fyrst íslendinga til að landa heimsmeistarititli í slak- taumatölti T2 á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Sviss síðastliðið sumar og íþróttakarl Harðar 2025 var Kristinn Karl Garðarsson.

Þau náðu bæði framúrskarandi árangri á árinu og voru meðal fremstu keppenda félagsins.

Fjárhagur og framtíð

Félagið stendur vel fjárhagslega og rekstur þess er í góðum far- vegi. Starf félagsins byggir að stórum hluta á öflugu sjálfböð- aliðastarfi og virkni félagsmanna.

Á komandi starfsári verður áfram lögð áhersla á að efla íþrótt- starf, styrkja æskulýðsstarf og bæta aðstöðu og reiðleiðir fyrir hestamenn í Mosfellsbæ.



Knattspyrnufélagið Miðbær (KM)

Knattspyrnufélagið Miðbær (KM) heldur áfram að vaxa og dafna sem mikilvægur vettvangur fyrir knattspyrnuáhugafólk af öllum uppruna. Félagið var stofnað árið 2018 og hefur síðan árið 2019 tekið þátt í Íslands- mótinu í knattspyrnu (11 manna bolta).

Árið 2025 reyndist sögulegt fyrir félagið þar sem meistaraflokkur



karla náði sínum besta árangri frá upphafi með því að hafna í 4. sæti í 5. deild karla. Krafturinn í starfinu heldur áfram að aukast, en í janúar 2026 vann Futsal-liðið KM Íslandsmeistaratitlinn í Futsal. Með þeim sigri tryggði liðið sér sæti í forkeppni Meistara- deildar Evrópu (UEFA Futsal Champions League) sem fram fer í ágúst 2026.

KM leggur ríkan metnað í fjölmenningu og inngildingu. Hjá fé- laginu æfa og spila leikmenn af 14 mismunandi þjóðernum – Íslendingar, aðfluttir og flóttamenn. Félagið býður upp á opinn vettvang þar sem allir eru jafnir og fá tækifæri til að efla félagsleg tengsl í gegnum íþróttina. Félagið æfir og spilar heimaleiki sína í Kórnum í Kópavogi undir dyggri stjórn Joaquín Linares Cordoba, formanns félagsins, sem valinn var Grasrótarpersóna KSÍ árið 2023.



Tennisfélag Kópavogs

Barna og unglingastarf

Tennisfélag Kópavogs heldur úti æfingum í Tennishöllinni og í grunnskólum víðsvegar í Kópavogi. Félagið heldur áfram að stækka og

er það að mestu leyti þökk sé því frábæra starfi sem unnið er í grunnskólum Kópavogs í samstarfi við frístund auk þess sem þátttakendum í padel fer vaxandi. Helsta vandamál félagsins er það sama og síðustu ár, þ.e. æfingar unglinga eru svo vel sóttar að ekki er hægt að taka við fleiri spilurum á þeim aldri. Íðkendum í Afrekshóp 1 sem er sterkasti hópur félagsins í tennis fer stækk- andi og eru spilarar úr öðrum félögum byrjaðir að mæta á þær æfingar. Áhugi á padelæfingum færist í aukana og eru stöðugt nýjir spilarar að óska eftir æfingum. Hingað til hefur svo gott sem sami hópur æft frá upphafi en sökum breytinga í skóla og upp- bókuðum völlum var ekki hægt að sinna öllum þeim spilurum áfram, í apríl árið 2026 ætti það vandamál að leysast með upp- byggingu 6 nýrra padelvallar og samhlíða því bindur félagið von



um meiri vallartíma sem myndi henta þessum spilurum. Kostur- inn við þetta er að það opnaðist rými fyrir nýja spilara og er þetta í fyrsta sinn sem stelpur byrja að æfa padel. Það er ánægjulegt að fá fjölbreytileika í spilarahópinn og sjáum við fram á að starfið muni vaxa en frekar árið 2026. Sumarstarfið svo vel sótt að loka þurfti fyrir skráningu á mörgum af námskeiðunum, það komast því varla fleiri börn að á námskeiðunum en komu í sumar m.v. nú- verandi aðstöðu en sem betur fer sjáum við fram á að fá fleiri velli sem hægt verður að nýta fyrir sumarstarfið með með komandi padelvöllum. Tennis- og leikjaskólinn fer að miklu leyti fram á úti- völlum við hlið Tennishallarinnar en endurbætur á þeim eru væntanlegar fyrir sumarið 2026, sem er virkilega gott fyrir alla leikmenn félagsins, þar sem það er virkilega kominn tími á þá velli.

Mótshald og árangur leikmanna TFK á mótum

Evrópumótið Kópavogur Open mótið í U16 ára flokki var haldið 14.4.25 - 20.4.25 í Tennishöllinni í Kópavogi. 8 þátttakendur sem æfa hjá TFK kepptu á Evrópumótinu, þær Gerður Líf, Mar- ía Ósk, Gabriela og Joyceline kepptu í stúlknaflokki en Andri Mateo, Daniel Pozo og Ómar Páll kepptu í drengjaflokki. Þau kepptu við sterka mótherja enda eru þetta upp til hópa spilarar sem ferðast um í evrópu til að keppta á sambærilegum mótum en drengjunum gekk þó ansi vel og náðu meiri árangri en síðustu ár, en þeir allir sigruðu sinn fyrsta leik og komust áfram í 16 liða úrslit en þar var endastöðin fyrir þá alla. Ómar Páll og Andri Mateo áttu tæpan leik í tvíliðaleik en töpuðu að lokum í leik oddalotna.

Íslandsmótinnanhúss meistaraflokkar

(einingis þeir leikmenn TFK sem komust á verðlaunapall).

Meistaraflokkur karla einliðaleik:

2. sæti Anton Jihao Magnusson.

Meistaraflokkur kvenna einliðaleik:

2. sæti Anna Soffía Grönholm.

Meistaraflokkur karla tvíliðaleik:

2. sæti Ómar Páll Jónasson og Andri Mateo Uscategui Oscarsson.

Meistaraflokkur kvenna tvíliðaleik:

1. sæti Anna Soffía & Hera Björk Brynjarsdóttir (Fjölnir)

Meistaraflokkur tvenndarleik:

1. sæti: Ómar Páll Jónasson & Hekla Eiríksdóttir

Íslandsmótinnanhúss barnaflokkar

(einungis þegar leikmenn TFK sigra flokkinn).

U10 kk: 1. sæti Ívar Arnarsson

U10 kvk: 1. sæti: Hera Dröfn Guðmundsdóttir

U12 kk: 1. sæti: Ívar Arnarsson

U14 kk: 1. sæti: Jóhann Freyr Ingimarsson

U14 kvk: 1. sæti: Gerður Líf Stefánsdóttir

U16 kvk: 1. sæti Joyceline Banaya

U12 kk tvíliðaleik:

1. sæti: Ívar Arnarsson & Sigurður Þór Stefánsson

U14 börn tvíliðaleik:

1. sæti: Jón Reykdal Snorrason og Jóhann Freyr Ingimarsson

U16 kvk tvíliðaleik:

1. sæti: Joyceline Banaya & María Ósk J. Hermanssdóttir

Íslandsmót utanhúss meistaraflokkar:

Talið er upp þegar leikmaður TFK komst á verðlaunapall.

Meistaraflokkur karla einliðaleik: 2. sæti: Vladimir Ristic.

Meistaraflokkur kvenna einliðaleik:

1. sæti: Anna Soffía Grönholm.

Meistaraflokkur karla tvíliðaleik:

1. sæti: Vladimir Ristic & Rafn Kumar Bonifacius (HMR),

2. sæti: Ómar Páll Jónasson &

Andri Mateo Uscategui Oscarsson,

3. sæti: Davíð Elí Halldórsson & Arnar Sigurðsson

Meistaraflokkur kvenna tvíliðaleik:

1. sæti: Anna Soffía Grönholm & Sofía Sóley Jónasdóttir

Meistaraflokkur tvenndarleik:

1. sæti: Davíð Elí Halldórsson & Anna Soffía Grönholm Íslandsmótinnanhúss barnaflokkar þar sem sigurvegarar eru leikmenn TFK:

Einungis er talið upp ef leikmaður TFK sigrar flokkinn.

U10 börn: 1. sæti Ívar Arnarsson

U10 kvk: 1. sæti: Hera Dröfn Guðmundsdóttir

U14 kk: 1. sæti: Jóhann Freyr Ingimarsson

U16 kvk: 1. sæti: Gerður Líf Stefánsdóttir

U18 kk: 1. sæti: Andri Mateo Uscategui Oscarsson

U14 börn tvíliðaleik: 1. sæti: Gerður Líf Stefánsdóttir

& Hildur Sóley Freysdóttir (Víkingsur)

U16 börn tvíliðaleik: 1. sæti: Jóhann Freyr Ingimundarson & Magnús Egill Freysson (Víkingsur)

Landsliðsmenn:

Anna Soffía Grönholm keppti á Billie Jean King Cup Group III Europe mótinu og náði þar sigri í einliðaleik gegn Montenegro, San Marino og Albaníu. Einnig sigraði hún einn leik í tvíliðaleik gegn Albaníu með meðspilara sínum Eygló Dís Ármannsdóttur (Fjölnir).

Þjálfarar TFK

Lítill velta er í þjálförum líkt og fyrri ár. Barnaæfingar TFK eru sem áður í umsjón Alfonso de Alba, Arnalds Orra Gunnarssonar, Önnu Soffíu Grönholm, Diana Ivancheva, Luis Carrillo Rueda, Anton Magnusson, Sindra Snæs Svanbergssonar og Milan Kosicky sem er yfirþjálfari TFK.

Arnaldur Gunnarsson, Anna Soffía Grönholm og Ásta María Armesto Nuevo sjá um mini-tennis æfingar fyrir yngstu krakka-ana um helgar. Skólatennis er líkt og síðustu ár í umsjá Arnalds og Sindra. Líkt og kom fram hér að ofan þá hefur skólum sem bjóða upp á skólatennis fjölgað síðustu ár og eru þeir nú fimm, til að mögulegt verði að bjóða upp á þessa þjónustu í fleiri skólum þarf félagið að þjálfar upp fleiri þjálfara í þetta hlutverk og er m.a. Alfonso og Viktor Freyr Hugason byrjaðir að sinna þjálfun í skólatennis. Einnig þyrfti að ná samningum við fleiri skóla um aðstöðu notkun. Félagið er ánæggt með fjölda skóla í bili en er opið fyrir því að bæta við fleirum á næstu árum.



Íþróttafélagið Þorlákur

Tímabil númer tvö hjá okkur í Þorláci er nú nýlök- ið og það er óhætt að segja að liðið hafi tekið stór skref frá fyrsta árinu. Frá upphafi tímabilsins var ljóst að hópurinn var ákveðinn í að byggja ofan á þann grunn sem lagður var á fyrsta tímabilinu. Við æfðum meira, lögðum meiri vinnu í undirbúning og samheldnin innan hópsins varð sterkari. Það skilaði sér einnig inn á völinn þar sem við unn- um fleiri leiki og sýndum meiri stöðugleika í leik okkar. En árangur

tímabilsins mælist ekki aðeins í stigum og sigrum. Þorlákur hefur frá byrjun verið meira en bara fótþóttalið. Á þessu tímabili buðum við nokkra nýja stráka velkomna í hópinn sem höfðu heyrt um sögu klúbbsins. Sumir þeirra voru sjálfir ekki á sínum besta stað í lífinu, en fundu hjá okkur vettvang og félagsskap. Það skiptir máli að skapa umhverfi þar sem menn styðja hver annan, hlusta og standa saman. Ef við getum með þessu móti hjálpað ungum strákum, veitt þeim stuðning og jafnvel verið eins konar forvörn gegn sjálfsvígum, þá er það sigur sem vegur þyngra en nokkur leikur. Við vitum að Þorlákur Ingi er stoltur af því sem við höfum byggt upp. Arfleifð hans lifir áfram í anda liðsins, samstöðunni og þeim gildum sem við reynum að standa fyrir á hverjum degi. Blessuð sé minning þín elsku vinur.



Motomos

Aðalfundur og stjórn

Aðalfundur var haldinn 16 apríl 2024. Ný stjórn var kosinn og þakkar hún fyrrverandi stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf en ný stjórn er efir- farandi:

- Sverrir Jónsson, formaður
- Björk Erlingsdóttir, gjaldkeri
- Pétur Ingi Pétursson, meðstjórnandi
- Baldur H. Birgisson, meðstjórnandi
- Egill Egilsson, meðstjórnandi

Í félaginu eru tæplega 300 iðkendur en samt hefur félagið þurft að fækka í stjórn um tvö fulltrúa þar sem fé- lagið á í erfiðleikum með að uppfylla fjölda fulltrúa í stjórn. Má þar kenna um álagi í starfi fyrir félagið þar sem síauknar kröfur um skýrslur og upplýsingagjöf er orðin yfirdrifin samhliða því að viðhald brautar er mikið. Er þetta sama fólkið sem vinnur að baki brotnu að halda starfandi gangandi á mjög takmörkuðu fjár- framlagi frá sveitarfélaginu eða öðrum styrktaraðilum. Ljóst er að starfið er farið að vera sligandi fyrir stjórnarmenn og af þeim sökum er öll endurnýjun nánast engin.

Félagið á og rekur eina vinsælustu braut á höfuðborgarsvæðinu og í raun á Íslandi. Má með sanni segja að fáar brautir á landinu eru í eins mikilli notkun yfir opnunartímann á sumrin. Er það eitt af markmiðum félagsins að fá notendur af götum og stígum bæjarins og að þeir stundi reglubundnar æfingar undir eftirliti fagaðila, en félagið er með skipulagðar æfingar fyrir félagsmenn og aðra sem það vilja. Æfingar voru haldnar með viðurkenndum þjálfara ásamt að erlendir þjálfarar sem og þjálfarar frá öðrum félögum sóttu um að fá að halda námskeið í brautinni sem var fúslega veitt ef hægt var.

Félagið og sportið í heild, fær mikið til sín einstaklinga með ofvirkni og athyglisbrest á háu stigi sem þrífast ekki í öðrum íþróttum. Þarna fá þessir krakkar viðurkenningu sem það fær ekki annars staðar á getu sinni því oftast eru þessir krakkar framúrskarandi öikumenn í einstaklingsíþrótt eins og motocross er. Getur þjálfun þessa hóps verið krefjandi og búa flest félög að þekkingu og reynslu við að sinna þessum hópi og þarf ekki að tíunda hér hversu mikið forvarnargildi það hefur að ná til þeirra í þessari íþrótt. Leiðast þau síður í neyslu vímuefna og hegðun almennt batnar ásamt að foreldrar eyða dýrmætum tíma með þeim í íþrótt sem þau verða heltekin af.

Félagið sótti mikið af nýju efni og keyrði í brautina vegna viðhalds og endurbóta sem voru komnar á tíma, en brautin tapar um 2000 til 3000m³ á ári. Þurftu að taka það efni úr barnabraut sem var af þeim sökum lokað hluta af sumri. Félagið hefur þurft að berjast við losun jarðefnis og sorps sem fyrirtæki og einstaklingar sturta án leyfis og í óþökk félagsins inn á svæðinu og tók það félagið rúma viku með stórum tækjum að fjarlægja slíkt efni þannig að hætta stafaði ekki af. Er þetta orðið mjög hvítleitt og ekki beint hvetjandi fyrir stjórnarmenn að þurfa að standa í þessu stríði ásamt öðrum verkefnum.

Skemmdarverk hafa aukist á svæðinu og var unnið tjón á öllum tækjum félagsins og klúbbhúsi, en tækin standa úti allt árið vegna skorts á fjármagni til að reisa litla tækjageymslu. Lauslega áætlað að þá nemur tjón félagsins af skemmdarverkum orðið 1/8 af heildartækjum félagsins ásamt að það leiðir til skorts á viðhaldi þar sem ekki er hægt að nota tækin á meðan viðgerð stendur yfir. Þrátt fyrir að hafa sett upp myndavélaeftirlit að þá hefur það ekki leitt til fækkun skemmdarverka þar sem einstaklingar sem slíkt stunda vita hvernig þeir eiga að bera sig að svo ekki sé hægt að bera kennsl á þá og lögreglan sýnir slíkum verkum engan áhuga og tilgangslausast að gefa skýrslu um slík atvik. Stendur félagið því eitt í að koma í veg fyrir og laga til eftir slík athæfi.

Þrátt fyrir allt ofangreint að þá skilaði félagið jákvæðri afkomu fyrir árið 2024 en uppgjör stendur yfir fyrir árið 2025. Félagið réðst í mikla fjárfestingu á síðasta ári þegar það keypti og flutti inn sjálft stóran traktor frá Kína til að endurnýja gömul og úr sér gengin tækjakost sem er orðin yfir 50 ára gamall. Erfiðleikar við að fá varahluti ásamt háum rekstrarkostnaði sökum aldurs var

ein megin ástæða þess að félagið ákvað að fara í þessa fjárfestingu. Mun það leiða til minni viðhalds, þ.e. ef ekki kemur til skemmdarverka á traktornum og rekstrarkostnað þar sem traktorinn eyðir mun minni olíu en þær gömlu ýtur sem félagið hefur haft til verksins hingað til. Sem dæmi að þá hleypur kostnaður við að taka brautina í gegn einu sinni um 350.000kr. eingöngu í oliukostnað og til samanburðar að ef félagið nýti ekki velvildar meðlima félagsins, að þá gæti félagið eingöngu tekið brautina 3x í gegn á ári miðað við fjárframlög frá bænum til starfsins.

Keppnishald

MotoMos hélt Íslandsmeistaramót í motocrossi í lok ágúst á síðasta ári, sem var hluti af sex keppnum til Íslandsmeistara hjá Mótörhjólá og vélsléðasambandi Íslands (MSÍ). Er skemmst frá því að segja að þetta var vinsælasta keppni ársins í Íslandsmótariðinni og voru keppendur tæplega sjötíu talsins. Afar vel tókst til og var mikil ánægja af hálfu þátttakanda með keppnina og aðstöðuna í heild. Enda býr MotoMos að þeirri sérstöðu að yfirsýn er einstök þar sem öll brautin sést frá klúbbhúsi.

Afreksfólk innan MotoMos

MotoMos á framúrskarandi afreksfólk í þessari grein og má þar nefna Ingvar Einarsson sem varð Íslandsmeistari í enduro akstri og annar til Íslandsmeistara í motocrossi í MX1 flokki. Ingvar keppti fyrir Íslands hönd á MXON, sem er heimsmeistaramóta motocross öikumanna og tóku þeir bestu öikumenn frá hverju landi fyrir sig þátt. Keppnin fór fram í Bandaríkjunum að þessu sinni og á rætur að rekja til lokum seinni heimsstyrjaldar þegar hermenn ákváðu að koma saman og fagna stríðslokum með keppni sín á milli.

Annar einstaklingur sem skaraði framúr á síðasta ári og það í kvennaflokki en Björk Erlingsdóttir, gjaldkeri félagsins, var hlutskörpust til Íslandsmeistara í 35 ára og eldri. Hefur hún unnið þennan titil óslitið frá því að keppt var í þessum flokki til Íslandsmeistara og það þrátt fyrir að vera 59 ára gömul. Nýliðun í kvennaflokki hefur því miður ekki fylgt þeirri sprengingu sem varð í þeim flokki frá árunum 2006 til 2011 þegar þær voru hátt í fjórtíu talsins.

Að síðustu lagði félagið drög að nýrri barnabraut og æfingabraut fyrir 85cc hjól á svæðinu sem kemst vonandi í gagnið á þessu ári. Hefur það staðið fyrst og fremst á framkvæmdarleyfi frá bænum sem var úrunnið og þurfti að endurnýja. Þar með eykst nýting á svæði MotoMos og mun félagið setja meira þúður í nýliða og ungliðastarf í ár. Er það von félagsins að með tilkomu þessara brauta eigi félagið auðveldar með að laða til sín unga öikumenn sem hafa leitað til annarra félaga til kennslu þar sem aðstöðuskortur hefur komið í veg fyrir að hægt sé að sinna þeim sem skildi hjá MotoMos.



GKG

Síðastliðið starfsár var frábært hjá okkur í GKG. Vellirnir voru opnaðir með allra fyrsta móti í lok apríl. Leiknir voru mun fleiri hringir á golfvöllum en síðustu árin, alls 65.465 hringir á völlum tveimur.

Vellirnir voru í frábæru standi og urðu bara betri er leið á sumarið. „Aldrei verið betri“ að margra mati. Þökk sé vallarstjórategyminu og þeirra fólki.

Stjórnarstörf

Stjórnin hélt 12 stjórnarfundi á árinu, og skipti með sér verkum á fyrsta fundi nýrrar stjórnar.

Eins og undanfarin ár setti stjórnin sér starfsáætlun, sem miðaði að því að auk fastra dagskrárliða, yrðu ákveðin þemaefni á hverjum stjórnarfundi þar sem rætt væri nánar um það sem helst væri á baugi í þeim málaflokkum.

Félagar í GKG - mikilvægi lýðheilsustarfs

Á seinasta ári voru 2934 kylfingar skráðir í GKG. Fullborgandi kylfingum var fækkað um 30 en töluverð fjölgun var í barna- og unglingastarfinu sem og kylfingum 70 ára og eldri.

Aldurshópar GKG skiptast með eftirfarandi hætti; börn og unglingar eru 876, að leikjanámskeiðum meðtöldum. Á aldursbilinu 19 til 25 eru 187, hinn almenni kylfingur á aldursbilinu 26 til 69 ára telur 1454 meðlimi og ellismellirnir eru 417 talsins. GKG er því sannarlega lýðheilsustofnun allrar fjölskyldunnar og eftir að íþróttamiðstöðin reis nýta þessir kylfingar þjónustu okkar allan ársins hring.

Mikilvægi GKG í nær-samfélaginu er gríðarlega mikilvægt. Við erum uppeldisstofnun barna- og unglinga. Hinn almenni félagsmaður sækir sér hreyfingu til okkar og síðast en ekki síst er stór hópur eldri borgara sem sinnir ekki bara hreyfingu heldur sækir

félagskap sín á milli, margir hverjir á hverjum einasta degi allt árið umkring. Í starfinu blandast þessir aldurshópar saman, afar, ömmur, foreldrar, börn og barnabörn spila saman íþróttina sumar vetur vor og haust.

Rannsóknir hafa sýnt fram á, að golfíþróttin er ein allra mikilvægasta íþróttin þegar kemur að bættri lýðheilsu íbúa. Þeir sem stunda golfíþróttina að staðaldri lifa að „meðaltali 5 árum lengur“ en þeir sem ekki stunda golf.

Íþróttastarfið

GKG hefur þá sérstöðu umfram aðra golfklúbba að höfuðáherslan er lögð á íþróttastarfið. Nýliðið keppnistímabil var einstaklega gjöfult hvað varðar árangur okkar afreksskylfinga, en alls komu 7 Íslandsmeistaratitlar á land.

Gunnlaugur Árni Sveinsson og Hulda Clara Gestsdóttir stóðu sig frábærlega á árinu og er Gulli kominn í 8. sæti heimslista áhugamanna. Hann hefur þegar gert samning við þekkta umboðsskrifstofu sem sér um marga þekkta atvinnukylfinga, m.a. þann efsta á heimslista atvinnumanna, Scottie Scheffler! Hulda Clara gerðist atvinnumaður í haust og náði nýverið fjórða sæti á sterku móti í Suður-Afríku. Það verður spennandi að fylgjast með Gulla og Huldu á næstu misserum.

Árangur afrekssólks GKG

Árangur kylfingana okkar var mjög góður sumarið 2025. Titlarnir þetta árið voru 7 og getum við verið mjög stolt af öllum okkar Íslandsmeisturum.

Klúbbmeistarar GKG

Una Karen Guðmundsdóttir og Aron Snær Júlíusson

Íslandsmeistarar golfklúbba í drengjaflokki 14 ára og yngri

Sveinbjörn Viktor Steingrímsson, Jón Reykdal Snorrason, Bjartur Ægisson, Eiríkur Bogi Karlsson, Emil Máni Lúðvíksson, Matthías Jörvi Jensson.

Íslandsmeistarar golfklúbba í drengjaflokki 12 ára og yngri

Jón Reykdal Snorrason, Þorleifur Ingi Birgisson, Eiríkur Bogi Karlsson, Leon Mikael Elfarsson, Gabríel Þór Sigurðarson.

Íslandsmeistari í holukeppni drengja 12 ára og yngri

Jón Reykdal Snorrason

Íslandsmeistari í högggleik drengja 12 ára og yngri

Jón Reykdal Snorrason

Íslandsmeistari í högggleik drengja 14 ára og yngri

Matthías Jörvi Jensson

Íslandsmeistari í högggleik pilta 15-16 ára

Arnar Daði Svavarsson

Íslandsmeistari í holukeppni pilta 17-18 ára

Gunnar Þór Heimisson

Landsmeistarar golfklúbba í flokki 65 ára og eldri kvenna

Elísabet Böðvarsdóttir, María Málfríður Guðnadóttir, Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir, Hanna Bára Guðjónsdóttir, Steinunn Helgadóttir, Sigríður Olgeirsdóttir.

Stigameistarar

Arnar Daði Svavarsson – 15-16 ára piltar

Gunnar Þór Heimisson – 17-18 ára piltar

Landsliðssæti

EM stúlknaðslið

Eva Fanney Matthíasdóttir, Embla Hrönn Hallsdóttir,

Elísabet Sunna Scheving

EM piltalandslið

Guðjón Frans Halldórsson, Gunnar Þór Heimisson

og Arnar Daði Svavarsson

EM karlalandslið

Gunnlaugur Árni Sveinsson

EM kvennalandslið

Hulda Clara Gestsdóttir, Perla Sól Sigurbrandsdóttir

EM einstaklinga -

Hulda Clara Gestsdóttir, Perla Sól Sigurbrandsdóttir

Öldungalandslið

EM landslið kvenna 50+

Ragnheiður Sigurðardóttir

Vellir og mannvirki

Eins og síðustu árin eru stóru verkefnin framundan á félagssvæði GKG, uppbygging á 9 holu golfvelli í stað Mýrarinnar og bygging á nýrri þjónustumiðstöð fyrir golfvöllina. Vinna við deili-skipulag Hnoðrahótsins sem og nánasta umhverfis Golfvallarsvæðisins hefur verið samþykkt og biður nú staðfestingar skipulagsstofnunar.

Haldnir hafa verið nokkrir fundir með fulltrúum sveitarfélaganna, um skipulagsmál á árinu, og vonir standa til að á allra næstu vikum náist samningar um frekari uppbyggingu hjá GKG.

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar - GEO-vottað íþróttafélag.

GKG fékk GEO-vottun í júlí og gildir hún í þrjú ár í senn. Það er mikil vinna að baki þessari vottun, en þessi vinna á eftir að nýfast félaginu til framtíðar og mun leiða til sparnaðar til lengri tíma lítið. Við getum með stolti sagt að sjálfbærni sé hluti af daglegri starfsemi félagsins.

GKG hlaut síðan sjálfbærniverðlaun Golfsambands Íslands á golfþingi GSÍ þann 15. nóvember síðastliðinn.

Fjármálin

Það er mikilvægt að rekstur GKG gangi vel og skili hagnaði sem nýttur er til fjárfestinga í völlum, tækjum og aðstöðu. Framundan eru miklar fjárfestingar í nýrri þjónustumiðstöð golfvalla en við

munum missa núverandi aðstöðu á næstu tveimur árum. Þrátt fyrir sterka stöðu þá er lítið rúm til frekari fjárfestinga og því hefur GKG enga burði til að fjármagna þá byggingu öðruvísi en með verulegri aðkomu sveitafélaganna.

Starfsmenn GKG fá miklar þakkir fyrir þeirra störf sem og þeir fjölmörgu sjálfbóðaliðar sem komið hafa að starfi GKG á árinu.

Við GKG-ingar getum horft björtum augum til næstu ára með tilhlökkun og bros á vör um bætta aðstöðu.



Oddur

Stjórn Odds á starfsárinu 2025 skipuðu:

Kári H. Sölmundarson formaður

Berglind Rut Hilmarisdóttir

Giovanna Steinvör Cuda

Jón S. Garðarsson

Páll Þórir Pálsson

Guðrún Símonardóttir, varamaður

Ágúst Valgeirsson, varamaður

Árið 2025 var eitt viðburðaríkasta starfsárið hjá GO í háa herrans tíð. Fyrsta verkefni stjórnar á starfsárinu var að finna nýjan framkvæmdastjóra í stað Þorvaldar Þorsteinssonar sem ákvað að segja starfi sínu lausu. Í hans stað var ráðinn Haraldur Haraldsson fyrrverandi framkvæmdastjóri Víkings.

Stjórnin fundaði á formlegum stjórnarfundum ellefu sinnum á árinu og var samhent í sínum störfum. Margir óformlegir fundir og/eða verkefnafundir voru haldnir til að vinna mál áfram. Mikil vinna var lögð í ráðningu nýs framkvæmdastjóra og á árinu var endurnýjaður samningur GO við Golfklúbb Oddfellowa sem krafðist verulegrar yfirlegu og vinnu.

Það voru miklar væntingar um að við fengjum frábæran golfvöll eftir mildan vetur. Það varð nú ekki raunin og gifurleg vinna fór í endursáningu og uppbyggingu á mörgum flötum golfvallarins. Mikið kal var í ákveðnum flötum á eldri hluta vallarins en brautir voru almennt í sínu besta formi. Ákveðnar grastegundir þoldu illa

norðanvinda og þetta olli miklu álagi á starfsfólk vallarins og eðli-
lega reyndi þetta á þolinmæðina hjá félagsmönnum.

Fjöldi fullorðinna félagsmanna er nokkuð stöðugur en með vax-
andi barnastarfi hefur yngstu aldurshópunum fjölgað í klúbbn-
um. Rúmlega fimmtán hundruð manns voru á biðlista síðastliðið
haust. Þessi langi biðlisti er ekki einungis til vitnis um það góða
starf sem hér er unnið heldur einnig um þann ofurvöxt sem golfi-
þróttin hefur verið í undanfarin ár. Sú þróun, að mjög stór hópur
bíður þess að spila hjá okkur golfvöllinn kallar á að við aðlögum
reksturinn að því. Þar sem við trúum því að það styttest í stækkun
vallarins var tekið upp gjald fyrir veru á biðlistanum. Það eru
nú um 830 greiðandi aðilar á biðlistanum. Með þessari aðgerð
höfum við nú raunstöðu á biðlistanum og gerum okkur tilbúin til
að mæta stækkuninni þegar af henni verður.

Nú hefur áætlun um frekari rafvæðingu svæðisins verið sam-
þykkt og vinna starfsmenn að því að undirbúa lagningu strengja
um fyrri níu holurnar til að koma þar fyrir fleiri sláttupjörkum. Því
fylgir töluverður kostnaður. Það er nokkur hindrun að heim-
taug golfvallarsvæðisins annar tæplega núverandi notkun en
það stendur til bóta þegar farið verður í framkvæmdir við Flótt-
mannaveg.

Það er mikilvægt að góður og öruggur rekstur sé á Golfklúbbnum
Oddi. Rekstrarárið var það besta í sögu klúbbsins og hagnaður-
inn vel umfram áætlun þrátt fyrir verulegar afskriftir sem ráðist
var í. Í fyrsta sinn þurfti klúbburinn ekki að grípa til yfirdráttar á
haustmánuðum til að fjármagna reksturinn fram í janúar þegar
meðlimagjöld byrja að skila sér á nýjan leik. Klúbburinn er nú
skuldlaus með öllu sem er virkilega ánægjulegt.

Árið 2025 var áframhald á öflugu og vaxandi barna- og unglinga-
starfi Golfklúbbsins Odds. Góð þátttaka iðkenda var á viðburð-
um, golfmótum og æfingastarfinu í heild sinni yfir árið. Á árinu
náðist stór áfangi þegar stúlknaflokkur 12 ára og yngri tryggði sér
Íslandsmeistaratitil í Íslandsmóti golfklúbba í júní. Þessi árangur
endurspeglar bæði faglega þjálfun og góða ástundun iðkenda
og er mikil hvatning fyrir áframhaldandi uppbyggingu starfsins.
Hjá eldra keppnisfólki GO náðist ágætur árangur í mótum sum-
arsins. Meistaraflokkur karla hafnaði í 6. sæti 2. deildar en meist-
araflokkur kvenna missti sæti sitt í 1. deild þegar þær enduðu í
8. sæti. Kvennasveit GO 50+ hafnaði í 4. sæti í 1. deild kvenna
eftir tap í bronsleik fyrir GKG. Karlalið GO 50+ lék í 2. deild og var
hársbreidd frá því að leika í undanúrslitum en hafnaði að lokum
í 5. sæti.

Sveitir GO í 65+ stóðu sig með þrýði á LEK móti golfklúbba og í
fyrsta sinn var haldin keppni í 75+ flokki karla en sveitin hafnaði í
5. sæti af sex liðum sem mættu til keppinnar.

Framundan er vonandi yndislegt vor og að venju göngum við full
bjartsýni inn í nýtt golfár. Við erum stolt af Urriðavelli og leggjum
okkur öll fram við að gera hann að einum besta golfvelli landsins
með góða tengingu við aðra útivist.



Pílufélag Kópavogs

Árið 2025 var mjög gott hjá Pílufélagi Kópavogs og
mikið sem vannst hjá okkur, stórir sigrar og smáir.
Allt frá því félagið var stofnað og frá því við fengum
húsnæði í Digranesinu fyrir tæpum þremur árum

síðan hefur verið góður stigandi í öllu starfi félagsins og alltaf
eitthvað um að vera, einhverjar nýjungar eða verið að bæta í á
einhvern hátt. Barna- og unglingaæfingar voru keyrðar allt árið,
tvisvar til þrisvar í viku, ef frá er talið stutt sumarfrí en þessar æf-
ingar hafa verið mjög vinsælar og bætist stöðugt í hópinn. Það er
frábært að sjá áhugann og mætinguna hjá unga fólkinu auk þess
sem bætingar eru greinanlegar milli vikna hjá flestum iðkendum
og margir ungir leikmenn hafa náð góðum árangri í keppnum á
landsvísu. Síðasta haust fórum við af stað með námskeið fyrir
eldri borgara sem hefur slegið í gegn svo framhald hefur verið á.
Við vorum með mikið af mótum og mótaröðum á árinu. Barna-
og unglingamót og mótaræðir voru reglulega á dagskrá allt árið.
Mót fullorðinna voru einnig fjölmörg og vel sótt. Við mættum
með fullmannað karlalið á Íslandsmót félagsliða og náðum þar
góðum árangri, enduðum í fjórða sæti og getum vel við unað.
Það er mikill uppgangur í starfi PFK og margt á döfinni. Þátttaka
og samheldni félagsmanna er til fyrirmyndar og áframhaldandi
uppbygging og þróun starfsins er björt.

Íþróttafélagið Glóð

Aðalfundur var haldinn 17. febrúar 2025.

Í stjórn voru kosnir:

Margrét Björnsdóttir, formaður,
Smári Björgvinsson, Þórdís Guðrún Bjarnadóttir,
Hermann Vestri Guðmundsson og Sigríður Björnsdóttir
Varamenn: Kjartan Sigurgeirsson og Páll Þorsteinsson
Skoðunarmenn: Sigríður Bjarnadóttir og Kristján Leifsson



Kosin var tveggja manna laganefnd á aðalfundi árið 2024 sem
hafði það verkefni að endurskoða lög félagsins. Nefndin skilaði
tillögum að breytingum laga til aðalfundar 2025. Tillögur nefnd-
arinnar voru m.a. að fækka aðalmönnum í stjórn um tvo þannig
að í stað fimm aðalmanna verði þrír. Samþykkt var á aðalfund-
inum að kjósa eftir nýju lögnum.

Félagið varð 20 ára þann 24. október 2024. Kosin var fimm
manna afmælisnefnd það ár. Nefndin ákvað að haldið skildi veg-
lega upp á afmælið þann 18. janúar 2025 með ringó afmælis-
keppnis móti í Íþróttahúsinu Fagralundi í Kópavogi, þar sem
flestöll ringó liðin í landinu komu til keppni á afmælishátíðinni.
Eftir að keppni lauk var boðið til veglegrar afmælisveislu á efri
hæð Fagralundar þar sem öllum keppnisliðunum var boðið. Til
veislunnar var einnig boðið ýmsu mektarfólki úr íþróttageiranum,
bæjarstjórn Kópavogs og íþróttadeild Kópavogsbæjar ásamt
stofnfélögum Glóðar og öðrum þeim sem komið hafa að íþrótt-
inni í þessi 20 ár.

Haldnar voru nokkrar ræður og afhentar afmælisgjafir til Glóðar.
Þrír stofnfélagar voru heiðraðir, þær Sigríður Bjarnadóttir, stofn-
félagi, Margrét Bjarnadóttir, stofnfélagi og Svana Svanþórsdóttir,
stofnfélagi og fyrsti formaður félagsins. Þær kynntust fyrst ringó
íþróttinni árið 2006 á landsmóti í Danmörku og í framhaldi af því
kynntu þær ringó íþróttina víða um land næstu árin.
Afmælishófið heppnaðist mjög vel og allir ánægðir í lok dags.

101 ársþing UMSK var haldið 22. mars í Kórnum í Kópavogi.
Glóð átti rétt á einum fulltrúa og mætti Margrét Björnsdóttir, for-
maður sem fulltrúi Glóðar.

Þann 6. mars 2025 efndi Virkni og Velliðan í Kópavogi til örkynn-
ingar í Salnum á fræðsluviðburðinum „Íþróttir á efri árum“.
Íþróttafélaginu Glóð var boðið að koma og kynna starfsemi sína
ásamt nokkrum öðrum félögum. Salurinn var fullsetinn og gekk
ágætlega að segja frá starfsemi félagsins með góðri glærusýn-
ingu. Eftir örkynninguna var Glóð með bás frammi til kynningar á

félaginu þar sem gestir gátu komið að og kynnt sér starfsemina. Nokkrir aðilar komu og höfðu áhuga á að koma og kynna sér ringó íþróttina.

Ringó haust 2025

Ringó æfingar á haustönn byrjuðu fyrst í september og var spilað tvisvar í viku fram að jólafríi. Mæting á æfingar var mjög góð.

Ringó vetur og vor 2025

Ringó æfingar hófust fyrstu vikuna í janúar og héldum úti æfingum tvisvar í viku, á þriðjudögum kl. 16.00-17.00 í Íþróttahúsi Lindaskóla og á fimmtudögum kl. 15.00-16.00 í Íþróttahúsi Kópavogsskóla fram að sumarlokun íþróttahúsa. Þátttaka var með eindæmum góð þennan vetur og bættust nokkrir flottir nýir félagar við hópinn.

Endurskoðun á ringó reglum

Ringó reglurnar voru endurskoðaðar og samþykktar fyrir síðasta landsmót 50+ sem haldið var á Siglufirði og Ólafsfirði. Íþróttafélagið Glóð hafði veg og vanda að þeirri vinnu og voru haldnir nokkrir fundir með formönnum ringó liða í landinu þar sem reglurnar voru síðan samþykktar og kynntar fyrir mótanefnd UMFÍ.

Ringó keppnismót eru nokkur á ári

Í Íþróttahúsinu Fagralundi Kópavogi í boði Íþróttafél. Glóðar UMSK 18. janúar alls 8 lið.

Í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli í boði HSK 26. apríl, alls 6 lið.

Í Íþróttahöllinni á Akureyri í boði EBAK 17. maí.

Í Íþróttamiðstöðinni Hvammstanga í boði USAH og UMSB 19. október alls 6 lið.

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ fór fram 27. – 29. júní í Fjallabyggð eða á Siglufirði og Ólafsfirði í samstarfi við Ungmenna- og Íþróttasamband Fjallabyggðar UÍF og sveitarfélagið Fjallabyggð. Alls voru 13 keppnisgreinar í boði fyrir 50 ára auk 9 opinna greina fyrir alla 18 ára og eldri eða alls 22 greinar. Keppnin í ringói fór fram kl. 18.00 á föstudeginum.

Íþróttafélagið Glóð sendi 2 lið eða 10 manns sem tóku þátt í landsmótinu að þessu sinni.

Glóð var í fyrsta sæti og náldi sér í gullið.

Eins og vanalega greiddi Glóð þátttökugjald þeirra félaga sem mættu á mótið.

Glóðarfélagar hafa tekið þátt í öllum landsmótum UMFÍ 50+ sem haldin hafa verið síðan árið 2011 en þá fór Landsmót 50+ fram í fyrsta sinn og var haldið á Hvammstanga helgina 24.-26. júní.

Þútt sumar 2025

Á sumrin hefur Glóð til afnota 18 holu þúttvöll í Kópavogsdal. Þútt æfingar eru frá júní og út ágúst tvisvar í viku, á þriðju- og fimmtudögum kl. 11:00-12:00.

Félagið flytur inn ringó hringi frá Póllandi og er eingöngu hægt að kaupa þá hjá Glóð.

Hringirnir þurfa að vera löglegir; stærð, þykkt, þyngd, stærð gatsins í miðjunni og rétt efni.

Ringó hringurinn kostar 2.200 krónur sem er ekki mikill gróði, tollaðir og heim komnir.

Margrét Björnsdóttir,

Formaður Íþróttafélagsins Glóðar



DÍK

Aðalfundur DÍK var haldinn 2.september 2025.

Formaður félgsins er Ellen Dröfn Björnsdóttir, aðrir stjórnarmenn eru, Edgar Gapunay, Arnar Már Einarsson,, Þórunn Anna Ólafsdóttir og Sigrún Gunnbjörnsdóttir. Varmenn Tinna María Illugadóttir og Ásdís María Davíðsdóttir.

Danspör frá félaginu kepptu á öllum mótum sem heldin voru hér- lendis á árinu og unnu fjöldan allan af Íslandsmeistara- og bikar- meistaratitillum og fullt af öðrum verðlaunum í öllum flokkum á öllum aldri á mótum vetrarins.

Dansíþróttafélag Kópavogs og ásamt Dansfélaginu Hvönn héldu byrjun október Iceland Open danskeppni. Samstarfið gekk mjög vel og er komin dagsetning fyrir árið 2026.

Eiður Fannar Gapunay, Soffía Ísabella Bjarnadóttir fengu verð- laun hjá Kópavogsbæ í flokki 13-16 ára fyrir árangur sinn í árinu. Danspör frá félaginu hafa séð um veitingasölu á 17 júní Á Rút- stóni undanfarin ár og tekst vel. Einnig hafa verið fleiri fjáraflanir hjá félaginu sem frábær og samstilltur foreldrahópur hefur séð um.

Haldin voru 5 jólaböll þetta árið fyrir alla nemendur dansskólans, yngstu nemendurnir fengu jólaball þar sem dansað var í kringum jólatréð og jólasveinar komu í heimsókn, keppnishóparnir fengu pizzupartý og fullorðinshópanir fengu jólaball með hlaðborði, dansi og dansýningum. Í kringum öskudaginn og Halloween eru grímubúningatímar.

Stór hópur keppti á Evrópumeistaramótinu og Junior Blackpool sem haldið var um páskana.

Mikil gróska er í dansinum hjá félaginu og mikið af efnilegum dönsurum að stíga sín fyrstu spor á keppnisgólfinu þetta árið. Dansíþróttafélag Kópavogs er með danskennslu frá 3. ára aldri og eru elstu nemendur dansskólans yfir áttætt.



Dansfélagið Hvönn

Stjórn félagsins fyrir 2025

Hildur Ýr Arnarsdóttir, formaður og yfirþjálfari
Tinna Karen Guðbjartsdóttir, varaformaður
og framkvæmdastjóri.

Lilja Rut Þórarinsdóttir, ritari og yfirþjálfari
yngri flokka.

Hjördís Hjörleifsdóttir, gjaldkeri.

Ólafur Þór Erlendsson, meðstjórnandi.

Hulda Bjarnadóttir, varamaður.

Hólmur Freyr Christiansson, varamaður

Liðið ár hefur verið viðburðaríkt hjá félaginu, á fimm árum hefur félagið farið úr því að vera minnsta dansfélagið innan DSÍ í það að vera stærst með mestan fjölda keppenda á mótum DSÍ. Fjöldun er í öllum flokkum sem er vel og frekar jöfn milli aldurs- hópa. Stjórnuflokkarnir halda áfram að vaxa og dafna og bætt- ist í Special Olympics hópinn okkar á árinu. Við héldum áfram með átaksverkefnið frá fyrri árum, að kynna dansíþróttina fyrir börnum. Boðið var frítt í dans fyrir byrjendur á aldrinum 3-10 ára

og skilaði það sér áfram í töluverðri fjölgun iðkenda. Kennsla í skólum landsins er partur af okkar starfssemi og má þar nefna leikskóla í Kópavogi og í framhaldsskólum í sérverkefnum í tengslum við peysufatadaga.

Á árinu tók Hvönn þátt í stóru verkefni, Heimsleikum Special Olympics sem haldnir voru í Torino á Ítalíu. Fulltrúi okkar á leikunum var Þórdís Erlingsdóttir. Þar keppti hún í „unified“ flokki sem þýðir að hún dansar við ófatlaðan einstakling. Ingólfur Bjartur Magnússon þjálfari er sá sem dansaði við hana og fór með henni út. Þau gerðu sér lítið fyrir og unnu SILFUR á leikunum, erum við afar stolt af þeirra afrekum og af þessu verkefni. BREAK dans er partur af Hvönn. Natasha Monay Royal sér um kennsluna sem áður. Break er nú orðið ólympíuþrótt og því partur af DSÍ og alþjóða ólympíusambandinu.

Félagið hefur átt þör í landsliði DSÍ og er 2025 engin undantekning. Í flokki fullorðinna voru það: Aldas Zyrkis & Lena Guðrún Tamara Pétursdóttir ásamt Grími Arnarsyni & Katrínu Klöru Ásgeirsdóttur. Í ungum og efnilegum voru það: Gunnar Elí Svavarsson & Bára Líf Gunnarsdóttir ásamt Fabian Sawicki & Katrínu Stellu Pálsdóttur. Í flokki sólo dansara; Sigurós Carmen Hjartardóttir Emelía Rún Jökulsdóttir, og Hildur Lóa Bjarkadóttir. Hvönn átti fulltrúa á heims- og evrópumeistararmótum í dansi á árinu 2025

Félagið hélt áfram að bæta við sig þjálfurum á árinu til að sinna aukinni fjölgun iðkenda. Við þéttum hópinn og vinnum að því að gera starfið markvisst betra. Þá má helst nefna Daniel Sverrir Guðbjörnsson sem kemur að þjálfun keppnishópa. Áfram fáum við reglulega erlenda gestakennarara til að þjálfra nemendur og endurmennta kennara 2 til 3 sinnum á ári.

Við höfum átt í góðu og farsælu samstarfi við Kópavogsbæ og erum þeim þakklát fyrir góðan stuðning. Félagið fékk tilnefningu frá Kópavogsbæ fyrir árangur í flokki 16-18 ára unglinga á árinu, Fabian Sawicki og Lena Guðrún Tamara Pétursdóttir. Hvönn stóð sem áður að árlegri danskeppni, Iceland Open, (áður dansmót UMSK) í samstarfi við DÍK, Dansíþróttafélag Kópavogs. Virtir erlendir dómara voru fengnir til landsins til að dæma mótið og boðið var upp á kennslu eftir mót. Hópur af erlendum keppendum frá Írlandi mætti á mótið. Mótið var haldið í október í Fagralundi í Kópavogi og gekk vel. Með stuðningi Kópavogsbæjar stóð mótið undir sér.

Hvönn náði þeim merka áfanga á árinu að verða 30 ára en félagið var stofnað 21. október 1995. Haldið var upp á afmæli félagsins í húsnæði þess að Ögurhvarfi 4a. Var fulltrúum frá Kópavogsbæ, UMSK, DSÍ, ÍF, og ÍSÍ boðið og góð mæting var á viðburðinn. Aðilum innan félagsins voru veitt gull og silfurmerki UMSK, Hildur Ýr Arnarsdóttir og Tinna Karen Guðbjartsdóttir fengu þær viðurkenningar. Fékk félagið einnig veglega gjöf frá UMSK og berum við þeim bestu þakkir fyrir.

Dansfélagið Hvönn leggur áherslu á að bjóða upp á danskennslu fyrir alla aldurshópa frá 3ja ára aldri. Keppnishópa og almenna hópa. Barnadansar, samkvæmisdansar, break, gömlu dansarnir, línudansar, Special Olympics, og stjörnuhópar. Markmið félagsins er að fjölga félagsmönnum og eiga iðkendur á öllum stigum dansíþróttarinnar, styðja við bakið á kennurum okkar og auka þekkingu innan félagsins. Við höldum ótrauð áfram að byggja upp gott félag, sem er elsta starfandi dansíþróttfélagið innan UMSK og ÍSÍ.

Hvönn er aðildarfélag að UMSK, DSÍ, ÍF, og ÍSÍ.

Fyrir hönd stjórnar;
Hildur Ýr Arnarsdóttir, formaður



Skotíþróttafélags Kópavogs

Félagið var með 11 fastar æfingar á viku í hinum ýmsu greinum yfir vetrar mánuðina. Félagið er með 700 skráða félaga en ætla má að um helmingur séu virkir. Mörg innanfélags og opin mót voru haldin á síðasta starfsári og voru haldinn byrjendanámskeið í skotfimi ásamt æfingum fyrir yngri flokka. Félagsmenn kepptu á 16 mótum á vegum Skotíþróttasambands Íslands og kepptu 85 félagsmenn á þeim mótum. Mest var þátttaka í keppni í loftskammbýssu. Keppt var á 5 slíkum mótum og skilaði það 3 gullum, 6 silfrum og 3 bronsum. Næst mest þátttaka var í skammbýssugreinum en keppt var á 6 mótum þar og skilaði það 5 Gull, 5 silfru og 4 brons. Keppendur frá SFK fóru á 3 50m prone (riffill grein) mót á árinu sem skilaði 2 gullum og einu silfri. Á erlendra grundu má segja að stærstu hlutirnir hafi gerst því Jón Þór Sigurðsson félagi í Skotíþróttafélagi Kópavogs átti gott skotár. Með glæsilegum evrópumeistara titli og góðum árangri í

öðrum greinum líka. Var hann tilnefndur sem íþróttamaður ársins. Yfirlit yfir árangur hans má sjá hér að neðan.

300m liggjandi riffill:

1. sæti á EM í Chateauroux Frakklandi 1. ágúst 2025. Skor: 599 og 45x, bætti eigið íslandsmet
3. sæti á HM í riffilskotfimi í Kaíró, Egyptalandi 17. nóvember 2025. Skor 597 og 36x.
5. sæti 300m Lapua European Cup Final í Zagreb Króatíu 5.október 2025 skor 597 og 32x
- 5.sæti 300m Lapua European Cup Aarhus í Danmörku 22. ágúst 2025 skor 595 og 38x
1. sæti 300m Lapua European Cup Chur í Swiss 16.mai 2025 skor 596 og 33x

50m liggjandi riffill:

25. sæti HM í Kaíró í Egyptalandi 14.nóvember 2025 skor 622,7

Loftskammbýssa:

1. sæti Smáþjóðaleikar Andorra 29.Mai 2025 skor 567 og 229,3 í final



Pílufélag Garðabæjar

Árið 2025 var fyrsta starfsár Pílufélags Garðabæjar. Félagið hefur aðsetur í íþróttamiðstöðinni Miðgarði í Garðabæ og strax í janúar hóf félagið að taka við skráningum. Strax á fyrstu opinberu æfingu félagsins kom það í ljós að aðstaðan var sprungin en yfir 30 manns mættu. PFG átti fastan tíma einu sinni í viku og mættu að jafnaði 15-20 manns á þau kvöld. Skráðir félagsmenn á fyrsta starfsári voru 35. Ungir drengir á aldrinum 17-19 ára voru duglegir að mæta og vorum við ákaflega ánægðir með að sjá hvað íþróttin hefur náð miklum vinsældum meðal ungmenna. Fyrsta starfsár félagsins var með ágætum og fór mestur kraftur í að fá inn fleiri félagsmenn og bæta aðstöðu félagsins en nú hefur félagið 10 spjöld en byrjaði með 4. Pílukast er íþrótt í stöðugri sókn og við erum stoltir af þessu nýjasta félagi Garðabæjar.



Stálúlfur

Aðalfundur félagsins fór fram laugardaginn 3 maí 2025 í Hafnarfirði.

Formaður félagsins er Algirdas Slapikas, aðrir stjórnarmenn eru Erikas Milleris, Vytautas Lipskas, Sergej Diatlovic, Marclenan Ubaldo, Radek Jasinski og Mindaugas Andrijauskas.

Á vegum félagsins árið 2025 keppti körfuboltalið í meistaraflokki karla sitt 16 tímabil. Einnig sendi Stál-úlfur fótboltalið til keppninnar í 40+ aldursflokki 10 ári í röð.

Körfuboltalið Stál-úlfs tók þátt í 3. deild karla. Æfingar liðsins fóru fram í Kársneskóla og Lindaskóla tvisvar í viku, en heimaleikir voru spilaðir í Fagrilundi.

Eldri flokkur Stál-úlfs í fótbolta tók þátt í Íslandsmóti 40+ deildarinnar og urðu Íslandsmeistarar í sinnu flokki 2. ári í röð. Æfingar liðsins fóru fram á útivelli við Kórnum á gervigrasi einu sinni í viku.

Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfbóðaliðastarfi.



Hvíti riddarinn

2025 var besta ár í sögu Hvíta Riddarans þar sem liðið sigraði 3. deild karla og mun því spila í 2. deild karla árið 2026 í fyrsta sinn.

Grunnurinn að árangri ársins var lagður snemma vors í æfingaferð liðsins til Colina Verde í Portúgal. Þar þjöppuðu menn sér saman bæði innan vallar og utan, og varð þar til liðsheild sem fylgdi liðinu í gegnum allt tímabilið.

Gengi í bikarkeppnum ársins var eilítið brösótt þar sem liðið féll úr leik í fyrstu umferð Fótvolta.net bikarsins og 2. umferð Mjólkurbikarsins en gengið í deildinni var á sama tíma það sterkt að það sat lítið í mönnum.

Liðið vann fyrstu 6 leikina í deild og röðuðu inn mörkum í flestum leikjum en þar má sem dæmi nefna 12-0 sigur gegn KF, 5-1 sigur gegn Árbæ, 5-0 sigur gegn ÍH og 4-1 sigur gegn Augnabliki, og er það langt frá því að vera tæmandi listi. Liðið endaði



tímabilið með langflest mörk skoruð, 72 talsins og fékk aðeins 33 mörk á sig.

Að lokum sótti liðið ólseigt stig á Grenivík í næst síðasta leiknum í stórskemmtilegum toppslag og dugði síðan stig á útivelli í loka-leiknum til að tryggja liðinu titilinn.

Að frábæru tímabili loknu voru Guðbjörn Smári, Birkir Örn, Hilmar Þór og Axel Ýmir valdir í lið ársins hjá fótolti.net og var Ásbjörn valinn þjálfari ársins.

Ótrúlegt tímabil að baki og eru menn strax orðnir ansi spenntir fyrir komandi tímabili í 2. deild.

Ekki bara lið heldur lífsstíll!



Karatefélag Garðabæjar

Aðalfundur var haldinn 13. maí 2025

Kristey Bjarnadóttir tók við af

Gísla J. Sigurðssyni sem formaður félagsins.

Ingibjörg Ósk Hákonardóttir hélt áfram sem gjaldkeri félagsins. Kosnir voru aukalega tveir stjórnarmeðlimir og tveir varamenn.

Helstu viðburðir ársins 2025

Litla félagið okkar heldur áfram að vaxa og styrkjast og áttum við farsælt keppnisár. Við áttum fulltrúa á öllum innanlandsmótum á vegum Karatesambands Íslands fyrir börn og unglinga. Á Grand Prix mótunum, sem eru 4 talsins hvert ár, áttum við 7-9 fulltrúa á verðlaunapalli á hverju móti fyrir sig. Á Íslandsmeistaramóti barna og unglinga áttum við 11 fulltrúa á palli og þar af voru tveir Íslandsmeistarar en það eru systurnar Karen og Maren Pálsdætur Miura. Þær unnu titilinn einnig árið áður og eru því tvöfaldir Íslandsmeistarar. Í lok hvers árs er svo haldin uppskeruhátíð KAÍ þar sem meðal annars eru veitt verðlaun fyrir stigahæstu keppendur úr Grand Prix mótunum samanlagt, en þau mót eru fyrir börn og unglinga frá 11 ára. Þar fengu eftirfarandi iðkendur viðurkenningar: Klara Líf Gísladóttir hlaut fyrsta sæti í flokki 11 ára stúlkna í bæði Kata og Kumite. Karen Pálsdóttir Miura hlaut



fyrsta sæti í flokki 12 ára stúlkna í Kata. Orri Steinn Bárðarson hlaut annað sæti í flokki 11 ára pilta bæði í Kata og Kumite. Guðmundur Frosti Hákonarson hlaut 3 sæti í flokki 12 ára pilta í Kata og Alexandra Björk Einarsdóttir hlaut 3 sæti í flokki 11 ára stúlkna í Kata. Við erum stolt af þessum flotta árangri hjá okkar litla félagi og höldum ótrauðið áfram.

Innan félagsins voru svo haldin tvö mót, eitt á vorönn og eitt á haustönn en þar að auki eru beltapróf haldin með reglulegu millibili.

Félagið er með aðstöðu í kjallaranum í Ásgarði sem við höfum nýtt vel og aðlagð að okkar þörfum eftir bestu getu. Draumurinn er þó að komast í stærri sal sem rýmir alla okkar iðkendur og við getum haldið bæði okkar beltapróf og innanfélagsmót á einum og sama staðnum. Hingað til höfum við fengið afnot af andyrinu í Ásgarði, sem er góð tímabundin lausn en ekki lausn til frambúðar. Í dag bjóðum við upp á æfingar alla virka daga fyrir iðkendur frá 6 ára aldri yfir vetrartímann en stefnt er á að bjóða einnig upp á sumarnámskeið part af sumri, þó er það enn sem komið er verk í vinnslu. Við teljum mikilvægt að til sé sem fjölbreyttust flóra íþróttarlífs svo að allir geti fundið íþrótt við sitt hæfi og teljum við okkar félag koma þar sterkt inn. Við erum stolt af okkar litla félagi og stefnum hátt.



Stjarnan

Á starfsárinu 2025 tóku ríflega 4.200 virkir iðkendur og yfir 550 þjálfarar og aðrir starfsmenn þátt í starfsemi félagsins, að ógleymdum þeim mikla fjölda sjálfbóðaliða sem situr í stjórnnum deilda, ráðum og nefndum, eða kemur að starfinu á annan hátt. Hjá

félaginu eru sem fyrr starfandi sjö deildir: fimleika-, handknattleiks-, knattspyrnu-, körfuknattleiks-, lyftinga-, sund- og almenningsíþróttadeild.

Þann 10. janúar sl. fékk Stjarnan viðurkenningu frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands að félagið og einstakar deildir þess



séu fyrirmyndarfélag ÍSí, það er mikilvægt fyrir félagið að fá slíka staðfestingu reglulega. Að vera fyrirmyndarfélag ÍSí þýðir að Stjarnan starfi eftir skýrum gæðaviðmiðum sem eiga að tryggja heilbriggt, faglegt og uppbyggilegt íþróttastarf, sérstaklega fyrir börn og ungmenni.

Í stuttu máli er fyrirmyndarfélag félag sem gerir hlutina rétt – bæði innan vallar og utan.

Almennt má segja að árið 2025 hafi verið gott fyrir Stjörnuna.

Í knattspyrnunni endaði meistaraflokkur karla í 3. sæti Bestu deildar karla og náði þessu mikilvæga Evrópusæti, meistaraflokkur kvenna byrjaði frekar illa en náði sér svo vel á strik og endaði í 4. sæti Bestu deildar kvenna. Heildarfjöldi iðkenda í knattspyrnudeild eru yfir 1200.

Í handboltanum fór meistaraflokkur karla fór alla leið í bikarúrslitin og spiluðu frábæran úrslitaleik við Fram sem tapaðist naumlega. Strákarnir tóku þátt í Evrópukeppni í haust og dattu út gegn rúmensku liði í vítakeppni. Meistaraflokkur kvenna átti effitt ár en hélt sér í efstu deild. Heildarfjöldi iðkenda í handknattspeiksdeild eru um 450.

Í körfuboltanum var stór stund á árinu. Meistaraflokkur karla varð Íslandsmeistari. Þá lauk glæsilegum ferli Hlyns Bæringssonar með þessum skemmtilega Íslandsmeistaratitli og vil ég þakka honum fyrir hans framlag til félagsins sem iðkanda, en treyja hans hefur verið hengd upp í Ásgarði við hliðina á treyju Justin Shouse. Stelpurnar náðu ekki að fylgja eftir frábærum árangri frá árinu áður en nú í haust hafa þær komið sterkar til leiks með enn fleirri stelpum úr yngri flokkum félagsins. Heildarfjöldi iðkenda í körfuknattspeik eru um 560.

Fimleikadeildin er næst stæðsta deildin á eftir knattspyrnudeildinni með u.þ.b. 750 iðkendur. Árangurinn þar var góður, við urðum Íslands- og bikarmeistarar í meistaraflokki kvenna, karla og blönduðum hópi. Stjarnan var auk þess fyrsta íslenska liðið að

vera með keppnislið karla, kvenna og blandað lið á Norðurlandamóti og þar náði meistaraflokkur kvenna þeim glæsilega árangri að verða í 2. sæti í heildarkeppninni og efstar í dansi. Fimleikadeildin er jafnframt með áhaldafimleika og gengur starfið vel þar.

Kraftlyftingafólkið okkar náði jafnframt góðum árangri á árinu eins og undanfarin ár. Deildin átti keppendur á öllum meistaramótum Kraftlyftingasambands Íslands og voru þau fjölmörg gullin sem komu þar í hús á innanlandsmótunum. Í deildinni er stöðugur vöxtur iðkenda og eru nú skráðir 171 í kraftlyftingadeildina.

Í sundinu erum við með yfir 100 iðkendur þar sem öll áhersla er á barna- og unglingastarfið.

Í almenningiþróttunum erum við með yfir 150 iðkendur og um 90 iðkendur í hlaupahópnum.

Stjarnan er ákaflega stolt af því mikilvæga hlutverki sem félagið gegnir í samfélaginu okkar í Garðabæ. Félagið er meðal stærstu þjónustuaðila í bæjarfélaginu og er hlutverk þess þrjú: • Barna- og unglingastarf • Afreksstarf • Almenningsíþróttir fyrir fullorðna. Í barna- og unglingastarfinu er hugsjónin fyrst og fremst að skila út í samfélagið sterkum einstaklingum sem læra í gegnum íþróttirnar að takast á við gleði og sorgir, sigra og töp, meðbyr og mótlæti. Ekki má heldur gleyma því mikla forvarnargildi sem þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur. Slík þátttaka, ásamt samvistum við forráðamenn og fjölskyldu, eru tveir stórir þættir sem hafa áhrif til góðs þegar litið er til áhættuhegðunar barna og ungmenna. Afar mikilvægt er að halda ótrauð áfram á braut forvarna og hlúa enn betur að því starfi sem unnið er á þessu sviði. Sérstaklega þarf að koma í veg fyrir brottfall á unglingsaldri.

Í afreksstarfi er Stjarnan í fremstu röð eins og fram hefur komið. Auk þeirrar sigurhefðar, skemmtanagildis, samstöðu og félagslegrar samveru sem afreksstarfið elur af sér er eitt af stóru hlutverkum afreksstarfsins að skapa fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur. Ómetanlegt er að eiga sterkar fyrirmyndir og óhætt er að fullyrða að í Stjörnunni eigum við fjöldann allan af slíkum sem við öll, börn og fullorðnin, getum stolt litið upp til. Samstaðan sem myndast í kringum afreksfólkið okkar á stóran þátt í að þjappa okkur saman og við finnum fyrir því að tilheyra stærri heild.

Skíni Stjarnan!

Fyrir hönd aðalstjórnar Stjörnunnar, Sigurður Guðmundsson, formaður



HK

Glæsilegur árangur og metnaðarfullt starf Árið 2025 var viðburðaríkt og eftirminnilegt fyrir HK. Fjölmargir sigrar unnust á árinu og einstaklega gaman var að sjá iðkendur blómstra, bæði innan sem utan vallar.



Mannauður HK er lykillinn að velgengni félagsins. Yfir 100 þjálfarar starfa í sex deildum HK, handknattleiks-, knattspyrnu-, blak-, bandý-, dans- og borðtennisdeild. Öflugir sjálfboðaliðar sem leggja sitt af mörkum vinna gríðarlega góða og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og erum við þeim ævinlega þakklát. Undir almenningiþrótt HK er starfræktur íþróttaskóli, hlaupahópur og rafíþróttadeild. Íþróttaskólinn er fyrir öll börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára, með markmiði um að efla hreyfi- og skynþroska barnanna. Skólinn er starfræktur í Kórnum og leggur áherslu á góða upplifun bæði barna og foreldra.

Hlaupahópur HK hélt árlegt Vatnsendahlaup með frábærri þátttöku og var halupið verðlaunað sem 3 besta utanvegahlaup ársins.

Afrekssvið Menntaskólans í Kópavogi (MK) og HK hafa verið í samstarfi síðan 2019 og er stór hópur nemenda að æfa hjá okkur í HK. Þar er metnaðarfullt íþróttafólk sem æfir við bestu aðstæður undir faglegri stjórn reyndra þjálfara. Við erum stolt af þessu samstarfsverkefni sem stækkar og stækkar með hverju árinu. Verkefnið "Virgni og vellíðan" hefur aukist í vinsældum, á síðasta ári sóttu hátt í 300 eldri borgarar æfingar í Kórnum. Hreyfing og heilsuefning skipta sköpum fyrir vellíðan eldri kynslóðarinnar og er gaman að fá eldri kynslóðina í Kórinn og sjá þau rækta líkama og sál í góðum félagsskap.

Mikil vinna fór fram hjá HK á árinu við umsókn um fyrirmyndarfélag ÍSí, sem samþykkt var við árslok. Framkvæmdsstjóri félagsins, Sandra Sigurðardóttir, sagði upp störfum á árinu og við starfinu tók Sveinbjörn Sveinbjörnsson. HK þakkar Söndru fyrir vel unnin störf.

Íþróttafólk HK 2025

- **Íþróttakona HK** – Ísabella Eva Aradóttir (knattspyrna)
- **Íþróttamaður HK** – Arnar Birkir Björnsson (blak)
- **Lið ársins** - U20 kvenna í blaki
- **HK-ingur ársins** (Gunnasabikarinn) – Kristín Jónsdóttir
- **Blakkona og blakmaður ársins** – Savannah Dean Marshall og Arnar Birkir Björnsson
- **Handknattleikskona og handknattleiksmaður ársins** – Danijela Sara Bokan Björnsdóttir og Sigurður Jefferson Guarino
- **Knattspyrnukona og knattspyrnumaður ársins** – Ísabella Eva Aradóttir og Þorsteinn Aron Antonsson
- **Borðtennismaður ársins** - Óskar Agnarsson
- **Bandýkona og bandýmaður ársins** – Bára Gunnarsdóttir og Matthías Rúnarsson
- **Hlaupakona og hlaupakarl ársins** - Anna Harðardóttir og Eyjólfur Alexandersson

Björt framtíð fyrir HK

Árangurs- og lærdómsríkt ár er að baki og lítur framtíðin svo sannarlega björt út hjá HK. Með metnaðarfullum þjálfurum, sterku íþróttafólki, öflugum sjálfbóðaliðum og traustum bak-hjörllum eru allir vegir færir. En það sýndi sig svo sannarlega og skilaði sér í góðum rekstri félagsins á árinu.



Krummar

Árið 2025 var ár áframhaldandi uppbyggingar. Þrátt fyrir áskoranir í aðstöðu náði félagið að

efla starfsemi sína, viðhalda áhuga iðkenda og styrkja stöðu keppnis BMX á Íslandi. Þessi skýrsla fjallar um helstu viðburði, árangur og stöðu félagsins á árinu.

1. Æfingar og þátttaka

Starfsemi félagsins var með góðu móti þrátt fyrir takmarkaða aðstöðu. Um 15 börn komu að prófa BMX æfingar yfir sumarið. Af þeim keyptu 8 iðkendur 10 skipta æfingakort og 4 þeirra bættu síðar við sig með viðbótarkorti.

Þessi þróun sýnir skýrt að áhugi er fyrir hendi og að starf félagsins nær að virkja þátttakendur og halda þeim áfram í íþróttinni. Á sama tíma bendir reynsla félagsins til þess að skortur á aðstöðu hafi bein áhrif á áframhaldandi þátttöku, þar sem margir iðkendur skila sér ekki aftur næsta sumar.

2. Félagsandi og uppbygging

Krummar BMX leggur ríka áherslu á jákvæða félagsmenningu og sterka samheldni innan hópsins. Þrátt fyrir að BMX sé einstaklingsíþrótt myndast öflugur félagsskapur þar sem iðkendur styðja hvert annað og vaxa saman.



Á árinu var unnið áfram með ímynd félagsins og var nýtt og glæsilegt Krummar merki hannað. Fyrirhugað er að nýta merkið enn frekar á komandi ári með því að merkja peysur, húfur og æfingafatnað, til að efla tilheyningu og sýnileika félagsins.

3. Þátttaka í alþjóðlegum mótum

Einn af hápunktum ársins var þátttaka Íslands í alþjóðlegum BMX mótum. Adrián Uni Þorgilsson, 9 ára iðkandi, fór í keppnisferð til Danmerkur í ágúst 2025. Adrián keppti í tveimur mótum, Norðurlandameistaramótinu í BMX, þar sem hann hafnaði í 6. sæti í úrslitum og Bjerringbro Open, þar sem hann náði 2. sæti. Íslenska fánanum var flaggað og skipuleggjendur voru hæstánægðir með þátttöku Íslands.

4. Áskoranir: Aðstaða

Eins og fyrri ár er skortur á keppnis BMX braut stærsta áskorun félagsins. Aðstaðan hefur bein áhrif á gæði æfinga, framfarir iðkenda og ekki síður á það hvort börn haldi áfram í íþróttinni milli ára.

Árangur Adrians sýnir skýrt að möguleikarnir eru til staðar, en án viðeigandi aðstöðu er erfiðt að byggja upp stöðuga og sjálfbæra starfsemi til lengri tíma.

Danir hafa sýnt mikinn vilja til samstarfs og buðu íslenskum iðkendum aðgang að aðstöðu sinni og jafnvel gistingu fyrir æfingaferðir. Þetta opnar mikilvæga möguleika fyrir þróun íslenskra BMX iðkenda til skemmri tíma.

5. Horfur fyrir árið 2026

Á heildina lítið var árið 2025 ár stöðugar þróunar, þar sem áhugi, hæfileikar og vilji til uppbyggingar eru augljósir þrátt fyrir krefjandi aðstæður.

Krummar BMX hefur nú, þriðja árið í röð, staðið fyrir æfingum og er orðið mikilvægt framlag til fjölbreytni í íþróttastarfi í Garðabæ, með þátttöku iðkenda víðsvegar af höfuðborgarsvæðinu.

Árið 2025 staðfestir að sterkur grunnur er til staðar fyrir áframhaldandi vöxt.

Á næsta ári verður lögð áhersla á að halda áfram að byggja upp æfingastarf og fjölga iðkendum, nýta alþjóðleg tengsl til að skapa æfingataekifæri erlendis, styrkja félagsanda og sýnileika með merktum búnaði, halda áfram vinnu við að tryggja fjármagn og aðstöðu fyrir fyrstu keppnis BMX brautina á Íslandi. Við þökkum öllum iðkendum, fjölskyldum og samstarfsaðilum fyrir þeirra framlag og stuðning. Stjórn Krumma BMX



Gróttu

Árið 2025 var viðburðarríkt ár hjá Gróttu. Árið byrjaði á að Jón Sigurðsson lét af störfum og Málfríður Sigurhansdóttir kom inn í félagið sem framkvæmdarstjóri og hefur gert mikið gott fyrir Gróttu.

Á árinu voru einnig ráðin inn íþróttastjóri og markaðsstjóri, en skrifstofan hafði verið falið um tíma.

Hjá Gróttu hafa alltaf verið þrjár deildir, knattspyrnudeild, handknattleiksdeild og fimleikadeild. Svo í fyrra var stofnuð sunddeild sem hefur verið afar vinsæl. Hjá knattspyrnudeildinni voru mörg gleðitiðindi, meistaraflokkur karla kom sér upp í Lengjudeildina eftir frábæra frammistöðu í sumar. Meistaraflokkur kvenna klárði sumarið með stæl og slóu stigametðið, það lenti í 4. sæti með jafn mörg stig og 3. Sætið. Ásamt því fóru bæði 2. og 3. flokkur

karla alla leið í bikarúrslit. Loks er mikil ánægja með löngu tíma-
bæra endurnýjun á gervigrasi Vivaldi-vallarins.

Hjá handknattsdeildinni átti meistaraflokkur kvenna hörku tíma-
bil og komust í final 4 í bikarkeppni, en náðu þó ekki að halda
sínu sæti í deild þeirra bestu. Meistaraflokkur karla fórul í umspili
um sæti í Olísdeildinni, en eftir frábæra frammistöðu sem dugði
ekki til dattu þeir niður í 1. Deild. 3. Flokkur karla náði þeim merka
árangri að verða bikarmeistarar og hlutu silfur á Íslandsmeistara-
mótinu. Deildin heldur áfram að vaxa og dafna, og iðkendafjöldi
eykst jafnt og þétt.

Hjá fimleikadeild Gróttu var gott ár, árlega Ofurhetjumótið fór frá-
bærlega og er alltaf mikil skemmtun fyrir krakkana. Í áhald og
hópfimleikum vann lið Gróttu bikarmeistaratitil í 3. þrepi A-deildar
í áhaldafimleikum. Hún Valgerður Thoroddsen hlaut verðskuld-
uð verðlaun sem leiðtogi ársins 2025 á árlegu uppskeruhátíð
Fimleikasambands Íslands. Deildin er sú fjölmennasta í Gróttu
og margir aðilar utan Seltjarnarness sem koma að henni, sem er
kærkomið fyrir "lítið" bæjarfélag.



Afturelding

Aðalfundur Aftureldingar fór fram 30. apríl 2025.

Aðalstjórn félagsins 2025 – 2026:

Ásgeir Jónsson, formaður (kjörinn á aðalfundi),
Hrafn Ingvarsson, varaformaður, Hildur Björg
Bæringsdóttir, gjaldkeri, Geirarður Þórir Long,
ritari, Aðalheiður Helgadóttir, meðstjórnandi,
Sonja Ósk Gunnarsdóttir, meðstjórnandi, Niels
Reynisson, meðstjórnandi

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2025:

Árið 2025 einkenndist af uppbyggingu á innviðum félagsins

og aðstöðu. Núverandi aðalstjórn og skrifstofa héldu áfram að
byggja upp og straumlínulaga stafræna innviði félagsins til að
efla þjónustu við deildir og sjálfbóðaliða. Sameiginleg gagna-
svæði voru tekin í notkun, bókhald, áætlanagerð og reikninga-
skil einfölduð og samtöl og samvinna milli skrifstofu og deilda
styrkt enn frekar. Lög félagsins og reglugerðir voru tekin til gagn-
gerðar endurskoðunar og þróun á samspili og samvinnu við
Mosfellsbæ um frístundarútu og æfingatöflu félagsins, með það
að markmiði að efla þjónustu við iðkendur hélt áfram.

Þá hélt aðstöðuuppbygging áfram á árinu 2025. Nýtt gervigras
á „gamla“ Varmárvelli var tekið í notkun og heldur uppbygging
á framtíðar aðalvelli áfram þar á komandi árum. Á árinu 2026
verður tekin í gagnið þar ný frjálsíþróttastaða. Vegleg stúku-
bygging er á framkvæmdaráætlun á komandi árum og verður
hún lokahníkkurinn á endurnýjuðum Varmárvelli. Framkvæmdir
á nýrri félagsaðstöðu inni í íþróttahúsinu hófust og munu þeim
ljúka á vormánuðum 2026. Þá var lagt kapp á að gera merki og
liti Aftureldingar sjáanlegri á öllu svæðinu. Einnig var mikil upp-
bygging á bráðabirgðaraðstöðu knattspyrnudeildar á „nýja“ vell-
inum þar sem karla lið félagsins keppti í fyrsta sinn í efstu deild.
Var öflug umgjörð og stemmning á vellinum umtöluð. Áfram-
haldandi þróunarvinna í kringum þjónustubyggingu að Varmá
hélt áfram en sú framkvæmd hefur tafist árum saman. Útlit er
fyrir að hreyfing komist loks á þá framkvæmd 2026 sem verður
gríðarlegt framfaraskref fyrir félagið allt.

Áfram hélt íþróttafólk Aftureldingar að ná frábærum árangri.
Rúmlega 40 iðkendur hlutu viðurkenningu fyrir þátttöku í lands-
liðsverkefnum í sínum greinum og rúmlega 20 iðkendur í við-
bót fyrir þátttöku í hæfileikamótun sársambanda. Einar Baldvin
Baldvinsson, handknattleiksmaður, og Rut Ragnarsdóttir, blak-
kona, voru kjörin íþróttafólk Aftureldingar.

Á starfsárinu 2025 tóku tæplega 3.800 virkir iðkendur (iðkanir) á
öllum aldri þátt í starfi félagsins, og yfir 200 þjálfar. Að ógleymd-
um öllum okkar frábæru sjálfbóðaliðum sem vinna ómetanlegt
starf alla daga innan deilda félagsins.

Yngri flokka starfið hélt áfram að dafna, en samtals voru virkir
iðkendur innan 11 deilda á aldrinu 4 – 18 ára, 2.548 á árinu.
Knattspyrnudeildin er stærst deilda með um 32% iðkenda, þá
kemur fimleikadeildin með 31% og handknattleiksdeildin með
13%. Aðrar deildir eru fámennari.

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar

Árið var viðburðaríkt hjá Kraft Mos árið 2025. Við áttum kepp-
endur í frestu röð bæði í Olympískum og Kraftlyftingum. Guðný
Björk Stefánsdóttir átti frábært ár, Íslandsmeistari í 76 kg flokki,
Íslandsmet í Jafnhöttun og samanlögðu á Íslandsmótinu Sigur-



vegari á Smáþjóðaleikunum. 13 sæti á EM í Noreigi. Annað sæti
á NM og önnur stigahæst. 21 sæti á HM.

Helgi Kristberg varð Íslandsmeistari unglínga í Kraftlyftingum
með Íslandsmet í réttstöðulyftu, Bikarmeistari og 4 á NM í Kraft-
lyftingum. Guðrún Ásgeirsdóttir var Norðurlandameistari í ungl-
ínga í kraftlyftingum með Íslandsmet í bekkpressu og réttstöðu-
lyftu.. í dag erum við með 3 landsliðsmenn.

sem gæti fjölgað á þessu ári. Erum að vinna í að fá nýtt húsnæði
til að bæta aðstöðu. Kraft mos hélt Íslandsmótið í Olympískum
Lyftingum á árinu þar sem Eygló Fanndal sló í gegn, einnig stóð-
um við fyrir fjölda byrjendanámskeiðum og sér námskeiðum
fyrir konur í Olympískum lyftingum.



KFG

KFG sendi lið í meistaraflokki karla í bæði Knatt-
spyrnu og Körfuknattleik á árinu 2025.

Í Knattspyrnu keppti lið KFG í öllum mótum á veg-
um KSÍ: 2. deild karla, mjólkurbíkar karla, lengjubíkar
og fotbolti.net bikarum. Gengi félagsins var upp

og ofan enda verkefnið krefjandi fyrir þá ungu leikmenn sem spila
að jafnaði fyrir KFG. Niðurstaðan var 10 sæti í 2. deild sem var þó
afrek fyrir sig, því KFG var án alls vafa besta svokallaða venslalið
landsins, enda eina venslaliðið sem spilaði í efstu 3 deildum KSÍ
á árinu 2025. Frá stofnun hefur félagið verið í nánú sambandi við
Stjórnuna enda tilgangur félagsins að veita ungum og upprenn-
andi iðkendum vettvang til að þroskast og þróa sinn leik við eins
góðar aðstæður og mögulegt er. Í lok árs varð breyting á þjálfara-
teymi liðsins, þar sem Veigar Páll Gunnarsson og Andrés Már
Logason ákváðu að láta gott heita eftir 2 góð ár við stjórnvölinn.
Við keflinu tóku þeir Brynjar Kristmundsson og Olgeir Sigurgeir-
son en þeir eru samhlíða þjálfun KFG að þjálfva yngri flokka hjá



Stjörnunni. Það styrkir enn frekar samstarf félaganna og framþróun ungra leikmanna innan garðabæjar.

Í körfuknattleik lék lið KFG í bæði 1 og 2 deild á árinu 2025. Seinni helmingur tímabilsins 24/25 kláraðist að vori og var það því miður hlutskipti liðsins að falla í 2.deild. Það þótti merkilegt afrek hjá leikmönnum liðsins að vinna sér sæti í 1.deild tímabilið á undan og því hægt að líta á veru liðsins í 1.deild sem þroskandi verkefni fyrir alla ungu leikmenn félagsins. Uppistaða körfuknattleikliðsins er líkt og fótboltinn að mestu leikmenn unglingaliðs stjörnunnar og því mikilvægur vettvangur fyrir þá að spila gegn jafn sterkum liðum og 1.deild býður uppá. Á yfirstandandi keppnistímabili hefur gengi liðsins í 2.deild verið stórkostlegt þar sem liðið hefur unnið alla 13 leiki sína og stefnir hraðbyri upp um deild aftur. Það verður spennandi að fylgjast með öllum þeim ungu leikmönnum sem koma upp í gegnum yngri flokka starf stjörnunnar og svo meistaraflokk KFG í framtíðinni enda fjöldi leikmanna sem hafa tekið miklum framförum síðustu tímabil undir stjórn Inga Þórs þjálfara liðsins.

KFG mun halda ótrautt áfram að veita ungum iðkendum tækifæri að spila meistaraflokksbolta við góðar aðstæður og stuðla þannig að áframhaldandi viðveru þeirra innan íþróttahreyfingarinnar ásamt því að veita leikmönnum tækifæri á að bæta leik sinn enn frekar fyrir það sem framtíðin ber í skauti sér.

Sindri Rósenkranz
Formaður KFG



Hestamannafélagið Sprettur

Árið 2025 einkenndist af samstöðu, gleði og metnaði. Líf og fjör einkenndu veturinn í Samskipahöllinni sem og í

Hattarvallahöllinni. Mikið af námskeiðum voru í boði fyrir félagsmenn og kappkostað var við að hafa úrvalið sem breiðast fyrir



sem flesta áhugasama félagsmenn. Á sínum stað voru Vetrarleikar, Dymbilvikusýning, Allra sterkustu, Kvennatölt, Karlatölt, Blue Lagoon deildin, 1. Deildin og Áhugamannadeildin í Samskipahöllinni sem hleypti lífi í svæðið og í veislusalnum var gjarnan hægt að kaupa sér mat og sitja með skemmtilegu hestafólki og spjalla. Með vorinu kom glæsilegt íþróttamót og kynbótasýningar ásamt gæðingakeppni. Metamótið var síðan haldið með glæsibrag í lok sumars. Sprettarar voru einnig áberandi á Íslandsmóti barna og unglinga og var fjöldi knapa sem tóku þátt. Á mótinu urðu Sprettarnir Kristín Rut Jónsdóttir fjórfaldur Íslandsmeistari í barnaflokki og Elva Rún Jónsdóttir Íslandsmeistari í tölti unglinga. Mótanefnd Sprettis hefur verið endurvakin til að vinna að enn skýrara skipulag mótahalds í Spretti.

Æskulýðsstarfið var öflugt eins og ýmsir viðburðir haldnir svo sem uppskeruhátíð yngra flokka, þrautabrautar og leikjadagur, heimsókn á Kvisti og hápunktur margra ungar Sprettara var svo ferð til Svíþjóðar á hestasýninguna Sweden International Horse Show í nóvember.

Uppskeruhátíð bæði keppnisknapa og hrossaræktarinnar var á haustmánuðum, þar sem kynbótahross, ræktendur og knappar voru heiðraðir fyrir árangur sinn á árinu, samhliða því sem áhugamannadeildarnefndin og reiðveganefndin voru heiðruð fyrir framúrskarandi starf á árinu.

Skötuveislan á Þorláksmessu heppnaðist vel þar sem söngur, hlátur og góð stemning var í veislusalnum og þangað mættu yfir 200 manns til að gæða sér á ljúffengri skötu í góðra vina hópi.

Síðasta árið hefur núverandi stjórn rekið félagið án framkvæmdastjóra. Stjórnarmenn og starfsfólk hafa lagt mikið á sig til að ná rekstrinum í gott horf svo hægt sé að horfa til uppbyggingar til framtíðar. Vel hefur tekist, félagið orðið skuldlaust, árlegar vaxtagreiðslur á bilinu 5-6 milljónir eru því ekki lengur þung byrði og ljóst er að rekstur Sprettis getur verið sjálfbær og heilbrigður ef vel er haldið utan um fjármálin.

Spennandi tímar eru framundan.





Ársreikningur UMSK 2025

Ársskýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur Ungmennasambands Kjalarnespings er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og með hliðstæðum hætti og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur á árinu kr. 201.979.442. Afkoma ársins var jákvæð um kr. 4.989.244 sem stjórnin leggur til að yfirfærast til næsta árs.

Ungmennasamband Kjalarnespings greiðir ekki stjórnarlaun. Stjórn félagsins leggur til að með hagnað og breytingar á eiginfjárreikningum verði farið eins og fram kemur í skýringum ársreiknings.

Eigið fé félagsins í árslok 2025 nam kr. 41.883.431 auk eigin fjár sjóða kr. 48.484.285 samtals kr. 90.367.716.

Stjórn Ungmennasambands Kjalarnespings staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun.

Reykjavík, 10. mars 2026

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Tekjur	sl 1	201.979.442	184.188.965
		<u>201.979.442</u>	<u>184.188.965</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	sl 2	13.209.468	14.861.042
Rekstur skrifstofu	sl 3	2.646.039	2.885.869
Lottó úthlutað aðildarfélögum		152.010.157	133.510.063
Lottó úthlutað í afrekssjóð	7	13.469.255	11.830.005
Verkefna-, fræðslu- og þjálfarasjóður	8	5.000.000	7.000.000
Verkefni og viðburðir	sl4	2.849.238	1.701.553
Annar kostnaður	sl 5	3.157.456	3.651.297
		<u>192.341.613</u>	<u>175.439.829</u>
<i>Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</i>		9.637.829	8.749.136
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		7.172.520	7.956.633
Greiddar vaxtatekjur til Afrekssjóðs		(1.800.000)	(1.800.000)
Gengismunur		333	13.983
Vaxtagjöld, fjármagnstekjuskattur og þjónustugjöld		(21.438)	(908.221)
Aukagreiðsla til aðildarfélaga		(10.000.000)	(10.000.000)
		<u>(4.648.585)</u>	<u>(4.737.605)</u>
Afkoma ársins		<u>4.989.244</u>	<u>4.011.531</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir

	Skýr.	2025	2024
Fastaffjármunir			
Veltuffjármunir			
Skammtímakröfur	sl 7	10.940.469	11.787.109
Bankainnstæður	sl 6	100.031.125	95.892.727
<i>Veltuffjármunir</i>		<u>110.971.594</u>	<u>107.679.836</u>
Eignir		<u><u>110.971.594</u></u>	<u><u>107.679.836</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Flutt frá fyrra ári	6	36.894.187	32.882.656
Afkoma ársins	6	4.989.244	4.011.531
Eigið fé sjóða	6,7,8	48.484.285	47.459.928
<i>Eigið fé</i>		<u>90.367.716</u>	<u>84.354.115</u>

Skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir.....	sl 8	26.585	2.414.500
Ógreitt til aðildarfélaga.....		19.487.636	19.505.063
Laun og launatengd gjöld.....		1.089.657	1.406.158
<i>Skammtímaskuldir</i>		<u>20.603.878</u>	<u>23.325.721</u>
<i>Skuldir</i>		<u>20.603.878</u>	<u>23.325.721</u>

Eigið fé og skuldir		<u><u>110.971.594</u></u>	<u><u>107.679.836</u></u>
----------------------------	--	---------------------------	---------------------------

Skýringar

1. *Starfsemi*

Ungmennasamband Kjalarnesþings er héraðssamband innan Íþróttta- og ólympíusambands Íslands og starfar skv. lögum Ungmennasambands Kjalarnesþings samþykktum 8. febrúar 2001.

2. *Reikningsskilaaðferðir*

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum með hliðstæðum hætti og árið áður.

Áunnið ótekið orlof fastra starfsmanna er reiknað og fært í ársreikninginn.

3. *Launamál*

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun og launatengd gjöld	13.209.468	14.861.042
	<u>13.209.468</u>	<u>14.861.042</u>
Meðalfjöldi starfa	1,0	1,0

4. *Varanlegir rekstrarfjármunir*

5. *Skattamál*

Ungmennasamband Kjalarnesþings er ekki skattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt.

6. *Eigið fé*

Yfirlit eiginfjárreikninga:

	<i>Óráðstafað eigið fé</i>
Flutt frá fyrra ári	36.894.187
Afkoma ársins	<u>4.989.244</u>
	<u>41.883.431</u>
<i>Eigið fé sjóða:</i>	
Verkefna- og viðburðasjóður	15.906.026
Vef- og kynningasjóður	2.991.150
Verkefna- fræðslu- og þjálfarasjóður	2.952.221
Afreksmannasjóður	<u>26.634.888</u>
	<u>48.484.285</u>
	<u>90.367.716</u>

Skýringar

7. *Afreksmannasjóður*

Flutt frá fyrra ári	25.425.633
Lagt í Afreksmannasjóð 2025	13.469.255
Reiknaðir vextir Afreksmannasjóðs	1.800.000
Úthlutað úr Afreksmannasjóði 2025	(14.060.000)
	<u>26.634.888</u>

8. *Verkefna-, fræðslu- og þjálfarasjóður*

Flutt frá fyrra ári	3.137.119
Lagt í Verkefna- og fræðslusjóð 2025	5.000.000
Úthlutað úr Verkefna- og fræðslusjóði 2025	(5.184.898)
	<u>2.952.221</u>

Sundurliðanir

	2025	2024
1. Tekjur		
Íslenskar getraunir	4.543.616	4.290.236
Lottó ÍSÍ	108.086.075	85.391.265
Lottó UMFÍ	55.428.933	64.648.441
Aukaúthlutun ÍSÍ og UMFÍ	28.902.911	18.960.374
Skattar aðildarfélaganna	3.680.850	3.212.200
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	0	6.687.462
Aðrir styrkir og tekjur	1.337.057	998.987
	<u>201.979.442</u>	<u>184.188.965</u>
2. Laun og launatengd gjöld		
Laun og launatengd gjöld	11.534.033	13.356.332
Áunnið orlof	65.055	64.710
Dagpeningar og ökutækjastyrkir	1.610.380	1.440.000
	<u>13.209.468</u>	<u>14.861.042</u>
3. Rekstur skrifstofu		
Áhöld og búnaður	51.840	303.983
Bókhald, reikningagerð	558.558	429.660
Húsaleiga	1.141.836	1.079.100
Húsnæðiskostnaður annar	0	2.350
Ritföng, pappír, prentun	65.975	36.051
Símakostnaður, internet	325.478	323.622
Tölvukostnaður (tæki, kerfi, leyfi)	502.352	711.103
	<u>2.646.039</u>	<u>2.885.869</u>
4. Verkefni og viðburðir		
Verkefni og viðburðir	1.250.190	619.200
Þing og sérráð	1.599.048	1.082.353
	<u>2.849.238</u>	<u>1.701.553</u>

Sundurliðanir

5. Annar kostnaður

Aðkeypt þjónusta	0	24.600
Ferðakostnaður	281.523	145.887
Framlög, styrkir og gjafir	1.483.762	1.184.766
Kostnaður vegna geymsluhúsnæðis	580.000	405.000
Kostnaður vegna mótahalds	55.168	528.071
Leikjakerra	0	62.577
Tryggingar	14.620	16.848
Veitingar, fundakostnaður	280.689	718.694
Stjórnunarkostnaður	461.694	564.854
	<u>3.157.456</u>	<u>3.651.297</u>

6. Bankainnstæður

Íslandsbanki Veltureikningur fyrirtækja (8080)	474.294	533.536
Íslandsbanki Vaxtasproti fyrirtækja (300034)	27.831.467	24.119.125
Íslandsbanki Vaxtasproti - Afrekssjóður (407716)	1.093.994	985.609
Íslandsbanki Sérkjör (310)	70.616.292	70.239.914
Íslandsbanki Evrureikningur (711221)	15.078	14.543
	<u>100.031.125</u>	<u>95.892.727</u>

7. Skammtímafröfur

UMFÍ	3.718.008	3.863.951
ÍSÍ	7.222.461	7.923.158
	<u>10.940.469</u>	<u>11.787.109</u>

8. Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreiddur kostnaður	26.585	2.414.500
	<u>26.585</u>	<u>2.414.500</u>



Börnin okkar eru ótrúleg í íþróttum

**ÞESS VEGNA STYÐJUM
VIÐ ÞAU ÖLL!**



LEIKURINN OKKAR